



4ra ára afmæli videóleigunnar
Spólan á 300 kr. í maí



HAMRABORG - HAFNARSTRÆTI 7 - SÍMI 456 3166

ÓRÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarinn besti

ISSN 1670 - 021X

Fimmtudagur 23. maí 2002 • 21. tbl. • 19. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Vefang: www.bb.is • Netfang: bb@bb.is • Verð kr. 200 m/vsk

Skoðanakönnun BB vegna sveitarstjórnarkosninganna í Ísafjarðarbæ

Sjálfstæðisflokkurinn fengi hreinan meirihluta

– en mikil óvissa vegna þess að innan við helmingur aðspurðra tók afstöðu

Ef marka má skoðanakönnun Bæjarinn besta halda núverandi meirihlutaflakkar í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar fylgi sínu í kosningunum á laugardaginn og gott betur. Sjálfstæðisflokkurinn fengi fimm menn eða hreinan meirihluta (hefur nú fjóra) en Framsóknarflokkurinn þrjá (hefur nú einn). Samfylkingin fengi einn mann en aðrir listar engan.

Meira en helmingur þeirra sem spurðir voru kvaðst óákveðinn eða neitaði að svara. Könnunin var gerð miðvikudaginn 15. maí. Hringt var af handahófi eftir símanúmeralista í Ísafjarðarbæ og fengin svör frá 300 manns eða 10,7%

af þeim fjölda sem er á kjörskrá. Þeir sem urðu fyrir svörum voru spurðir hvaða lista þeir ætluðu að kjósa. Þeir sem sögðust vera óákveðnir voru 42,7%. Þeir sem neituðu að svara voru 15,3%. Hjá þeim sem afstöðu tóku voru hlutföllin milli framboðslista eftirfarandi:

A-listi	5,6%
B-listi	23,9%
D-listi	45,2%
F-listi	5,6%
S-listi	13,5%
U-listi	6,4%

Samkvæmt þessum hlutföllum er þriðji maður Framsóknarflokks síðastur inn en næstur inn væri sjötti maður

Sjálfstæðisflokks. Taka ber þessa könnun með mjög miklum fyrirvara vegna hins mikla fjölda þeirra sem voru óákveðnir og neituðu að svara.

Við síðustu kosningar voru þrjár listar í framboði í Ísafjarðarbæ, B-listi Framsóknarflokks, D-listi Sjálfstæðisflokks og K-listi Bæjarmálefélags Ísafjarðarbæjar. Þá fékk B-listi 379 atkvæði og einn mann kjörinn, D-listi fékk 936 atkvæði og fjóra menn og K-listi 858 atkvæði og fjóra menn. Að loknum kosningum mynduðu B-listi og D-listi saman meirihluta og hefur það samstarf haldist allt kjörtímabilið.

Fyrir fjórum árum voru



Nýja bæjarstjórnin í Ísafjarðarbæ?

2.866 á kjörskrá í Ísafjarðarbæ en eru nú 2.801. Þá voru gild atkvæði 2.173 eða 75,8% af þeim fjölda sem var á kjörskrá. Miðað við sama hlutfall gildra atkvæða í kosningunum núna á laugardaginn yrði kjölfylgi listanna samkvæmt

könnun Bæjarinn besta þannig:

A-listi	118 atkvæði
B-listi	507 atkvæði
D-listi	961 atkvæði
F-listi	118 atkvæði
S-listi	287 atkvæði
U-listi	135 atkvæði

Í leitinni að nýjum sóknarfærum megum við hvergi slaka á

– sjá viðtal við Halldór Halldórsson, oddvita D-lista Sjálfstæðisflokks í Ísafjarðarbæ á bls. 6 og 7.

„Í pólitík er það innihaldið sem skiptir máli, ekki umbúðirnar“

– sjá viðtal við Lilju Rafneyju Magnúsdóttur, oddvita U-lista Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs í Ísafjarðarbæ á bls. 16 og 17.

SAMKAUP!

OPIÐ:

Virka daga kl. 09 - 21

Laugardaga kl. 10 - 21

Sunnudaga kl. 12 - 21

Verið velkomin!

SAMKAUP!

AUSTURVEGI 2
SÍMI 456 5460

Skip og bíll

Heildarlausn í flutningum

EIMSKIP **Flytjandi**

www.eimskip.is • Sími 456 5500 www.flytjandi.is • Sími 456 5100



Ísafjarðarbær

Kjörskrá
lögð fram

Kjörskrá vegna bæjarstjórnarkosninga í Ísafjarðarbæ 25. maí 2002 var lögð fram á bæjarskrifstofum Ísafjarðarbæjar í Stjórnsýsluhúsinu að Hafnarstræti 1 í síðustu viku. Þar verður hún almenningi til sýnis frá kl. 10:00 til kl. 15:00 hvern virkan dag til kjördags.

Kjósendur eru hvattir til þess að kynna sér hvort nöfn þeirra eru á kjörskránni en unnt er að skila athugasemdum fram á kjördag og sveitarstjórn heimilt að gera breytingar á kjörskránni fram á kjördag. Sveitarstjórnin skal þegar tilkynna þeim er málið varðar um breytingar á kjörskránni strax og slík ákvörðun liggur fyrir.

Ísafjarðarbær

Sunnukórinn fær styrk

Ísafjarðarbær hefur ákveðið að styrkja Sunnukórinn um 250 þúsund krónur vegna væntanlegar söngferðar til Kanada í júní. Þetta var ákveðið á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar í síðustu viku.

Í söngferðina munu fara félagar Sunnukórsins og makar þeirra, en henni er ætlað að heiðra minningu Ragnars H. Ragnar og konu hans Sigríðar og mun kórinn í því skyni syngja á þeim stöðum sem hjónin bjuggu og störfuðu áður en þau fluttust til Ísafjarðar.

Þetta er annar styrkurinn sem Sunnukórinn fær frá Ísafjarðarbæ á skömmum tíma, því nýlega fékk Sunnukórinn í sinn hlut styrk að andvirði kr. 250.000 frá menningarnefnd Ísafjarðarbæjar.

Ísafjarðarbær sýknaður af kröfu fyrrverandi húseiganda í Hnífsdal

Ísafjarðarbær var á föstudag sýknaður af kröfu fyrrverandi eiganda húseignar sem stóð á snjóflóðahættusvæði við Smárateig í Hnífsdal. Krafðist maðurinn rúmlega 6 milljóna króna vegna vanmats á verðgildi húseignarinnar sem Ísafjarðarbær keypti árið 1998. Í kaupsamningi sem gerður var síðla árs 1996 áskildi húseigandi sér rétt til að fá ákvörðun um kaupverð endurskoðað, en

metið verðmæti eignarinnar var um 6 milljónum króna undir brunabótamati. Vísaði húseigandinn fyrrverandi til jafnræðisreglu 65. gr. stjórnarskrár, meginreglna laga og eðlis máls.

Í niðurstöðu dómsins segir að við greiðslu úr Ofanflóðasjóði skyldi miða við staðgreiðslumarkaðsverð sambærilegra húseigna í sveitarfélaginu, en heimilt sé að miða

greiðslu við brunabótamat „að þeim tveimur skilyrðum uppfylltum að seljandi ætti ekki kost á sambærilegri húseign til kaups í sveitarfélaginu og byggði þar nýja húseign til íbúðar fyrir sig og fjölskyldu sína“, eins og segir í dómnum.

Í dómnum segir einnig: „Stefndi hefur lagt fram ljósrit úr Vestfirski fréttablaðinu og Bæjarins besta frá árinu 1995, þar sem fasteignasalar hér á

Ísafirði auglýsa fasteignir til sölu. Gegn þeim vísbendingum, sem felast í þessum auglýsingum um að kostur hafi verið á svipuðum eignum til kaups á þessum tíma, þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á að hann hafi ekki átt kost á því að festa kaup á svipaðri eign í sveitarfélaginu. [...] Til þess verður hins vegar að líta að stefnda var ekki skylt að lögum að taka þann kost að

kaupa eignina, eða taka hana eignarnámi, ef hann vildi heldur reisa varnarvirki til að tryggja öryggi íbúa. Verður kaupum hans á fasteign stefnanda ekki jafnað til þess að stefnandi hafi verið skyldaður til að láta hana af hendi“.

Eftir atvikum þótti rétt að málskostnaður yrði látinn niður falla. Dóminn hvað upp Erlingur Sigtryggsson, héraðsdómari.

Fiskvinnslufyrirtækið Kambur ehf. á Flateyri

Fær afhenta nýja snyrtilínu

3X-Stál á Ísafirði afhenti á þriðjudag nýja snyrtilínu til Kambur ehf. á Flateyri, en samningur þess efnis var undirritaður á sjávarútvegssýningunni í Brussel í apríl.

„Þessi nýja snyrtilína er af rakstur samvinnuverkefnis milli Kambur og 3X-Stál og hafa starfsmenn beggja fyrirtækjanna unnið í náinni samvinnu við þróun hennar. Þetta samstarf er enn eitt dæmið um samvinnu milli tveggja vestfirskra fyrirtækja og undirstríkar mikilvægi þess fyrir 3X-Stál að hafa sterk og framsækin sjávarútvegsfyrirtæki á Vestfjörðum og innan þeirra hæfa og metnaðarfulla stjórnendur“, segir í tilkynningu frá 3X-Stáli.

Þar segir einnig: „Nýja snyrtilínan frá 3X-Stáli er sú fyrsta sinnar tegundar frá fyrirtækinu og markar tímamót í vöruframboði þess. Fyrirtækið er nú betur í stakk búíð til að vera sterkt mótvægi við aðra vélbúnaðarframleiðendur, bæði hér heima og erlendis, og er með þessum vöruflökki að færa sig nær heildarlausn-



Frá afhendingu snyrtilínunnar. F.v. Ingibjörg Kristjánsdóttir yfirverkstjóri hjá Kambi, Jón Páll Hreinsson, markaðsstjóri hjá 3X-Stáli og Sigurður Þórisson, verkstjóri hjá Kambi.

um fyrir bolfiskvinnslur.“

Með nýju snyrtilínunni afhenti 3X-Stál nýtt hugbúnaðarkerfi. „Kerfið byggir á nýrri vogarlausn sem þróuð hefur verið innan 3X-Stáls og gerir fyrirtækinu mögulegt að bjóða allar vogarlausnir inn í sjávarútvegsfyrirtæki. Nýja hugbúnaðar- og upplýsinga-

kerfið heldur utan um allar upplýsingar frá snyrtilínunni á mjög fullkominn hátt. Öll forritunarvinna og þróun þess kerfis var unnin innan 3X-Stáls og markar hún, eins og áður sagði, tímamót í vöruþróun innan fyrirtækisins“, segir í tilkynningunni.

„Kambur ehf. og 3X-Stál

hafa um árabíl átt gott samstarf um vélvæðingu vinnsluhluta fyrirtækisins. Má þar nefna að Kambur fjárfesti í glesseringslínu, ísskiljum, karalausn í móttöku, karahvolfurum í vinnslusal og karalausn með pökkunaraðstöðu í saltfiskvinnslu fyrirtækisins,“ segir í frétt frá 3X.



Ísafjörður

Tvö tilboð í viðgerðir á Hlíflingur

Tvö tilboð bárust í utan-húsviðgerðir á fjöleignarhúsinu Hlíflingur á Torfnesi.

Tilboð verktakafyrirtækisins Eiríks og Einars Vals hljómaði upp á 22,5 milljónir, en tilboð Múrkrafts ehf. var rúmlega einni milljón lægra. Kostnaðaráætlun hljómaði upp á 20.580.000 krónur og eru bæði tilboðin yfir þeirri áætlun.

Verkið skal unnið í tveimur áföngum á þessu ári og því næsta. Í fyrri áfanga er gert ráð fyrir steypuviðgerðum, lagfæringum á þaki og fleiru, en ári síðar skal húsið allt málað.

Vor í lofti

Eflaust finnst mörgum niðurstöður skoðanakönnunar Bæjarins besta, sem birtist í blaðinu í dag, á fylgi framboða í Bolungarvík og Ísafjarðarbæ í kosningunum á laugardaginn boða „betri tíð með blóm í haga og sæta langa sumar-daga“ þótt hitt sé jafn víst að það leika ekki allir við „hvorn sinn fingur“ yfir þessari niðurstöðu eins og kýrnar í hinu bráðskemmtilega kvæði Nóbelskáldsins.

Þótt draga megi ýmsar ályktanir af skoðanakönnuninni í Ísafjarðarbæ og velta þeim tölum sem fyrir liggja á alla kanta er ljóst að mikil óvissa ríkir um kosningarnar þar sem nær 43 prósent aðspurðra voru óákveðnir og líðlega fimmtán af hundruði neituðu svara. Slík staða hefur ekki komið upp áður í skoðanakönnunum blaðsins. Þá gengur þetta þvert á spurningu blaðsins fyrir nokkru þar sem um 63% svarenda kváðust búnir að gera upp hug sinn. Við þá niðurstöðu verður þó að setja þann fyrirvara að það er engan veginn gefið að svarendur þeirrar spurningar séu á kjörskrá í Ísafjarðarbæ. Lesendur blaðsins og gestir á heimasíðunni eru úti um allar trissur, héraðs erlendis sem erlendis. Hvað sem öllu þessu líður eru „ef-in“ mörg og stór, sem engin svör fást við fyrir en talið hefur verið upp úr kjörkössunum.

Niðurstaðan í skoðanakönnuninni í Bolungarvík er aftur á móti mun afdráttarlausari þrátt fyrir að 28 af hundruði kváðust óákveðnir og 10% neituðu að svara, en þar var leitað eftir svörum líðlega 15 af hundruði þeirra sem eru á kjörskrá. Forskot K-lista hins nýstofnaða Bæjarmálaráðs, 16,2% þeirra sem afstöðu tóku, verður að teljast verulegt. En þótt skoðanakönnun sé langt frá því að vera niðurstaða kosninga er líklegt að talsverður umsnúningur þurfi að eiga sér stað til breyttrar niðurstöðu á þeim vígstöðvum.

En hver sem niðurstaðan verður í þeim sveitarfélögum sem skoðanakönnun blaðsins spannaði eða öðrum vestfirskum byggðum er nauðsyn sem aldrei fyrr að bókum verði snúið saman. Baráttan heldur áfram. Kosningarnar breyta engu um það að sveitarstjórnir á landsbyggðinni munu eftir sem áður þurfa að heyja harða baráttu fyrir rétti þess fólks, sem þar kys að búa.

Það er vor í lofti. Baráttan fyrir tilverurétti landsbyggðarinnar er eins og sagðan endalaus. Því verðum við að taka upp þráðin að loknum kosningum. Og hvernig væri þá að rifja upp söguna um spýtnaklippin og færa okkur í nyt þann lærdóm, sem af henni má draga.

Frá útgefendum:

Umboðs- aðilar BB

Eftirtaldir einstaklingar sjá um sölu og dreifingu á BB á þéttbýlisstöðum utan Ísafjarðar: **Bolungarvík:** Nikóllína Þorvaldsdóttir, Hjallastræti 38, sími 456 7441. **Súðavík:** Sindri V. Gunnarsson, Holtagötu 11, sími 456 4982. **Suðureyri:** Deborah Anne Ólafsson, Aðalgötu 20, sími 891 7738. **Flateyri:** Gunnhildur Brynjólfssdóttir, Brimnesvegi 12a, sími 456 7752. **Þingeyri:** Selma Rut Söfnadóttir, Hlíðargötu 40, sími 456 8269.

Útgefandi: H-prent ehf. Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564 • Netfang prentsmiðju: hprent@bb.is • Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, netfang: bb@bb.is • Ritstjóri netútgáfu: Sigurjón J. Sigurðsson • Fréttastjóri: Guðfinna M. Hreiðarsdóttir, sími 456 4448, netfang: gudfinna@bb.is • Blaðamaður: Haukur Magnússon, sími 695 8158, netfang: haukur@bb.is • Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, netfang: halldor@bb.is • Fréttavefur: www.bb.is • Lausasöliverð er kr. 200 eintakið m. vsk. • Áskriftarverð er kr. 170 eintakið • Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti

Stórsýning Toyota

á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri, Bolungarvík og Ísafirði



Yaris. Ef þú vilt skilja af hverju Yaris hefur farið slíka sigurför um heiminn þarftu að kynnast honum af eigin raun – komdu og reynsluaktu.



Nýr Corolla er bíll ársins 2002. Þegar þú kemur og reynsluakur munstu skilja af hverju. Nýr Corolla – tilfinningin er góð.



RAV4 sameinar alla helstu kosti jeppa og fólkabíls. Lípur innviðar, daglegur í ölarð og einstaklega þægilegur í langferðum.

25. – 26. maí



Land Cruiser 99. Frelsið hefur fengið nýtt útlit. Njóttu frelsis – komdu og reynsluaktu Land Cruiser 90 um helgina.



Hilux hefur fyrir löngu sannað sig sem ótrúlega daglegur og endingargóður fjalla- og vinnubíll. Jeppi sem þú getur treyst á.

Ekki taka annarra orð fyrir kostum þeirra – komdu og reynsluaktu.

Bilasýningar. Komdu á stórsýningu TOYOTA, á Þingeyri, laugardaginn 25. maí, við ESSO skálann, kl. 11–12, á Flateyri, við ESSO skálann, kl. 13–14, á Suðureyri, við ESSO skálann, kl. 14:30–15:30, og á Bolungarvík, við SHELL skálann, kl. 16:30–18. Sunnudaginn 26. maí verðum við á Ísafirði, við Bílatanga frá kl. 12–18. Á öllum þessum stöðum verða til sjóns Land Cruiser 90, nýr Corolla, RAV4, Hilux og Yaris. Láttu ekki þetta einstaka tækifæri fram hjá þér fara. www.toyota.is
Umboð: Bílatangi, Suðurgata 9, Ísafjörður, sími: 456 3800



www.bb.is/tg



TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

Hafnarstræti 1 – Ísafirði

Símar: 456 3940 & 456 3244

Fax: 456 4547 – Netfang: tryggvi@snorpa.is

Helmasíða: www.bb.is/tg

Einbýlishús / raðhús

Hlíðarvegur 14: 170,8 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt risi. Húsið er mikið endurnýjað, ekkert áhvílandi. **Tilboð óskast**

Hlíðarvegur 46: 186 m² endaraðhús á þremur hæðum. Fallegt útsýni. Séríbúð á neðstu hæð. Húsið á minni eign möguleg. **Verð 8,9 m.kr.**

Hrannargata 1: 238,9 m² einbýlishús á 2 hæðum ásamt kjallara, háalofti og ræktuðum garði. **Verð 9,7 m.kr.**

Lyngholt 10: 151,3 m² einbýlishús á einni hæð ásamt 55,2 m² bílskúr. **Verð 12,9 m.kr.**

Mánagata 9: 191,7 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr, kjallara og garði. Húsið er allt að mestu endurnýjað. **Tilboð óskast**

Móholt 9: 194,3 m² einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. **Verð 12,9 m.kr.**

Smiðjugata 11a: 150 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara, risi og bílgeymslu. Húsið allt nýmálað að utan. Skoðum öll tilboð. **Verð 6,1 m.kr.**

Urðarvegur 27: 190,5 m² einb. hús á 2 hæðum ásamt bílskúr, góðum garði, svölum og sólpalli. Skipti á minni eign möguleg. **Verð 13,5 m.kr.**

3ja herb. íbúðir

Hlíf II: 65,7 m² íbúð á 4ju hæð í Dvalarheimili aldraðra. Áhv. ca. 5,2 m.kr. **Verð 7,3 m.kr.**

Sillfurgata 11: 56,2 m² (75m² gólfplötur, mikið rými í risi) Björt og glæsileg íbúð með frábæru útsýni. Ótrúlega hagstæð í rekstri. Áhv. ca. 3,4 m.kr. **Verð 5,8 m.kr.**

Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3. hæð fyrir miðju ásamt sér geymslu. **Verð 4,5 m.kr.**

2ja herb. íbúðir

Aðalstræti 24: 74,6 m² íbúð 2. hæð. Íbúðin er öll ný og vel einangruð. **Tilboð óskast**

Aðalstræti 24: 62 m² íbúð á 2. hæð. Íbúðin er öll ný og vel einangruð. **Tilboð óskast**

Brunngata 12a: 57,4 m² íbúð í mjög góðu standi á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt sér geymslu og þvottahúsi í kjallara og eignarlóð. **Tilboð óskast**

Engjavegur 33: 50,4 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. **Verð 4,0 m.kr.**

Hlíðarvegur 27: 49,9 m² íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Áhv. ca. 555 þús.kr. **Tilboð óskast**

Hlíf II, Torfnesi: 50,4 m² íbúð á 3. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Áhv. ca. 3,7 m.kr. Laus strax **Verð 6,3 m.kr.**

Seljalandsvegur 58: 52,1 m² íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi ásamt helmingi tvöfalda bílskúrs. Áhv. ca. 600 þ.kr. **Tilboð óskast**

Túngata 3: 80,7 m² íbúð á 2. hæð ásamt rislofti. **Verð 4,5 m.kr.**

Urðarvegur 78: 73 m² íbúð á 3ju hæð f.m. í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Áhv. ca. 2,7 m.kr. Skoðum öll tilboð. **Verð 4,9 m.kr.**

Atvinnuhúsnæði

Mánagata 4 - (Herkastalinn): Gistiheimili og/eða 6 leigubúðir. **Verðhugmynd 10 m.kr.**

Sindragata: veiðafæragæymsla, tvö bíl, harðsteypt gólf, heitt og kalt vatn og hiti **Tilboð óskast**

Sindragata 14: 534 m² stálgrindarhús á einni hæð. Húsið er nýtt, vel útbúið atvinnuhúsnæði á góðum stað. **Verð 25 m.kr.**

Verslunarhúsnæði

Hrannargata 2: 164,1 m² verslunarhúsnæði á 1. hæð og kjallara. Húsnæðið er tilvalið fyrir rekstur verslunar og/eða videoleigu. Verslunarinnréttingar geta fylgt með. **Verð 6,3 m.kr.**

Suðureyri

Aðalgata 2: 136 m² 6 herbergja sér íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt bílskúr. **Verð 6,2 m.kr.**

Aðalgata 2: 124,2 m² neðri hæð í tvíbýlishúsi, fyrrverandi pósthús með öllum tilheyrandi innréttingum. **Verð 6 m.kr.**

Fasteignir

í þessari

auglýsingu

eru aðeins

sýnishorn

af söluskránni.

Allar frekari

upplýsingar

eru veittar á

skrifstofunni að

Hafnarstræti 1

og á

heimasíðu

okkar

www.bb.is/tg



Anna Málfríður Sigurðardóttir, Þórhildur Sigurðardóttir, Kristín Oddsdóttir, Elvar Bæringsson, Arndís Birgisdóttir, Sigríður Árnadóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Guðrún Stefánsdóttir, Hálfán Hauksson, Sigurbjörg Kristinsdóttir, Geir Guðmundsson, Arndís Finnbogadóttir, Jensína Guðmundsdóttir, Sigríður Júlíusdóttir, Guðmundur Karl Ólafsson, Finnur Magnússon, Auður Ásbergisdóttir, Gylfi Guðmundsson, Guðmunda Brynjólfsdóttir, Elsa Haraldsdóttir, Hermann Nielsson, Bára Arinbjarnardóttir, Sigríður María Gunnarsdóttir, Jón Björn Jónsson.

Árgangur '48 hittist á Ísafirði

Um þessar mundir er mikið um að gömul bekkja- og fermingasystkyni hittist á Ísafirði og víðar um land. Um helgina fögnuðu Ísfríðingar fæddir árið 1948 því að 40 ár eru síðan

fólkið meðtók heilagt sakramenti og gekk þar með í samfélag fullorðinna, kristinna manna. Meðfylgjandi mynd var tekin af fermingasystkyninum í góðviðri í Tunguskógi um helgina.



Hélt upp á sextugsafmælið með köku- og tónlistarveislu

Fjöldmenni mætti til veisu er haldin var á sal Oddfellowa á Ísafirði á mánudag, en þá fagnaði Messíana Marzellíusdóttir sextugsafmæli sínu. Var gestum boðið upp á kræsingar af öllu tagi auk þess sem fjöldi núverandi og fyrrverandi samstarfsfólks hennar frá Tónlistarskólanum á Ísafirði heiðraði hana með tónlistaratriðum, en Messíana hefur sem kunnugt er kennt á harmónikku og píanó við skólann í árafjöld. Meðal þeirra sem komu fram voru Greipur Gíslason og Ingvar Alfredsson, fyrrverandi nemendur Messíönu, sem rifjuðu upp fyrstu lögin sem þeir léku á hennar vegum við kátínu veislu-gesta, rússneski harmó-

nikkusnillingurinn Vadim Fyodorov lék tvö lög frá heimalandi sínu, hópur kennara frá tónlistarskólanum spreytti sig á harmónikkuleik og söng með misgóðum árangri og Helga Kristbjörg Guðmundsdóttir, sem er aðeins fimmtán ára gömul og þykir afar efnileg á nikkuna, lék tvö erfið stykki, þar af eitt með aðstoð Messíönu. Að öðrum ólöstuðum var það samt hinn fimm ára gamli Maksymillian Haraldur Frach sem vakti hvað mesta athygli með framkomu sinni í veisluinni, en hann brá sér í gerfi kósakka og lék lystilega á fiðlu við píanó-undirleik móður sinnar. Meðfylgjandi myndir voru teknar í afmælisfagnaðinum.



Hjónin Messíana Marzellíusardóttir og Ásgeir S. Sigurðsson í afmælishöfnu.



Afkomendur Péturs Péturssonar

Gera enn eitt tilboðið í Grænagarði

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur lagt til við bæjarstjórn að gengið verði að 750.000 króna kauptilboði barnabarna Péturs Péturssonar í húseignina Grænagarði við Seljalandsveg á Ísafirði sem Ísafjarðarbær auglýsti til sölu fyrir nokkru.

Athygli vekur að þetta er þriðja kauptilboðið frá afkomendum Péturs sem gengið er að, en Margrét Oddsdóttir, sem upphaflega átti hæsta kauptilboð upp á kr. 1.500.000 og Berta Gunnarsdóttir, sem var næstbjóðandi með kr. 1.250.000, féllu báðar frá sínum tilboðum með tilvísun til „fyrirvara um fjármögnun“.

Af þeim níu tilboðum sem bárust í húseignina á sínum tíma voru átta frá afkomendum Péturs. Barnabörn hans hafa einnig gert annað sameiginlegt kaup-

tilboð í húseignina síðan bæjarstjórn ákvað að auglýsa hana að nýju eftir að Berta féll frá tilboði sínu og hljóðaði það upp á kr. 700.000.

Á bæjarráðsfundi í síðustu viku þar sem nýjasta tilboð afkomenda Péturs var tekið til umræðu gerði Halldór Halldórsson, bæjarstjóri, grein fyrir viðræðum sínum við tilboðsgjafanna en í þeim kom fram að þeir miða kauptilboð sín við meðaltalsverð seldra uppkauphúsa á svæðinu.

Grænigarður er steinsteypt hús frá árinu 1950 og eru tvær íbúðir í húsinu. Í kjallara er 68,3m² íbúð og á þeirri efri er 82,5m² íbúð. Um er að ræða uppkauphús á snjóflóðahættusvæði, sem ekki er gert ráð fyrir að verði varið og er búseta í húsinu óheimil á tímabilinu 1. nóv. til 30. apríl ár hvert.

Byggðastofnun

Veitir styrki til lausna á samgönguferfiðleikum

Byggðastofnun mun á næstunni veita styrki til lausna á samgönguferfiðleikum á svæðum þar sem vegum er ekki haldið opnum þegar snjóþungt er. Æskilegt er að um sé að ræða lausn sem nýst getur öðrum íbúum viðkomandi svæðis.

„Styrkirirnir geta t.d. verið til að breyta farartækjum þannig að þau nýtist til aksturs við þessi skilyrði, eða

til kaupa á snjóþvottum. Samtals verður veitt til þessa verkefnis 10 milljónum króna, en einstakir styrkir geta verið allt að 1 milljón króna“, segir á heimasíðu Atvinnuþróunarfélags Vestfjarða.

Umsóknareyðublað er hægt að nálgast á heimasíðu Byggðastofnunar, bygg.is, eða á skrifstofu þeirra á Sauðárkróki eigi menn leið þar um.

Skóla- og fjölskylduskrifstofa

Kostnaður eykst vegna barnaverndarmála

Forstöðumaður Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar hefur greint bæjarráði frá gífurlegum kostnaði samhliða barnavernd undanfarnar vikur og mánuði.

Um er að ræða kostnað á liðum er varða vistun barna, lögfræðipjónustu og sérfræðipjónustu en fyrirliggjandi er að greiða þarf kostnað vegna vistunar að upphæð kr. 870.000, lögfræðikostnað að upphæð kr. 100.000 og sérfræðipjónustu að upphæð kr. 800.000 ásamt öðrum almennum kostnaði við rekstur málaflöksins. Óskar forstöðumaðurinn eftir því að bæjarráð veiti heimild til greiðslu á ofangreindum upphæðum, samtals kr. 1.770.000, þrátt fyrir fjármagnsskort

samkvæmt fjárhagsáætlun. Þá gerir forstöðumaður enn fremur grein fyrir nýjum barnaverndarlögum sem eiga að koma til framkvæmda 1. júní nk. Samkvæmt þeim lögum verður enn frekari kostnaðarauki hjá sveitarfélaginu og vísar forstöðumaður í bókun félagsmálanefndar sem fagnar lögnum þar sem í þeim felist mikilsverð réttarbót fyrir skjólstaðinga hennar, en lýsir jafnframt áhyggjum sínum yfir fyrir sjáanlega auknum kostnaði, auknum mannafla og vinnu með tilkomu laganna. Segir forstöðumaður að sá kostnaðarauki sé ekki fyrir sjáanlegur í tölum en vænta megi umsókna um aukafjárveitingar á árinu vegna þessa.

Skýrsla Vinnuástandstofnunar um atvinnuleysi

Sjötíu og sjö manns atvinnulausir í apríl

Í skýrslu Vinnuástandstofnunar um atvinnuástand í apríl kemur fram að meðalfjöldi atvinnulausra á Vestfjörðum var 64 eða um 1,6% af áætluðum mannafla, en var 1,5% í mars. Atvinnulausum Vestfirðingum hefur því fjölgað um sex á milli mánaða og mælist atvinnuleysi meðal karla 1,5% en var 1,3% í mars og meðal kvenna 1,9% en var 1,8%. Atvinnulausir karlar eru að meðaltali 34 eða fimm fleiri en í marsmánuði en atvinnulausar konur eru 30 sem er einni konu meira en í mars.

Í lok apríl voru 77 atvinnulausir á Vestfjörðum, 34 karlar og 43 konur. Fjöldi atvinnulausra var þá mestur í Ísafjarðarbæ en þar voru 37 skráðir atvinnulausir í lok apríl, 22

konur og 15 karlar. Séu skoðaðar breytingar á milli mánaða sést að atvinnulausum hefur hvergi fjölgað neitt að ráði nema í Ísafjarðarbæ þar sem þeim hefur fjölgað um fimm, einn karl og fjórar konur. Annars staðar á Vestfjörðumhafa litlar sem engar breytingar orðið á atvinnuleysi frá því í mars. Það sama er upp á teninginn þegar atvinnuleysistölur eru bornar saman við sama tíma í fyrra en þar hefur atvinnulausum fækkað um einn á milli ára. Hefur atvinnulausum konum þar fækkað um 15 en atvinnulausum körlum aftur á móti fjölgað um 14. Mestu breytingar á milli ára eru í Bolungarvík þar sem voru í lok apríl aðeins níu skráðir atvinnulausir sem er fækkun

um 22 frá apríl í fyrra.

Í skýrslunni kemur fram að atvinnuleysi á landsbyggðinni minnkar um 3,5% milli mánaða sem er svipað og í apríl í fyrra. Atvinnuleysið eykst á höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi og Vestfjörðum en minnkar annars staðar. Atvinnuleysi er nú mest á Norðurlandi eystra (3%) og höfuðborgarsvæðinu (2,9%) en minnst á Vestfjörðum (1,6%). Þá er atvinnuleysi nú meira en í apríl í fyrra á öllum atvinnusvæðum nema á Norðurlandi vestra.

Á landinu öllu voru skráðir 81.193 atvinnuleysisdagar sem jafngildir því að 3.692 manns hafi að meðaltali verið á atvinnuleysisskrá í mánuðinum.



Flugfélagsmenn á kajökum

Háttsettir starfsmenn Flugfélags Íslands sátu stefnumörkunarfund á Hótel Ísafirði í síðustu viku. Um var að ræða yfirmenn allra deilda sem og stöðvarstjóra félagsins frá öllum áætlunarfluvöllum á landinu, alls hátt í tuttugu manns. Fólkið hóf dvöl sína vestra með því að skreppa í kajakróður á Flateyri undir leiðsögn heimamannsins Sigurðar Hafberg. Flugfélagsmenn þóttu standa sig hið besta í róðrinum og virtust skemmta sér konunglega, enda veður með skársta móti. Enginn vöknadi þá tvo tíma sem róðurinn stóð þó margir hinna háttsettu starfsmanna Flugfélagsins væru óreyndir ræðarar.

Grunnskólinn á Ísafirði

Framfarir í samræmdum stærðfræðiprófum

Framfarir nemenda Grunnskólans á Ísafirði í samræmdum stærðfræðiprófum milli 4. og 7. bekkjar eru mun meiri en almennt gerist í grunnskólum landsins. Þetta kemur fram í greiningu Námsmatsstofnunar á breytingum í frammistöðu nemenda fæddra árið 1989 í samræmdum prófum 4. og 7. bekkjar í stærðfræði og íslensku.

Í íslensku eru framfarir nemenda GÍ svipaðar og gerist á landsvísi, en slakari nemendum í námsgreininni fer meira fram á Ísafirði. Þetta kemur fram í síðasta fréttabréfi GÍ sem kom út fyrir skömmu. Í greiningu Náms-

matsstofnunar kemur einnig fram að engum nemanda fór mikið aftur milli prófa, en tuttugu og tveimur fór umtalsvert fram og fjórir tóku miklum framförum í samræmdum prófum 7. bekkjar miðað við frammistöðu sína í 4. bekk.

Sem kunnugt er þá gangast nemendur undir samræmd könnunarpróf í 4. og 7. bekk á hvert. Tilgangur þessara kannana er að meta kunnáttu nemenda í íslensku og stærðfræði og bera saman á landsvísi það snemma að skólar geti brugðist við niðurstöðum ef ástæða er til. Námsmatsstofnun, sem sér um þessi könnunarpróf, hefur til

skamms tíma boðið skólum greiningu á þeirri breytingu sem verður milli 4. og 7. bekkjar, bæði hvað varðar heildarframmistöðu í námsgrein svo og einstökum efnisþáttum.

„Þessar niðurstöður segja okkur að GÍ er á réttri leið. Skólinn hefur náð umtalsverðum árangri hin síðari ár og námsárangur hefur almennt batnað. Það er einlægur vilji starfsfólks skólans að varðveita þennan árangur eins og kostur er og er það án efa sameiginlegt markmið allra í skólasamfélagi GÍ í framtíðinni,“ sagði Skarphéðinn Jónsson, aðstoðarskólafjari.

smáar

Hver vill hafa hjólaskipti? Óska eftir 18 giru kvenmannshjóli í staðinn fyrir 26" hjól með slá. Uppl. í sínum 456 7658 eða 893 1658, Hafðis.

Óska eftir að leigja vandaða 2ja herb. íbúð á Ísafirði. Góð umgengni og silvísium greiðslum heitið gegn sanngjarnri leigu. Uppl. í síma 553 0114.

Til sölu er blár Silver Cross vagn á nýjum dekkjum og gjörðum. Verð kr. 8.000. Uppl. í síma 456 8377.

Til sölu er rafmagnsgítar fyrir örvhenta. Glænýr og nánast ekkert notaður. Uppl. í sínum 456 3655 og 847 4080.

Óska eftir að kaupa ódyran rafmagnslyftara. Upplýsingar gefur Hörður í síma 456 4400.

Til sölu er rafmagnshitatúpa, 18 kW. Verð kr. 10.000. Uppl. í síma 866 4661.

Til sölu er Toyota Corolla árg. 1988, mikið endurnýjuð og með 16" álfelgum og Low profile. Uppl. í síma 869 5053.

Til sölu eða leigu er 80m² íbúð að Túngötu 21 á Ísafirði. Uppl. í síma 456 4192 og 869 3477.

Óska eftir handsnúinni handfærarúllu. Upplýsingar í síma 456 6311.

Til sölu er lítið notuð rúðuskafa í góðu lagi en svolítið dýr. Með henni fylgir gott eintak af Opel Astra árg. 2000, ekinn 36 þús. km. Uppl. gefur Pálfríður í síma 899 0774.

Fundist hefur bílykill um borð í Andey ÍS. Upplýsingar í síma 861 8992.

Til sölu er Nissan Micra árg. 98, 3ja dyra, sjálfskiptur, rauður. Uppl. í síma 696 7372.

Til sölu er farangurskista ofan á bíl. Einnig tvö grófmunstruð dekk 155/13. Upplýsingar í síma 456 4028.

Notuð tölva óskast. Á sama stað er óskað eftir litlum ísskápi. Uppl. í síma 861 4913.

Ísafjörður Sunnukórinn með tónleika í kirkjunni

Sunnukórinn á Ísafirði fer nú innan tíðar í söngferðalag til Bandaríkjanna og Kanada þar sem hann mun ferðast um slóðir Vestur-Íslendinga og heiðra minningu Ragnars H. Ragnar með því að sækja heim þá staði sem hann og Sigríður kona hans störfuðu og bjuggu á til margra ára.

En áður en lagt verður í viking vestur um haf, ætla kórinn að halda tónleika á Ísafirði þar sem boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá sem inniheldur m.a. hluta þeirra laga sem kórinn kemur til með að flytja erlendis. Verða tónleikarnir haldnir í Ísafjarðarkirkju sunnudaginn 26. maí nk. og hefjast kl. 15.

Einsöngvari með kórnum verður Ingunn Ósk Sturludóttir, mezzósópran, en stjórnandi kórsins er Margrét Geirsdóttir og undirleikarar eru þau Sigríður Ragnarsdóttir, Baldur Geirmundsson og Samúel Einarsson.

Halldór Halldórsson bæjarstjóri leiðir D-lista Sjálfstæðismanna í sveitarstjórnarkosningum í Ísafjarðarbæ í vor. Sjálfstæðisflokkur hefur ásamt Framsóknarflokki verið í meirihluta í bæjarstjórn síðustu fjögur ár og segir Halldór margt hafa breyst til betri vegar á þeim tíma, en viðurkennir jafnframt að á sumum sviðum hefði batinn mátt vera hraðari. Fyrir síðustu kosningar var Halldór bæjarstjóraefni Sjálfstæðisflokksins þó hann sæti ekki á lista.

„Ég tók þá ákvörðun að taka sæti á listanum að þessu sinni vegna þess að ég hef mikinn áhuga á málefnum sveitarfélagsins og til að bjóða kjósendum upp á skýrari valkost. Ég býð mig fram til að vinna áfram sem bæjarstjóri, en svo er það kjósenda og væntanlegra samstarfsaðila að skera úr um hvort ég sé æskilegur í embætti.“



Í leitinni að nýjum sóknarfærum megum við hvergi slaka á

– segir Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og oddviti D-listans

Vel tekið á ágreiningsmálum

Í Ísafjarðarbæ og á Ísafirði áður hefur mönnum iðulega reynst erfitt að starfa saman að stjórn sveitarfélagsins og hefur verið lenska að sprengja meirihluta. Þannig er Halldór sjötti bæjarstjórinn sem situr á Ísafirði á aðeins ellefu árum. Samstarf Sjálfstæðismanna og Framsóknarmanna hefur haldið velli allt kjörtímabilið og þykir það nokkuð gott.

„Samstarf okkar við Framsóknarmenn hefur gengið afskaplega vel og í raun finnst mér samstarfið við alla bæjarfulltrúana hafa gengið mjög vel, það er að segja í þeim málaflokkum sem minnihlutinn hefur viljað starfa með okkur.“

Að sjálfsögðu eru bæjarfulltrúar oft ekki sammála um hlutina, en mér hefur fundist mjög gott hvernig hefur verið tekið á ágreiningsmálum á kjörtímabilinu. Menn takast á af alefli á bæjarstjórnarfundum og beita oft mikilli hörku, en svo er málið líka afgreitt. Menn hafa ekki verið með neinar persónulegar væringar og verið meðvitaðir um að samvinnu er þörf ef takast á að glíma við vandamálin. Allir sem setið hafa bæjarstjórnarfundum á kjörtímabilinu hafa gert sér grein fyrir því að skuldastaðan hefur verið erfið og þess vegna hefur okkur gengið vel að taka á þeim málum án þess að lækka þjónustu-stigið.“

Góður rekstur miðað við...

Talandi um fjárhagsstöðuna, hvernig hefur daglegur rekstur sveitarfélagsins gengið að undanförmu?

„Án þess að fara út í of mikla talnaleyfni get ég sagt að afgangur frá daglegum rekstri hefur minnkað hjá sveitarfélögum landsins. Ísafjarðarbær er með þungan rekstur en hefur samt verið að ná um 10% afgangi frá rekstri og markmiðið er að auka þann afgang. Við finnum sveitarfélög með meiri afgang en einnig með minni. Ísafjarðarbær samanstendur af nokkrum byggðarkjörnum sem auðvitað þýðir að reksturinn er hlutfallslega dýrari. Við höfum einmitt beitt okkur fyrir því að reglum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga verði breytt svo tekið verði tillit til sveitarfélaga sem þannig eru samsett.“

Um þetta leyti erum við afgreiða ársreikning í bæjarstjórn. Það er ánægjulegt að segja frá því að við erum að standast fjárhagsáætlun og 22 milljónum betur. Það er gott, sérstaklega þegar tekið er tillit til mikilla launahækkanna á síðasta ári. Við gerðum ráð fyrir 5% hækkun, en ekki allt upp í 26% eins og raunin varð.“

Alltaf hægt að hagræða

„Engum dylst að bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar hefur

verið dugleg að rífast í ríkisvaldinu, enda finnst okkur skipting tekna milli ríkis og sveitarfélaga æði ósanngjörn. Okkar málflutningur hefur fengið góðan hljómgrunn og við verðum að halda áfram á þessari braut. Það held ég sé gífurlega mikilvægt fyrir fjárhag okkar til frambúðar.“

Er einhver leið að hagræða frekar í rekstri án þess að skera niður þjónustu?

„Það er alltaf hægt og við erum á hverjum einasta degi að leita að nýjum hagræðingamöguleikum. Þarna er ég ekki bara að tala um bæjarfulltrúa og yfirmenn sveitarfélagsins, heldur alla starfsmenn þess.“

Stoltur af uppbyggingu í háskólumálum

Hvað er það sem þú ert stoltastur af að hafa afrekað sem bæjarstjóri, þá að sjálfsögðu í félagi við bæjarstjórn og aðra starfsmenn sveitarfélagsins?

„Það sem fyrst kemur upp í hugann er hversu vel okkur hefur tekist, og það hreinlega á landsvísi, að snúa við þeirri óheillaþróun sem félagslega húsnæðiskerfið hratt af stað. Við sjáum fram á algerlega nýja stöðu í fjármálum sveitarfélagsins vegna þessa.“

Ég er líka mjög ánægður með þá jákvæðu þróun sem hefur verið í háskólumálum á svæðinu og uppbyggingu Þróunarsetursins. Þar erum við að byggja upp til framtíðar og ég er þess fullviss að við munum uppskera ríkulega þegar

fram líða stundir. Þarna er verið að beita hugvitinu og tækninni til að skapa störf fyrir menntað fólk svo að auðveldara verði fyrir unga Vestfirðinga að snúa aftur að námi loknu.“

Allt annað yfirbragð yfir svæðinu

„Það hefur margt breyst til hins betra í Ísafjarðarbæ á síðustu árum, miklu meira en flestir íbúar gera sér grein fyrir. Fólk sem til okkar hefur komið eftir nokkurra ára fjarveru talar mikið um að allt yfirbragð svæðisins sé miklu betra og andinn allt annar. Þetta á alls ekki bara við á Ísafirði heldur ekki síður á Suðureyri, Flateyri og Þingeyri. Það ríkir meiri bjartsýni á svæðinu öllu.“

Ég tek sjálfur eftir því að fólk er miklu jákvæðara nú en þegar ég flutti vestur fyrir sex árum síðan. Okkur hefur tekist að framkvæma ótrúlega mikið á síðustu fjórum árum miðað við hversu slæm staða bæjarsjóðs var. Okkur hefur orðið mjög ágengt í umhverfismálum, einsetningu grunnskóla og svo framvegis.“

Má aldrei vera of ánægður

En er eitthvað sem þú telur hafa misfarist í stjórnun bæjarfélagsins. Þegar þú lítur til baka, er eitthvað klúður sem þú vildir geta leiðrétt?

„Það er náttúrulega margt sem hefði mátt fara öðruvísi,

hlutir sem stjórnendur bæjarins réðu kannski ekki við. Ég hefði viljað sjá atvinnumálin þróast öðruvísi, en engum dylst að mikill samdráttur hefur verið í okkar undirstöðuáttvinnugrein. Samt er merkilegt hversu vel mönnum hefur tekist að spyrna við fótum og segir það mikið um hversu mikill kraftur býr í fólkinu.“

Ég vildi óska þess að batinn sem átt hefur sér stað í rekstri sveitarfélagsins hefði komið hraðar og við hefðum fyrir getað náð tökum á fjárhagsvandunum. Þá hefðum við fyrir getað farið í að leysa húsnæðisvanda grunnskólans á Ísafirði. Ég vil líka sjá okkur ná meiri árangri í umhverfismálum og svona má lengi telja.

Maður má aldrei vera of ánægður með árangurinn í þessu starfi. Það er alltaf hægt að gera betur. Ef manni finnst maður hafa unnið óaðfínanlega, þá er kominn tími til að hætta.“

Grunnskólinn á eyrinni

Talandi um málefni grunnskólans á Ísafirði. Hver eru, í fáum orðum, framtíðaráform Sjálfstæðismanna með skólann?

„Okkar framtíðaráform miðast öll við að skólinn verði áfram byggður upp á Eyrinni. Við sjáum fyrir okkur að þar sé nægt pláss miðað við þarfir skólans í dag.“

Upphaflega var ætlunin að rífa gamla skólahúsið og rýma þannig fyrir nýjum bygging-

um og var á sínum tíma samþykkt í bæjarstjórn að rífa húsið, en Húsafríðunarnefnd stoppaði það af. Nefndin kom í heild sinni vestur og gerði okkur grein fyrir því að hún hefði allan rétt til að stöðva þetta og því brugðum við á það ráð að hafa húsið inni í framtíðaráformum skólans. Vegna þess að húsið var fríðað munum við að sjálfsögðu fá fé frá Húsafríðunarsjóði til þess að gera það upp frá grunni.“

Tæpur hálfur annar milljarður

Vikjum nú aðeins að málefnum Orkubús Vestfjarða. Það er ekki hægt að segja að breið samstaða hafi myndast á sínum tíma um sölu þess, en féð sem fékkst hefur væntanlega, og mun væntanlega nýttast bæjarfélaginu vel. Er þessir peningar allir komnir inn?

„Já, alls voru rétt rúmlega 1,4 milljarður króna lagðar inn á reikning Ísafjarðarbæjar í nóvember í fyrra. Reyndar fóru 10% af þeirri fjárhæð inn á biðreikning á okkar nafni sem við fengum vexti af. Þetta var hluti af samkomulagi sem gert var við ríkið, að lögð yrði til lausn á félagslega íbúðakerfinu lægi fyrir á landsvísi.“

Nú rétt áður en þingi lauk var samþykkt frumvarp sem nefnd á vegum ráðherra, sem ég átti sæti í, hafði unnið að. Þetta frumvarp kom með lausn á landsvísi. Ríkisvaldið kemur með fjármagn inn í

kerfið og hægt verður að selja íbúðirnar á almennum markaði. Vegna þessarar lausnar eru þessi 10% nú laus til ráðstöfunar ásamt hinu.“

Ekkert lán hjá bæjarsjóði á þessu ári, heldur lækkun lána

En stendur nokkuð til að fara á heiftarlegt framkvæmdafylleri fyrir peninginn?

„Að sjálfsögðu ekki. Við ætlum að nota fjármagnið til að bæta fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Á síðasta ári notuðum við 300 milljónir til að greiða niður óhagsstæðustu skuldarnar, í samræmi við samkomulag okkar við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga. Nú eru bara eftir lágvaxta lán, meðal annars hjá húsnæðislánaþjóði sem er með mjög lága vexti. Eftir stendur um 1,1 milljarður á bankareikning og vextir af þeim peningum eiga eftir að verða mikil lyftistöng fyrir bæinn. Þó við skuldam nærri þrefalda þá upphæð vinnur vaxtamunurinn með okkur.“

Á þessu ári greiðum við niður 150 milljóna króna lán, og það sem merkilegra er að bæjarsjóður mun ekki taka nein ný lán. Þetta verður fyrsta árið í mjög langan tíma sem það gerist.“

Salan á Orkubúinu mun veita sóknarfæri

Eflaust þrætir enginn fyrir að það er gott að fá pening í búið, en telur þú ekki að sala Orkubúsins eigi eftir að hafa töluverðar neikvæðar afleiðingar þegar fram í sækir?

„Ég held ekki. Ég verð að viðurkenna að ég var mjög tortrygginn í fyrstu og efaðist um að rétt væri að taka þessa stefnu. En nú sé ég hvað er að gerast í orkugeiranum, fyrir-tæki eru að sameinast og orkuverð lækkar við það. Á næstunni verða sett ný orkulög, tekin verður upp samkeppni og ég efast ekki um að Orkubúið verði mjög hæft til að dafna í þessu nýja umhverfi.“

Ég vil meina að salan bjóði okkur mörg tækifæri. Sameinist fyrirtækið RARIK sé ég fram á mikil sóknarfæri. Umræðan snýst um það núna að RARIK verði skipt eftir kjördæmum og margir, ekki bara Vestfirðingar, eru á þeirri skoðun að höfuðstöðvar fyrirtækisins í norð-vestur kjördæmi eigi að vera á Ísafirði. Við verðum að berjast fyrir því að svo verði, því þá höldum við ekki bara þeim störfum sem fyrir eru heldur bættum við fjölda nýrra.“

Vangaveltur um flokkshollustu

Nú hafa heyrst gagnrýnisráddir þess efnis að stjórnmálaflokkar eigi ekki heima í sveitarstjórnarpólitík. Sagt er að meiru skipti hverjir eru á lista en hver listabókstafurinn er.

„Ég er alveg sammála því,

að það skiptir öllu hvaða fólk velst til starfa. En ég held að það sé miskilningur að menn megi ekki vera í einhverjum ákveðnum flokkum, því Sjálfstæðisflokkurinn í Ísafjarðarbæ og á landsvísu eru tvö aðskilin batterí. Það er langt í frá að flokksforystan sé eitt-hvað að skipta sér að því hvað við erum að gera hér.“

Einhverjir vilja meina að meirihluti bæjarstjórnar gagnrýni ríkisstjórnina ekki nóg og það sé vegna þess að við erum í sömu flokkum. Þetta er fjarstæða sem íbúar Ísafjarðarbæjar geta séð ef þeir bera saman hvernig bæjarstjórnarmeirihlutinn hér vinnur í samanburði við aðra í þessum málum.“

Reynslusveitarfélag í málefnum barna og ungmenna

Svo við vitjum aðeins að ykkar helstu stefnumálum, hver eru þau?

„Það er mjög mikilvægt að kjósendur kynni sér vel stefnuskrár allra listanna. Það kom mér svolítið á óvart á fundi með kjósendum þegar einn þeirra spurði mig hvort ekki væri hægt að gera svipað og Skagamenn vilja gera, leggja fast að ríkisvaldinu að láta það auðlindagjald sem tekið verður af útgerðum renna til uppbyggingar á þeim svæðum þaðan sem það er tekið. Þetta höfum við haft í stefnuskrá okkar í allt vor. Ekkert annað framboð hefur þetta í sinni stefnu.“

Við viljum taka að okkur yfirstjórn eins margra mála-flokka og hægt er í hinu nýja norðvestur kjördæmi, enda tel ég okkur hafa alla burði til þess. Einnig viljum við verða reynslusveitarfélag í málefnum barna og ungmenna. Þá myndum við fá fjármagn frá ríkinu til að reka reynsluverkefni þar sem ungt fólk kemur að stjórnun sveitarfélagsins á miklu beinni hátt en það gerir í dag. Ég held að við eigum góða möguleika á að fá þetta verkefni sem myndi fá nokkuð mikla tengingu við það góða starf sem hér er verið að vinna í forvarnarmálum, skólamálum, þróunarmálum og fleiri góðum málum.“

Talning opinberra starfa

„Ef við fáum umboð kjósenda til að halda áfram, ætlum við að vinna að því á markvissan hátt að fá opinber störf til bæjarins, en nokkuð hefur nú þegar áunnist í þeim efnum. Í því skyni ætlum við að hefja talningu á opinberum störfum, bæði í Ísafjarðarbæ og víðar. Þessar tölur ætlum við að birta tvisvar á ári og grípa í taumana ef störfum á vegum ríkisins fækkar meira en á höfuðborgarsvæðinu, eða fjölgar ekki jafn hratt. Með þessum tölum getum við þá sýnt fram á þetta svart á hvítu og höfum fengið býsna öflugt vopn í hendur. Það er í stefnu ríkisstjórnarinnar að fjölga

opinberum störfum á landsbyggðinni og þeir skulu fá að standa við það.“

Hvet kjósendur til að kynna sér stefnuskrána

„Eitt af okkar stefnumálum er að gefa út upplýsingahandbók þar sem menn geta séð hvaða þjónustu bærinn býður upp á og hvar er hægt að nálgast hana. Það yrði eins og að búa til eina litla bók úr öllum þeim bæklingum sem liggja frammi á bæjarskrifstofunni. Þessari bók yrði síðan dreift til allra nýrra íbúa í bænum og þeir þannig boðnir velkominir.“

Þetta er bara lítið dæmi um það sem við viljum gera á næstu fjórum árum. Til að fá heildarsýn á okkar stefnu hvet ég kjósendur til að kynna sér stefnuskrána sem ætti ekki að vera erfitt að nálgast.“

Hægt að framkvæma án þess að kroppa í höfuðstólinn

En framkvæmdaðúturinn, hvað ætlið þið að byggja, hvar og hvers vegna?

„Við eigum eftir að leggja mikla áherslu á gatnagerð. Það er bráðnaúðsynlegt að leggja nýjar götur, gangstíga og svo framvegis. Við leggjum áherslu á nauðsyn þess að for-gangsráða uppbyggingu íþróttamannvirki á bæjarfélaginu öllu í samstarfi við íþróttahreyfinguna.“

Á næstu árum munum við óneitanlega hafa meira á milli handanna út af sölu Orkubúsins, þó ekki nema bara vegna þess að við þurfum ekki að borga vexti. Það verður hægt að framkvæma heimlíkið á næsta kjörtímabili án þess að kroppa í höfuðstólinn, þennan 1,1 milljarð sem við eigum í banka. Verði eitthvað tekið af honum, verður það til að greiða niður lán.“

Fullviss um fólksfjölgun á næsta kjörtímabili

Að lokum, hvað heldurðu að íbúar Ísafjarðarbæjar muni verða margir að loknu næsta kjörtímabili?

„Ég er mjög bjartsýnn, enda full ástæða til. Það er farið að hægja mjög á fólksfækkuninni sem var hvað mest á miðjum síðasta áratug. Ef við látum frá okkur þau skilaboð að hér séum við af því að okkur líkar það, höldum áfram að byggja upp fjölbreytt atvinnulíf og höldum áfram að þróa nýja hluti og ný tækifæri þá muni okkur fjölga á næsta kjörtímabili. En þá þurfum við líka að vera samtaka í því að koma jákvæðum skilaboðum frá samfélaginu hér á framfæri. Í leitinni að nýjum sóknarfærum megum við hvergi slaka á.“

Gerist áskrifendur í síma 456 4560

Þjónusta við eldri borgara í Ísafjarðarbæ



„...þjónusta við eldri aðra í Ísafjarðarbæ er með því besta...“

Laufey Jónsdóttir, form. þjónustuhóps aldraða í Ísafjarðarbæ skrifar

Ísafjarðarbæ.

Kynna starfsemi sína á fundi á Hlíff.

Styðja við að framkvæmdir hefjist vegna viðgerða utan-húss á Hlíff I og II.

Styðja skipulagsbreytingar á þjónustudeild Hlíffar þar sem fagleg þjónusta verður aukin.

Styðja þær hugmyndir sem upp hafa komið um námskeið fyrir aldraða í samvinnu við Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

Stuðla að gerð bæklinga um þá þjónustu sem elli og ör-orkulffeyrisþegum stendur til boða í sveitarfélaginu.

Ég er sannfærð um að sé lítið á þá þjónustu sem er í boði, samvinnu þeirra sem veita þjónustuna, faglegan metnað og þá vinnu sem hefur verið lögð í að skoða hver þjónustupörfin er, þá er hægt að fullyrða að óvíða á landinu sé gert betur í þjónustu við aldraða en í Ísafjarðarbæ. Það er t.d. aðeins á örfáum stöðum

á landinu sem öldrunar-læknir situr í þjónustuhópi aldraða. Á fundum með öldruðu fólki og í almennri umræðu hefur einnig komið skýrt fram að þjónusta við aldraða í Ísafjarðarbæ er með því besta sem veitt er á landinu og hefur verið þannig til fjölda ára.

Ég vil biðja fólk um að fjalla um þjónustu við aldraða á málefnalegri hátt en gert hefur verið undanfarið. Mjög nauðsynlegt er að gagnrýna það sem miður fer en við megum ekki gleyma öllu því sem vel hefur verið gert undanfarna áratugi. Að þeirri uppbyggingu hafa flestir íbúar bæjarfélagsins komið, óháð því hver pólitísk afstæða þeirra er. **EKKI GLEÝMA ÞESSU !!!!** Með kveðju,

Laufey Jónsdóttir, formaður þjónustuhóps aldraða í Ísafjarðarbæ.

Nú er lag til að lagfæra

Ég hef farið töluvert um götur Ísafjarðar að undanförunu með barnavagn á undan mér. Á þessum gönguferðum hef ég staðið mig að því að bólsótast yfir skökkum gangstéttum og gangstéttarleysi og býsnast yfir því að þetta sé ekki fólk bjóðandi. Ég læt þetta fara mjög í taugararnar á mér þótt ég víti mæta vel, sem sitjandi bæjarfulltrúi, að bágur fjárhagur sveitarfélagsins til skamms tíma er megin-ástæða þess að bærinn hefur ekki haft burði til að lagfæra jafn sjálfsagða hluti í okkar nánasta umhverfi.

Lagning gangstétta og stíga eru kostnaðarsamar framkvæmdir, ekki síst í sveitarfélagi sem getur stáð að af fimm byggðakjörnum. Ástandið er ekki bara svona á Ísafirði því sömu sögu er að segja hvort heldur sem farið er til Þingeyrar, Flat-eyrar, Suðureyrar eða út í Hnífsdal.

En nú er lag til slíkra framkvæmda. Þegar bæjarstjórn tók þá ákvörðun að selja hlut sinn í Orkubúi Vestfjarða vænkaðist fjárhagur sveitarfélagsins svo mjög, að við eigum nú borð fyrir báru. Í fjárhagsáætlun yfirstandandi árs sjást þess

„...núverandi meirihluti leggur ríka áherslu á viðhald gatna og gangvega“



Birna Lárusdóttir bæjarfulltrúi skrifar

greinilega merki að núverandi meirihluti leggur ríka áherslu á viðhald gatna og gangvega og verður í sumar farið í umtalsvert meiri framkvæmdir á þessu sviði en verið hefur undangengin ár.

D-listinn ætlar að halda ótraudur áfram á þessari braut enda segir í stefnuskrá okkar:

„Gera þarf gangskör að fullnaðarfrágangi gatna, opinna svæða og lóða í öllum byggðum sveitarfélagsins. Lagfæra verður ófrágengin svæði og gera fleiri göngustíga.“ Þarna er mikið verk óunnið og það mun taka nokkur ár að koma þessum málum í gott horf.

Við ætlum einnig að taka höndum saman með íbúum sveitarfélagsins og gera verulegt átak í umhverfismálum í samvinnu við fólk og fyrir-tæki. **Í því skyni viljum við**

setja sérstaka reglugerð sem gengur lengra en núgildandi reglur, þannig að unnt verði að taka fast og skipulega á málum.

Ísafjarðarbær hefur alla burði til að verða fyrirmyndarsveitarfélag í umhverfismálum. Nú þegar hefur grunnurinn verið lagður að því með þátttöku í verkefnum Staðardagskrá 21, sem gengur út á sjálfbæra þróun og nýtingu og nær til allra þátta í rekstri sveitarfélags.

D-listinn kallar eftir samstarfi við alla íbúa Ísafjarðarbæjar, hvort heldur er einstaklinga eða hagsmunasamtök, um að ýta úr vör umhverfisáttaki sem eftir verður tekið á landsvísi.

– Birna Lárusdóttir skipar 2. sæti á D-lista Sjálfstæðisflokks í Ísafjarðarbæ.

Tómstundaforstjóri, er það framtíðin?

Málefni íþróttar og æskulýðs hafa verið mikið í umræðunni í Ísafjarðarbæ á undanförunum vikum. Kemur tvennt til. Og hvorugt gott. Annars vegar sú staðreynd að vinnubrögðin í kringum undirbúning landsmóts UMFÍ skaðaði okkur mikið.

Hins vegar varð mikill trúnaðarbrestu milli bæjarstjórnar og þess ágæta fólks er starfar að forvarnarmálum í bæjarfélaginu er bæjarstjórn lýsti yfir stuðningi við sölu áfengis í matvörubúðum. Gekk bæjarstjórnin þar gegn samþykktum allra þeirra félaga og stofnana er sinna þessum málum í bænum. Við þetta er ekki hægt að búa. Úr þessu þarf að bæta.

Hvað vill meirihlutinn?

Útspil meirihlutans er að stofna nýja stofnun. Svokallaða frístundamiðstöð. Það er ótrúleg skammsýni fólgin í þessari tillögu. Með því er verið að setja allt það mikla sjálfbodaliðastarf undir einn bæjarforstjóra.

Þetta eru gömul úrræði sem tíðkuðust fyrir á árum fyrir austan tjald. Allt skyldi undir ríkið. Hér skal allt undir bæinn. Við það drepum við á stuttum tíma allt frumkvæði. Mesta óskammfeilnin er þó að svo heldur fólkið að eftir forvarnarumræðuna um dag-

inn þá getum við fengið hingað embætti forvarnarfulltrúa sveitarfélaga. Embætti sem reyndar er ekki búið að stofna og óvíst er að verði stofnað. Merkilegt að fólk skuli ekki óska fyrst eftir störfum sem eru til áður en það biður um störf sem ekki eru til.

Hvað vill A-listinn?

A-listinn telur það grundvallaratriði að frístundastarf byggist á því þróttmikla sjálfbodaliðastarfi sem svo vel hefur nýst okkur í Ísafjarðarbæ í gegnum árin. Hvar væri Seljalandsdalurinn án þess, íþróttamiðstöðin á Þingeyri og fleira og fleira. Frístundastarf stjór-

nað af opinberum starfsmönnum skilar ekki því sem við þurfum í bæjarfélag af þessari stærð.

Bæjarfélagið þarf hinsvegar að skapa sér traust hjá þessum félögum. Traust sem mun skapast með traustum og fumlausum vinnubrögðum.

Við viljum stefnumótun í samvinnu við íþróttar og æskulýðsfélög. Stefnumótun sem heldur til lengri tíma lítið. Það er ákaflega nauðsynlegt. Íþróttar og æskulýðshreyfingin verður t.d. að geta treyst því að orð standi. Við viljum klára verk sem alltof lengi hafa verið í framkvæmd eins og Torfnsvöllinn á Ísafirði, íþróttasvæðið á Þingeyri, um-



„Þetta eru gömul úrræði sem tíðkuðust fyrir á árum fyrir austan tjald“

Halldór Jónsson, efsti maður á lista Nýs afls í Ísafjarðarbæ skrifar

hverfi og vegi við golfvelli bæjarbúa og fleira og fleira. Bæjarfélagið þarf líka að gera ákveðnar kröfur til íþróttahreyfingarinnar. Að starfið þar sé skipulagt og faglegt. Það er ekki hægt að hlaupa úr einu í annað eftir því hvernig vind-

ar blása tímabundið. Það er hin raunverulega festa sem allir biðja um.

Kjósum góðan grunn í íþróttar og æskulýðsmálum. Ekki fleiri forstjóra. Kjósum A-listann.

Halldór Jónsson.



Aðalfundur

Aðalfundur Verslunarmannafélags Ísafjarðar verður haldinn fimmtudaginn 30. maí nk. kl. 20:30 á Hótel Ísafirði.

Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf.

Önnur mál.

Kaffveitingar.

Stjórnin.



Atvinna

Óskum eftir að ráða stálsmiði til starfa í framleiðsludeild.

Uppl. gefur Jóhann í síma 456 5079.

Rækjuvertíð í Ísafjarðardjúpi lokið

Nærri 1.100 tonnnum landað í Súðavík

Rækjuveiðum í Ísafjarðardjúpi er nú nýlukið. Veiðin var með ágætum og var rækju landað í þremur höfnum við Djúp; í Súðavík, á Ísafirði og í Bolungarvík.

Á Ísafirði var Gissur hvíti aflahæstur með 81 tonn, en Halldór Sigurðsson fylgdi á eftir með tæp 78 tonn. Þá landaði Brík frá Bíldudal rúmum 75 tonnnum, en allur aflur sem landað var á Ísafirði fór til vinnslu í rækjuverksmiðjunni

Miðfelli.

Í Súðavík var landað hátt í ellefu hundruð tonnnum á vertíðinni og eru forsvarsmenn rækjuverksmiðju Hraðfrystihússins-Gunnvarar mjög ánægðir með aflann. Snæbjörg var aflahæstur með tæp 192 tonn, Örn kom næstur með rúm 174 tonn. Bárta, Alda, Gunnvör, Valur og Fengsæll lönduðu allir meira en 100 tonnnum hver, en Dagný og Dögg voru með rúm 50 tonn.

Boltafélag Ísafjarðar

Keppnin hefst 1. júní

Meistaraflokkur Boltafélags Ísafjarðar leikur sinn fyrsta kappleik þann 1. júní. Farið verður suður á Seltjarnarnes og leikið við heimamenn í Gróttu um stig í 3. deildinni.

Þremur dögum síðar aka BÍ menn til Bolungarvíkur og

leika við UMFÍ í bikarkeppni KSÍ. Fyrsti heimaleikur liðsins verður svo laugardaginn 8. júní þegar liðið tekur á móti Úlfunum. „Mér líst bara vel á sumarið. Mannskapurinn er breiður og að mestu skipaður ungum heimamönnum“, segir Haukur Benediktsson, þjálfari.



Orkubú Vestfjarða hf.



JD-307



MX-738

Tilboð óskast

Tilboð óskast í bifreiðarnar MX-738, VW Transporter pick-up árgærð 1997, ekinn ca. 70 þús. km. og JD-307, Nissan Double-cab árgærð 1995, ekinn ca. 90 þús. km., sem staðsettar eru á Hólmavík og eru til sýnis þar. Starfsmenn OV á Hólmavík gefa nánari upplýsingar um ástand bifreiðanna.

Tilboð skilist til tæknideildar Orkubús Vestfjarða hf. Stakkanesi 1, 400 Ísafirði, fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 29. maí nk.

Orkubú Vestfjarða
–beislað náttúruafl!

Ísafirskur raftónlistarmaður stefnir á frekari landvinninga

Í nýjasta eintaki tíma-ritsins „Ský“, sem meðal annars er dreift í allar flugvélar Flugfélags Íslands, má lesa grein um ungan Ísafirðing sem gaf á liðnu ári út tvo geisladiska með eigin tónlist. Drengurinn er um ræðir, Jóhann Friðgeir Jóhannsson, er 20 ára gamall og útskrifaðist fyrir rúmu ári af náttúrufræðibraut Menntaskólans á Ísafirði. Foreldrar hans eru þau Svanfríður Arnórsdóttir, sem um langt skeið rak Blómabúð Svanfríðar í Mjallargötu og Jóhann Sigfússon, sjómaður, og á hann tvö eldri systkyni.

Jóhann, eða Jói eins og hann kallast í daglegu tali, gaf fyrir um ári síðan út frumburð sinn undir nafninu 170i sem hann nefndi „sínur“. Disknum fylgdi hann eftir með tónleikahaldi bæði syðra og vestra og sl. haust kom frá honum enn ein platan, „Allt virðist svo smátt séð héðan...“. Diskana hefur hann gefið út hjá vestfirskra plötufyrirtækinu Dauða-Rokk SM, sem hefur hingað til aðeins gefið út efni með Jóa. Að hans sögn er þó verið að huga að frekari landvinningum á þeim bænum. Jóhann stefnir nú á nám við myndlistardeild Listaháskóla Íslands og var að ganga frá umsókn í skólann er Bæjarinn Besta náði tali af honum.

Ekki mikill áhugi fyrir tormeltri raftónlist á Ísafirði

„Ég fór í viðtalið í janúar, blaðamaður Skýja hafði keypt diskinn minn fyrir tilviljun og fannst þetta áhugavert efni,“ segir Jói aðspurður um tildrög umfjöllunar Skýja um hann. Hann segir viðbrögð við diskum hans, sem upphaflega voru gefnir út í rúmlega 25 eintökum hvor og innihalda gæða raftónlist, hafa verið með besta móti og nú sé upplag þeirra uppselt. Jóhann segir ástæður þess að diskunum var ekki dreift í heimabyggð hans á Ísafirði einfaldlega vera þær að hann sá ekki fyrir sér að neinn hefði áhuga á því að kaupa þá.

„Áhugi á tormeltri raf-

tónlist er ekki mikill á Ísafirði eins og sást best á mætingunni þegar ég hélt tónleika hér til þess að kynna fyrri diskinn. Ég er reyndar tilbúinn með nýjan geisladisk nú þegar og ég stefni á að hann komi út alveg á næstunni. Það er spurning hvort það telst ekki vera einhverskonar met ef mér tekst að gefa út þrjár plötur í fullri lengd á rúmlega ári,“ segir Jói. Hann segir nýja efnid sitt vera þróaðra og að mörgu leyti aðgengilegra og hlustendavænna en tónlistin á fyrri plötum hans. „Á nýja efninu kanna ég nýjar slóðir í hljóðfæranotkun og útsetningum, þannig að mig hlakkar mikið til þess að kynna það fyrir almenningi, líka hér vestra,“ segir Jói.

Rokkað með aðstoð örgjörva

Tónlist sína skapar Jói með aðstoð einkatölvunnar sinnar og forlata tölvuforrits sem gerir honum kleift að raða niður hljóðbútum og tónum þannig að úr myndist óþýtt lag.

„Þetta er erfiðara en margur heldur og mikil þolinmæðisvinna, auk þess sem ávallt þarf að gæta fyllstu smekkvísi líkt og í öðrum geirum tónsmíða. Laglínurnar leik ég yfirleitt inn á hljómborð þegar ég hef samið þær og síðan geta farið margir dagar í að forrita trommur og önnur „hljóðfæri“ sem ég nota þannig að vel sé,“

-Notar þú þá aðeins stafræn hljóðfæri við tónsmíðar?

„Nei, því fer fjarri. Ég nota allt sem til fellur, enda takmarka ég mig ekki við neina sérstaka stefnu eða hljóm í tónlist. Ég er búinn að æfa mig töluvert á gítar í vetur og er orðinn nokkuð góður þó ég segi sjálfur frá. Gítarspilið kemur sterkt inn í nokkrar af nýrri tónsmíðum mínum og ekki er laust við að þær gæðist aukinni hlýju við það, auk þess sem þær verða fjölbreyttari fyrir vikið. Annars er þetta heilmikið rokk þó svo að hljóðfæraskipanin sé ekki alltaf hefðbundin,“ segir Jói og telur upp ýmsa furduhluti sem hann hefur notað til tónsmíða, s.s. potta og pönnur, rifrildi og hjalið í ungum frænda sínum.

Alltaf að teikna

Umbúðirnar utan um tón-



listarlegar afurðir Jóa hafa vakið mikla athygli og ekki án ástæðu þar sem þær eru handgerðar af listamanninum sjálfum og forkunnafagar á að líta þar að auki. Til dæmis má nefna að „Allt virðist svo smátt séð héðan...“ er pakkað inn í tvær þriggja millimetra þykkar krossviðarplötur sem eru myndskreyttar hver fyrir sig af Jóa sjálfum og, stundum, hans nánustu. Sem dæmi um hrifningu fólks á umbúðunum, sen eru eins fjarri hefðbundnum geisladiskumslögum og komist verður, má nefna að komið hefur fyrir að diskarnir hafi verið teknir frá í plötubúðum syðra þar sem fólk vildi tryggja sér eintak með ákveðinni mynd framaná. „Ég hef frá barnæsku teiknað gífurlega mikið og þessvegna setti ég ekki fyrir mig að myndskreita hvern einasta geisladisk fyrir sig. Hefði mig hinsvegar óráð fyrir því hve tímafrekt það átti eftir að reynast hefði ég hinsvegar örugglega hugsað mig tvisvar

um.

Annars hefur teikni- og hönnunarvinnan í kringum útgáfuna sjálfsagt skilað sér margfalt til baka í reynslu, en ég stefni á að nema við myndlistardeild Listaháskóla Íslands í haust og þá er eins gott að vera vel undirbúinn. Ég skilaði einmitt diskunum með umsókninni minni, enda hafa margir haft á orði við mig að umbúðirnar séu hálfgerð listaverk. Mig hefur lengi langað til þess að læra myndlist, enda hefur listsköpun af öllu tagi, þá sérstaklega myndasögu-gerð, átt hug minn allann um langt skeið.

Ég átti í mesta basli við að halda mér við að læra náms-efnið í grunn- og menntaskóla því að ég vildi miklu frekar eyða tímanum í að teikna myndasögur,“ segir Jói, en sýningar á myndasögum hans um litla, gula, fátæka fiskkaupmanninn og fleiri karakteru voru um skeið fastir liðir á Sólríshátíðum Menntaskólans á Ísafirði.

Plötusamningur í nánd?

Í viðtali Skýja við Jóa er þess getið að hann hafi staðið í samningaumleitunum við breska útgáfufyrirtækið „Wonder Records“ og að stefnt sé að útgáfu plötu hans og jafnvel tónleikahald ytra á næstunni. Jói segir að það leynist vissulega sannleikskorn í grein Skýja, þó að ekki sé tilefni til þess að fagna heimsyferráðum strax. „Höfuðpaur plötuútgáfunnar kom til Íslands í fríi sl. sumar og keypti þá fyrri plötu mína vegna þess að hann hreifst af umslagi hennar, sem samanstendur af brúnum bylgju-pappa og límbandi. Hann hefur síðan þá verið í sambandi við mig í gegnum tölvupóst og í vetur kom hann aftur til Íslands, meðal annars til þess að sjá útgáfutónleika mína fyrir seinni plötuna. Hann vill ólmur gefa út efni með mér,

en plötufyrirtæki hans er nýtilkomið og hefur enn ekki gefið út neinar plötur. Þessvegna gæti vel farið svo að útgáfumálin dyttu upp fyrir, enda tónlistarbransinn í Bretlandi sérlega harður. Þar gæti ég aldrei brennt tónlistina mína á nokkra diska og beðið plötubúðir um að selja þær fyrir mig án endurgjalds. Ég er heppinn að vera á Íslandi hvað það varðar,“

-Þig dreymir þá ekkert um heimsfrægd og frama?

„Jú jú, og fullt af gellum að fódra mig með vínberjum og kitla á mér tærnar,“ segir Jói og hlær. „En ég tek hverju því sem koma skal og er ánægður svo lengi sem ég get skapað tónlist, það er í sjálfu sér tilgangurinn og aðal fjörið felst í því. Svo lengi sem einhver getur glaðst við að heyra lögin mín er ég ánægður,“ segir Jói að lokum.

Hvað segja oddvitar- nir um helstu málin?

Guðni G. Jóhannesson, Framsóknarflokkur

1. Var það rétt ákvörðun, að allur byggðakvóti Ísafjarðarbæjar skyldi fara til Þingeyrar? A) Miðað við þær forsendur sem lágu fyrir á þeim tíma? B) Ef litid er frá sjónarhóli dagsins í dag?

„A) Já, það var mjög slæmt ástand á Þingeyri þá og við teljum að þetta hafi verið rétt. B) Já, því upp úr þessu hefur risið öflugt sjávarútvegsfyrirtæki og það hefur staðið við öll skilyrði, sem sett voru.“

2. Telur þú að rétt hafi verið að selja hlut Ísafjarðarbæjar í Orkubúi Vestfjarða? Ef svo er, hvernig rökstyður þú það? Ef ekki, hvernig telur þú að fjárhagur bæjarins væri nú ef það hefði ekki verið gert?

„Já, en við teljum að það hafi verið nauðvörn, en mjög skynsamlegt miðað við það verð sem fékkst og fjárhagsstöðu bæjarfélagsins fyrir sölu.“

3. Eru aldrei vanræktir hvað varðar þjónustu af hálfu Ísafjarðarbæjar? Rökstyddu svarið.

„Við teljum að þjónusta bæjarfélagsins sé viðunandi, en teljum að hana megi bæta og í stefnuskrá Framsóknarmanna segir að flokkurinn leggi áherslu á að efla heimaþjónustu fyrir eldri borgara til að þeir sem komnir eru á efri ár geti búið heima hjá sér og lifað eðlilegu heimilislífi eins lengi og þeir kjósa.“

4. Telur þú að það hafi verið rétt ákvörðun að sameina sveitarfélögin sex sem mynda Ísafjarðarbæ? Telur þú að sameiningin hafi tekist sem skyldi? Telur þú að einhverjir hlutar bæjarfélagsins búi við verri hag en ef ekki hefði verið sameinað?

„Já við teljum að þetta hafi verið rétt ákvörðun og sameiningin hafi að mestu tekist vel. Stærri sveitarfélög hafa meiri burði til að veita þjónustu og ná hagræðingu í rekstri.“

5. Telur þú skynsamlegt að sveitarfélögin þrjú á norðanverðum Vestfjörðum verði sameinuð í eitt?

„Við framsóknarmenn teljum að aukið samstarf þessarar sveitarfélaga sé af hinu góða og þegar fram líða stundir verði kannski talið hagkvæmt að sameina sveitarfélögin, en það er líka hægt að ná árangri

með samvinnu, t.d. hafnasamlagi o.fl.“

6. Telur þú að dagar Ísafjarðar sem eins af helstu útgerðarstöðum landsins séu taldir? Telur þú að Þingeyri, Flateyri og Suðureyri eigi einhverja framtíð sem útgerðarstaðir?

„Sjávarútvegur hefur víða dregist saman á landinu og nokkuð ljóst að nálægðin við fiskimiðin er ekki eins afgerandi og áður var. Við teljum hins vegar að sá þróttmikli sjávarútvegur sem hér er hafi mikla burði til að vaxa enn frekar t.d. með auknu fiskeldi og framförum í vinnslutækni.“

7. Hver hefði að þínu mati orðið kostnaður Ísafjarðarbæjar við Landsmót 2004? Hefði þeim fjármunum verið betur varið á þann hátt en til annarra verkefna og til greiðslu skulda?

„Við teljum að kostnaðurinn við að halda landsmótið hefði numið verulegum fjárhæðum og töldum að þeim peningum væri betur varið til að styrkja fjárhagsstöðu bæjarfélagsins.“

8. Verður kjördæmabreytingin til hagsbóta eða ógagns fyrir Ísafjarðarbæ og Vestfirði alla? Rökstyddu svarið.

„Við teljum að kjördæmabreytingin verði heldur til góðs, það lá fyrir að fækka þyrfu þingmönnum Vestfjarða vegna misvægis atkvæða og teljum betra að hafa fleiri þingmenn í stórum kjördæmi, en fáa í litlu kjördæmi.“

9. Telur þú að Ísafjarðarbær eigi að leggja fram fé til kaupa á fiskveiðheimildum? Rökstyddu svarið.

„Við teljum að breyta þurfi lögum til að hagkvæmt sé að stofna kvótastjóð. Miðað við núverandi lög þyrfi að kaupa skip líka og kostnaðurinn yrði of mikill. Að öðru leyti teljum við að fjárhagsstaða bæjarfélagsins gefi ekki möguleika á að leggja fram fé til kaupa á aflaheimildum, en teljum það geta orðið í samvinnu við ríki og Bygðastofnun.“

10. Telur þú að ferðaþjónusta verði í raun og veru umtalsverð búbot fyrir atvinnulífið í Ísafjarðarbæ á næstu árum eða gera menn sér tálvonir í þeim efnum?

„Nú þegar er ferðaþjónust-



an orðin umsvifamikil atvinnugrein í bæjarfélaginu og við viljum styðja við bakid á þessari atvinnugrein með almennum aðgerðum. Við teljum að „Perlan“ Vestfirðir eigi eftir að vera mikið aðdráttarafli bæði fyrir innlenda sem erlenda ferðamenn í framtíðinni.“

11. Í fullri alvöru: Telur þú að hægt verði að halda nokkurn veginn núverandi íbúafjölda í Ísafjarðarbæ næstu fjögur árin? Næstu tíu árin?

„Við fögnum þeirri ákvörðun Alþingis að samþykkja byggðaaætlun ríkisstjórnarinnar með þeirri breytingu að Ísafjörður verði styrktur sem byggðakjarni. Við munum fylgja því fast eftir að þeirri stefnumörkun verði hrint í framkvæmd og teljum að það, ásamt öðru, muni verða til þess að íbúum bæjarins fjölgi á næstu árum.“

12. Hver er spá þín um skiptingu bæjarfulltrúa milli framboðslista í kosningunum 25. maí?

„Það kemur upp úr kjörkössunum að kveldi 25. maí nk.“

13. Hver eru að þínu mati þrjú merkustu málin sem bæjarstjórn hefur afgreitt á kjörtímabilinu?

„Ráðstöfun byggðakvótans í upphafi kjörtímabilsins, sala Orkubúsins og samstaðan um gerð byggðaaætlunar fyrir

Vestfirði.“

14. Hver eru að þínu mati þau þrjú mál, sem bæjarstjórn hefur tekist verst til með á kjörtímabilinu?

„Við teljum að yfirleitt hafi tekist vel til með mál á kjörtímabilinu.“

15. Ef þú fengir einræðisvald í bæjarmálum Ísafjarðarbæjar í einn dag, hvaða þrjú mál myndir þú láta hafa forgang og afgreiða?

„Mjög óraunhæf spurning og ekki svaraverð.“

16. Telur þú fjölda framboðanna í Ísafjarðarbæ til marks um virkt lýðræði eða um glundroða – eða eitthvað annað?

„Það er réttur allra að mega bjóða sig fram til bæjarstjórnar, en við teljum að sú samstaða sem hefur verið hér á síðasta kjörtímabili hafi verið bæjarfélaginu til góðs.“

17. Ýmsir halda því fram að pólitíkin í Ísafjarðarbæ sé bragðdaufari en hún var löngum hérna fyrir vestan. Ef þú telur að það sé rétt, hver er ástæðan? Er þetta jákvætt eða neikvætt? Telur þú þetta merki um að það fólk sem nú gefur kost á sér í pólitík sé duglausara en áður eða hæfara til þess að starfa á fríðsamlegan hátt?

„Við teljum að sú samstaða sem hefur verið á kjörtímabilinu og friður í bæjarmálum hafi verið jákvætt fyrir bæjarfélagið og einnig að vel hafi

Bæjarins besta leitaði skriflegra svara við allmörgum spurningum frá þeim sem skipa efsta sætið á hverjum framboðslista við sveitarstjórnarkosningarnar í Ísafjarðarbæ. Svör oddvitanna sex fara hér á eftir. Þau ættu að bregða nokkru ljósi á viðhorf þeirra til ýmissa málefna sem varða Ísafjarðarbæ og kosningarnar á laugardaginn. Röð svarenda hér í blaðinu er af handahófi.

verið unnið að málum og málefnalega.

18. Á þessu kjörtímabili hafa sömu flokkar og skipa ríkisstjórn verið saman í meirihluta í bæjarstjórn

Ísafjarðarbæjar. Telur þú að þetta hafi verið jákvætt eða neikvætt fyrir meirihluta bæjarstjórnar og þá að hvaða leyti?

„Jákvætt.“



Haldór Jónsson, Nýju afli í Ísafjarðarbæ

1. Var það rétt ákvörðun, að allur byggðakvóti Ísafjarðarbæjar skyldi fara til Þingeyrar? A) Miðað við þær forsendur sem lágu fyrir á þeim tíma? B) Ef litid er frá sjónarhóli dagsins í dag?

A:) „Þetta er afskaplega flókið mál. Byggðakvótanum

var á sínum tíma úthlutað til fleiri byggðarlaga en Þingeyrar. Það var síðan ákvörðun bæjarstjórnar að úthluta honum í einu lagi til Þingeyrar. Til þess að sá gjörningur gengi upp þurfti að leita víðtækrar sáttar en því miður var það ekki gert eins og í ljós hefur

komið með málarekstri fyrir-tækja á Suðureyri og Flateyri. B:) Öll byggðarlög Ísafjarðarbæjar gætu þegið aukinn aflakvóta í dag.“

2. Telur þú að rétt hafi verið að selja hlut Ísafjarðarbæjar í Orkubúi Vestfjarða? Ef svo er, hvernig rökstyður þú það? Ef ekki, hvernig telur þú að fjárhagur bæjarins væri nú ef það hefði ekki verið gert?

„Fyrsti maður á A-lista óskaði eftir upplýsingum um forsendur bæjarfélaganna fyrir sölu og framfærðarsýn stjórnenda Orkubúsins vegna aukinnar samkeppni milli orkufyrirtækja. Engin svör bárust utan fúkyrðasvar stjórnarformanns Orkubúsins sem ekkert skýrði. Erfitt er því að sjá hvaða forsendur lágu til grundvallar sölu nema ef vera skyldu þær að skuldir bæjarins hafa á aukist hröðum skrefum á kjörtímabilinu. Þær hafa aukist um 751 milljónir á þessu tímabili og því ljóst að grípa verður til aðgerða. Salan ein og sér leysir þann vanda ekki heldur linar aðeins þjáningar um skeið. Frambjóðendur A-listans telja að áður en bein sala kom til greina hefði átt að beita eignarhlutnum í Orkubúinu til þess að tosa hingað fleiri atvinnutækifæri með hugsanlegri samvinnu eða sameiningu orkufyrirtækja. Því miður var það ekki gert.“

3. Eru aldraðir vanræktir hvað varðar þjónustu af hálfu Ísafjarðarbæjar? Rökstyddu svarið.

„Aldraðir eru ekki vanræktir í þjónustu bæjarins. Það er alltof sterkt til orða tekið. Hinsvegar má margt færa til betri vegar. Við teljum að stórbæta þurfi kynningu meðal aldraða um réttindi sín, skyldur og þjónustu þá er þeim stendur til boða. A-listinn vill að unnin verði fagleg úttekt á stöðu öldrunarmála í sveitarfélaginu með það að markmiði að þjónustan verði í samræmi við þarfir á hverjum tíma og tryggt sé að öldruðum séu ljós réttindi sín og þjónusta sem í boði er. Einnig verði tryggt að gætt sé að fullu kostnaðarskiptingar milli ríkis og sveitarfélaga í málaflokknum.“

4. Telur þú að það hafi verið rétt ákvörðun að sameina sveitarfélögin sex sem mynda Ísafjarðarbæ? Telur þú að sameiningin hafi tekist sem skyldi? Telur þú að einhverjir hlutar bæjarfélagsins húi við verri hag en ef ekki hefði verið sameinað?

„Já það var rétt ákvörðun á sínum tíma. Hinsvegar hefur núverandi bæjarstjórn ekki klárað sameininguna þ.e. hagræðing sem sameiningunni átti að fylgja hefur ekki að fullu komið fram. Það voru hinsvegar mistök að treysta ríkisvaldinu í þessu dæmi. Þar hafa loforð ekki verið efnd. Stærstu mistökinn sem gerð voru við sameininguna voru þau að kynna ekki fyrir fólki hversu illa sveitarfélögin voru í raun stöð og hvað hefði beðið íbúa þeirra við óbreyttan

rekstur. Því er fólk í dag að bera saman ólíka hluti. Það er hugsanlegt að einhverjir hlutar húi við verri kost en áður en klárlega búa allir við betri kost en hefði orðið án sameiningar.“

5. Telur þú skynsamlegt að sveitarfélögin þrjú á norðanverðum Vestfjörðum verði sameinuð í eitt?

„Einhvern tímann í framtíðinni gæti það orðið skynsamlegt. En það er algjörlega ótímabært í dag vegna þess að Ísafjarðarbær verður að klára fyrri sameiningu áður en farið verður að huga að þeirri næstu. Það er grundvallaratriði.“

6. Telur þú að dagar Ísafjarðar sem eins af helstu útgerðarstöðum landsins séu taldir? Telur þú að Þingeyri, Flateyri og Suðureyri eigi einhverja framtíð sem útgerðarstaðir?

„Þessir staðir hafa látið mikið á sjá undanfarin ár bæði af manna og náttúrunnar völdum. Það er grundvallaratriði hvað sjávarútveginn varðar að menn komist að því af hverju flestir fiskistofnar fara sífellt minnkandi. Ef við höfum kjark til þess að komast að því og bæta úr þá hef ég ekki áhyggjur af þessum stöðum sem útgerðarstöðum.“

7. Hver hefði að þínu mati orðið kostnaður Ísafjarðarbæjar við Landsmót 2004? Hefði þeim fjármunum verið betur varið á þann hátt en til annarra verkefna og til greiðslu skulda?

„Því miður voru vinnubrögð bæjarstjórnar í þessu máli þannig að aldrei lá ljóst fyrir að okkar mati hver raunverulegur kostnaður við móts-haldið yrði. Slíkt mótshald hefði getað orðið lyftistöng fyrir mannlífið en því miður snérist það upp í andhverfu sína og lausatök bæjarstjórnar urðu þess valdandi að umræðan um mótshaldið skaðaði byggðirnar og íþróttahreyfinguna.“

8. Verður kjördæma-breytingin til hagsbóta eða ógagns fyrir Ísafjarðarbæ og Vestfirði alla? Rökstyddu svarið.

„Hún getur auðvitað orðið hvort sem er. Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þarf að vera mjög vakandi yfir þeim möguleikum sem þessi breyting getur skapað. Ég óttast hinsvegar að svo hafi ekki verið hingað til. Að Ísafjörður skipi stórt hlutverk í hinu nýja kjördæmi sem nokkurskonar miðvörður. Verði það gert getur þetta haft góð áhrif. Staðreyndin er hins vegar sú að þessar breytingar koma til vegna fólksflotta frá landsbyggðinni. Fólksflotta sem verður að stöðva sem fyrst.“

9. Telur þú að Ísafjarðarbær eigi að leggja fram fé til kaupa á fiskveiðiheimildum? Rökstyddu svarið.

„Nei. Á undanförunum árum hafa horfið héðan aflaheimildir að verðmæti 15-20 milljarðar króna. Það er útilokað miðað við fjárhagsstöðu bæjarins að við getum keypt okkur til baka inn í þetta kerfi

fyrir peninga úr bæjarsjóði. Atvinnulífið verður að byggja upp með öðrum aðgerðum. Með þessu er ég ekki að segja að ekki eigi að byggja upp sjávarútveg þvert á móti. Þar hefur A-listinn einn flokka lagt fram nýjar hugmyndir sem ég hvet fólk til þess að kynna sér í stefnuskrá okkar.“

10. Telur þú að ferðabjónusta verði í raun og veru umtalsverð búbot fyrir atvinnulífið í Ísafjarðarbæ á næstu árum eða gera menn sér tálvönir í þeim efnunum?

„Ferðabjónustan er umtalsverð búbot fyrir atvinnulífið í Ísafjarðarbæ. Ekkert er í spilunum annað en að svo verði áfram. Uppbyggingin er hinsvegar langtímaverkefni og verður að líta á það sem slíkt. Þar eru ennþá ónýttir möguleikar og tækifæri sem vinna þarf að í samstarfi við fólk og fyrirtæki í greininni.“

11. Í fullri alvöru: Telur þú að hægt verði að halda nokkurn veginn núverandi íbúafjölda í Ísafjarðarbæ næstu fjögur árin? Næstu tíu árin?

„Það ræðst af mörgu. Fyrsti prófsteinninn eru komandi bæjarstjórnarkosningar. Takist núverandi meirihluta að halda völdum eins og hann stefnir að þá eru ekki miklar líkur til þess að hér fari að fjölga að nýju. Takist heldur ekki að breyta hugarfari þeirra sem landinu stjórna þá fer ekki að fjölga hér. Í komandi kosningum geta kjósendur sent

ráðamönnum skýra viðvörðun og ósk um breytingar með því að kjósa A-listann. Með samstilltu átaki er þetta hægt og þá getur farið að fjölga hér.“

12. Hver er spá þín um skiptingu bæjarfulltrúa milli framboðslista í kosningunum 25. maí?

„Erekkir spámaður. Vonandi kíkja kjósendur bak við glansmynd meirihlutans og þá verða söguleg úrslit.“

13. Hver eru að þínu mati þrjú merkustu málin sem bæjarstjórn hefur afgreitt á kjörtímabilinu?

„Það er auðvitað töluvert afrek að takast að gera minnihlutann samábyrgan meirihlutunum í flestum stórum málum.“

14. Hver eru að þínu mati þau þrjú mál, sem bæjarstjórn hefur tekist verst til með á kjörtímabilinu?

„Efst á listanum er auðvitað hækkan skulda á þremur árum um 751 milljón króna. Ómarkviss og lítt trúverðug vinnubrögð í mörgum málum eins og landsmót UMFÍ, vímuvarnarmálum, sölu á Orkubúinu atvinnumálum og fleiri og fleiri. Stefubreyting í hafnarmálum sem kostað hefur bæ og ríki tugi milljóna króna.“

15. Ef þú fengir einræðisvald í bæjarmálum Ísafjarðarbæjar í einn dag, hvaða þrjú mál myndir þú láta hafa forgang og afgreiða?

„Hef bara ekki áhuga á slíku. Er í svo skemmtilegum

hópi á A-listanum að ég get bara ekki hugsað mér starfið án þeirra.“

16. Telur þú fjölda framboðanna í Ísafjarðarbæ til marks um virkt lýðræði eða um glundroða – eða eitthvað annað?

„Stjórn mála flokkarnir í landinu eru fimm. Við skulum ekki gleyma því. Það er útbreiddur misskilningur sem reynt er að koma inn hjá fólki að það hafi einhver einkarétt á að bjóða fram og það sé eitthvað tákni um upplausn að framboðum fjölgi. Það getur ekki verið tákni um ábyrgð og festu að viðhalda því ástandi sem hér ríkir. Við verðum að blása í fólk kjark. En við megum ekki gera það með fölskum glansmyndum. Sú óstjórn sem hér hefur ríkt, án átaka að vísu, er ekki framtíðin. Að framboð skuli koma fram utan hefðbundinna stjórn mála flokka er auðvitað þroskamerki þeirra sem að því standa. Það er þó til fólk hér ennþá sem ekki lætur bjóða sér hvað sem er.“

17. Ýmsir halda því fram að pólitíkin í Ísafjarðarbæ sé bragðdaufari en hún var löngum hérna fyrir vestan. Ef þú telur að það sé rétt, hver er ástæðan? Er þetta jákvætt eða neikvætt? Telur þú þetta merki um að það fólk sem nú gefur kost á sér í pólitík sé duglausara en áður eða hæfara til þess að starfa á friðsamlegan hátt?

„Hún er bragðdaufari vegna

þess að hér hefur ekki verið starfandi minnihluti með sjálfstæðar skoðanir og getu til þess að veita aðhald. Engum meirihluta er það hollt að starfa án óflugs minnihluta. Frjó umræða og aðhald verður að vera til staðar. Við sjáum líka hvað gerist þegar minnihlutinn stendur sig ekki. Skuldasöfnun hefur farið úr böndum, og mjög ómarkviss vinnubrögð eiga sér stað í mörgum málum eins og áður hafa verið nefnd. Minnihluti sem telur það aðalsmerki sitt að hafa komist í gegnum kjörtímabil án átaka við þessar kringumstæður hann er bara ekki að rækja skyldur sínar.“

18. Á þessu kjörtímabili hafa sömu flokkar og skipa ríkisstjórn verið saman í meirihluta í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Telur þú að þetta hafi verið jákvætt eða neikvætt fyrir meirihluta bæjarstjórnar og þá að hvaða leyti?

„Undir flestum kringumstæðum ætti það ekki að vera verra. Til þess að við högnumst á því þurfa forystumenn okkar í hérðaði að njóta trúnaðar forystunnar. Svo virðist ekki vera ef marka má vinnubrögð í kringum hina makalaus byggðaaætlun. En best er auðvitað að hér sé rekin öflug hagsmunagæsla á vegum sveitarfélagsins óháð stjórn mála flokkum á hverjum tíma.“

Sjá næstu opnu.

Auglýsing um framboð vegna almennra sveitarstjórnarkosninga 25. maí 2002

Eftirtaldir framboðslistar bárust yfirkjörstjórn Bolungarvíkur fyrir lok framboðsfrests vegna sveitarstjórnarkosninga er fram fara þann 25. maí 2002 og hafa verið úrskurðaðir gildir.



Bolungarvík, 4. maí 2002

Yfirkjörstjórn Bolungarvíkur.

D listi Sjálfstæðisflokks

1. Elías Jónatansson, framkvæmdastjóri, Grænuhlíð 19, Bolungarvík.
2. Daðey S. Einarsdóttir, rekstrarfræðingur, Hólastíg 5, Bolungarvík.
3. Ragna J. Magnúsdóttir, húsmóðir, Hólastíg 1, Bolungarvík.
4. Sölvi R. Sólbergsson, tæknifræðingur, Hlíðarstræti 8, Bolungarvík.
5. Finnbogi Bjarnason, þjónustufulltrúi, Skólastíg 6, Bolungarvík.
6. Jenný Hólmsteinsdóttir, viðskiptafræðingur, Völusteinsstræti 14, Bolungarvík.
7. Anna S. Jörundsóttir, snyrtifræðingur, Miðstræti 16, Bolungarvík.
8. Baldur Smári Einarsson, viðskiptafræðingur, Holtastíg 18, Bolungarvík.
9. Signý Þorkeldsdóttir, fiskvinnslukona, Traðarstíg 3, Bolungarvík.
10. Ólafur Jens Daðason, sjómaður, Völusteinsstræti 10, Bolungarvík.
11. Anna G. Edvardsdóttir, skólastjóri, Hjallastræti 22, Bolungarvík.
12. Helgi Jónsson, rafeindavirki, Hafnargötu 117, Bolungarvík.
13. Halldór Jón Hjaltason, húsasmiður, Traðarlandi 6, Bolungarvík.
14. Ólafur Kristjánsson, bæjarstjóri, Vitastíg 20, Bolungarvík.

K listi Bæjarmálafélags Bolungarvíkur

1. Bergur Bjarni Karlsson, verkstjóri, Hlíðarvegi 14, Bolungarvík.
2. Soffía Vagnsdóttir, skólastjóri, Þjóðólfsvegi 9, Bolungarvík.
3. Ketill Elíasson, útgerðarmaður, Traðarstíg 1, Bolungarvík.
4. Krístrún Hermannsdóttir, trúnaðarm. fatl. á Vestfj., Grundarhóli 1, Bolungarvík.
5. Magnús Hávarðarson, tölvu- og kerfisfræðingur, Traðarlandi 1, Bolungarvík.
6. Sólveig Sigurðardóttir, starfsmaður heimaþjónustu, Hlíðarstræti 3, Bolungarvík.
7. Jóhann Hannibalsson, bóndi, Hanhóli, Bolungarvík.
8. Lárus Benediktsson, verkamaður, Holtabrún 17, Bolungarvík.
9. Gunnar Sigurðsson, iðnaðarmaður, Hólsvegi 6, Bolungarvík.
10. Sigurgeir Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri, Brúnalandi 7, Bolungarvík.
11. Ragnheiður A. Arnarsdóttir, verkamaður, Þuridarbraut 7, Bolungarvík.
12. Guðmundur Ó. Reynisson, verkamaður, Skólastíg 14, Bolungarvík.
13. Renata Anna Nowak, verkamaður, Stigahlíð 2, Bolungarvík.
14. Karvel Pálmason, fyrrv. alþingismaður, Traðarstíg 12, Bolungarvík.

Lárus G. Valdimarsson, Samfylkingunni

1. Var það rétt ákvörðun, að allur byggðakvóti Ísafjarðarbæjar skyldi fara til Þingeyrar? A) Miðað við þær forsendur sem lágu fyrir á þeim tíma? B) Ef lítið er frá sjónarhóli dagsins í dag?

„Já það er ég sannfærður um, enda held ég að jafnvel hörðustu gagnrýnendur þeirrar ákvörðunar á sínum tíma viðurkenni það í dag. Í þeim samningi sem gerður var á milli aðila var kveðið á um að Fjölfnir myndi treysta grunnlandvinnslu á Þingeyri. Samkvæmt þeim upplýsingum sem ég hef fengið hefur fyrirtækið staðið við þá samninga og gott betur.“

2. Telur þú að rétt hafi verið að selja hlut Ísafjarðarbæjar í Orkubúi Vestfjarða? Ef svo er, hvernig rökstyður þú það? Ef ekki, hvernig telur þú að fjárhagur bæjarins væri nú ef það hefði ekki verið gert?

„Já, ég tel að við höfum ekki átt aðra úrkosti í þeirri stöðu sem fjármál bæjarins voru komin á þeim tíma. Á hinn bóginn tel ég þau skilyrði sem fylgdu kauptilboði ríkisins hafi verið óásættanleg með öllu. Með því að samþykka tilboð ríkisins með þeim skilyrðum sem sett voru tel ég að við höfum í reynd afsalað okkur fjárhagslegum sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélagsins. Meirihlutinn samþykkti þetta tilboð ríkisins en við í minnihluta vildum gera ríkinu gagnartilboð þar sem engin slík skilyrði fylgdu. Ég tel rétt að benda á að árið 2000 voru útgjöld bæjarins komin í um 95% af tekjum og skuldastaðan mjög alvarleg. Ég læt lesendum eftir að reikna út hver staðan væri í dag ef eignarhluti okkar í OV hefði ekki verið seldur.“

3. Eru aldrei vanræktir hvað varðar þjónustu af hálfu Ísafjarðarbæjar? Rökstyddu svarið.

„Félagsstarf eldri borgara er of fábreytt og ekki geta allir nýtt sér það. Engin starfsemi er á sumrin utan dagdeildar á Hlíf. Bæta þarf heimaþjónustu þannig að fólk geti búið lengur í eigin húsnæði. Kostnaðarhlutdeild eldri borgara er of mikil fyrir þá þjónustu sem þeim stendur til boða af hálfu bæjarins. Of langir biðlistar eru eftir þjónustubúðum og aðbúnaður þjónustudeildar er ábótavant. Af þessari upptalningu má ráða að margt má betur fara í þjónustu bæjarins við eldri borgara.“

4. Telur þú að það hafi verið rétt ákvörðun að sameina sveitarfélögin sex sem mynda Ísafjarðarbæ? Telur þú að sameiningin hafi tekist sem skyldi? Telur þú að einhverjir hlutar bæjarfélagsins búi við verri hag en ef ekki hefði verið sameinað?

„Ég tel að megin hugmyndin að baki sameiningar sé rétt,

einfaldlega vegna aukinna umsvifa og ábyrgðar sveitarfélaga í stórum málaflokkum. En markmiðsetningu og framkvæmd var mjög ábótavant. Taka þarf tillit til landfræðilegra aðstæðna í dreifðum sveitarfélögum eins og Ísafjarðarbæ og Fjarðarbyggð svo dæmi sé tekið. Ekki hefur það auðveldað að tekjur sveitarfélagsins hafa minnkað vegna manngerðra hamfara í atvinnulífi okkar. Ég er sannfærður um að minni sveitarfélögin standa betur þjónustulega og tel að þau standi að sumu leyti betur í undirstöðu- atvinnugreininni sjávarútvegi en Ísafjörður.“

5. Telur þú skynsamlegt að sveitarfélögin þrjú á norðanverðum Vestfjörðum verði sameinuð í eitt?

„Út frá forsendunni að sameinig sveitarfélaga eigi að miðast við atvinnu- og þjónustulegar heildir þá tel ég svo vera. En einnig má ná markmiðum sameiningar með aukinni og markvissri samvinnu í stórum málaflokkum. Fyrir Bolvíkinga er sameining kannski ekki sérlega eftirsóknarverð þar sem staða þeirra í þjónustulegu tilliti gagnvart sínum íbúum er tilgöngulega góð. En sveitarfélag með nærri sex þúsund íbúa er auðvitað sterkara en sveitarfélag með rúmlega fjögur þúsund íbúa.“

6. Telur þú að dagar Ísafjarðar sem eins af helstu útgerðarstöðum landsins séu taldir? Telur þú að Þingeyri, Flateyri og Suðureyri eigi einhverja framtíð sem útgerðarstaðir?

„Nei því trúi ég ekki og er reyndar sannfærður um að okkar tími mun koma þegar tekist hefur að lagfæra ágalla núverandi fiskveiðistjórnunarkerfis. Ég tel að staða Þingeyrar, Flateyrar og Suðureyri ráðist að miklu leyti af bættum rétti strandveiðiflotans til veiða á heimamíðum. Þessi byggðarlög eiga því mikla möguleika á að vaxa og dafna takist að breyta núverandi kerfi.“

7. Hver hefði að þínu mati orðið kostnaður Ísafjarðarbæjar við Landsmót 2004? Hefði þeim fjármunum verið betur varið á þann hátt en til annarra verkefna og til greiðslu skulda?

„Ég tel að heildarkostnaður hefði orðið á bilinu 340-400 milljónir króna og að framlag ríkisins hefði að hámarki geta orðið 45-50 milljónir. Ákvörðunin um að hætta við að halda Landsmót 2004 var öllum bæjarfulltrúum erfið en ég greiddi atkvæði með þeirri ákvörðun og það svarar seinni spurningunni. Það er ástæða til að vekja athygli á því að minnihlutinn kaus að láta hagsmunum heildarinnar ráða för í þessu máli sem öðrum, en féll ekki í þá freistni að láta eigin pólitíska hagsmunum



ráða.“

8. Verður kjördæmabreytingin til hagsbóta eða ógagns fyrir Ísafjarðarbæ og Vestfirði alla? Rökstyddu svarið.

„Það er frumforsenda að takist styrkja Ísafjarðarsvæðið sem byggðakjarna, takist það þá tel ég að við eigum góða möguleika á að hafa mikil áhrif í þessu nýja kjördæmi. Hér myndi skapast mótvægi við stór-Akranes svæðið og þannig hefðum við nokkuð um þróun mála að segja á kjördæmisvísu.“

9. Telur þú að Ísafjarðarbær eigi að leggja fram fé til kaupa á fiskveiðheimildum? Rökstyddu svarið.

„Það koma upp í hugann margar spurningar í þessu sambandi varðandi útfærslu á hugmyndinni að kvótabanka. Til þess að slík aðgerð skilaði árangri þá þyrfti að kaupa umtalsvert magn aflaheimilda, mitt mat að lágmarki 1000 tonn. Það kallar á fjárfestingu sem nemur um 8-900 milljónir eða sem er hátt í heildartekjur bæjarfélagsins á ári. Ef gert er ráð fyrir 10% ávöxtunarkröfu þess fjármagns þá yrði leiguverð slíkra aflaheimilda um 80-90 kr á hvert kíló fiskis. Er það skynsamleg leið að opinberir aðilar eins og sveitarfélög hér vestra væru í kvótabraski á sama tíma og við erum að berjast fyrir breytingum á fiskveiðikerfinu?“

10. Telur þú að ferðapjónusta verði í raun og veru umtalsverð búbot fyrir atvinnulífið í Ísafjarðarbæ á næstu árum eða gera menn sér tálvönir í þeim efnun?

„Ég tel að Vestfirðir í heild hafi mikla möguleika í ferðapjónustu enda mikill áhugi fyrir svæðinu í dag. Á sýningunni „Perlan Vestfirðir“ sýndu fjölmargir áhuga á að ferðast til Vestfjarða. Með markvissri markaðssetningu og áherslu á vistvæna og menningartengda ferðapjónustu má ná góðum árangri að mínu mati. Ferðapjónusta hef-

alltaf einum og þá eru eftir þrír sem Sjálfstæðismenn fá. En þetta getur því miður farið mun verr en það verður bara að koma í ljós. Eins og segir í ágætum texta „...það fer sem fer og varla verr...“

13. Hver eru að þínu mati þrjú merkustu málin sem bæjarstjórn hefur afgreitt á kjörtímabilinu?

„Að hafa tekist að halda uppi góðu þjónustustigi þrátt fyrir erfiðan fjárhag. Kvótaúthlutun byggðakvótans til Þingeyrar. Stofnun Skóla- og Fjölskylduskrifstofu. Stefnumótun í atvinnumálum ásamt gerð Byggðaáætlunar fyrir Vestfirði.“

14. Hver eru að þínu mati þau þrjú mál, sem bæjarstjórn hefur tekist verst til með á kjörtímabilinu?

„Niðurlægning okkar við sölu á eignarhlut í OV. Að ekki skyldi takast að setja á stofn Eignarhaldsfélag og styrkja AtVest. Að ekki skuli enn liggja fyrir lausn á húsnæðismálum Grunnskólans á Ísafirði.“

15. Ef þú fengir einræðisvald í bæjarmálum Ísafjarðarbæjar í einn dag, hvaða þrjú mál myndir þú láta hafa forgang og afgreiða?

„Stofna Eignarhaldsfélag til stuðnings nýsköpun í atvinnulífinu. Bæta íbúalýðræði með formlegum samskiptum íbúasamtaka og bæjaryfirvalda. Ná fram skynsamlegri og skýrri stefnu um forgangsröðun í vegsamgöngum sem taka mið af raunhæfum heildraenum hagsmunum Ísafjarðarbæjar.“

16. Telur þú fjölda framboðanna í Ísafjarðarbæ til marks um virkt lýðræði eða um glundroða – eða eitthvað annað?

„Eftir að hafa kynnt mér áherslur nýju framboðanna í þeirra stefnuskrám get ég ómögulega séð að þær skeri sig í veigamiklum atriðum frá áherslum D, B og S. Að auki er ekki hægt með nokkru móti að halda því fram virkni lýðræðis verði mældur í fjölda framboða. Horfum til Ítalíu þar sem fjöldi smáflokka er mikill og skipt er um ríkisstjórnir tvisvar á ári, ætlar einhver að halda því fram að á Ítalíu sé lýðræðið virkara en

annars staðar í vestur Evrópu?! Svar mitt er „...eitthvað annað...“ og vísa að öðru leyti til greinar minnar „Bræðralag“ á heimasíðu Samfylkingarinnar samfylking.it.is.“

17. Ýmsir halda því fram að pólitíkin í Ísafjarðarbæ sé bragðdaufari en hún var löngum hérna fyrir vestan. Ef þú telur að það sé rétt, hver er ástæðan? Er þetta jákvætt eða neikvætt? Telur þú þetta merki um að það fólk sem nú gefur kost á sér í pólitík sé duglausara en áður eða hæfara til þess að starfa á friðsamlegan hátt?

„Pólitík á Ísafirði var þekkt sem óvenju hörð og óvægin hér í eina tíð. Líta ber á að framboð affpreyingar var mun takmarkaðra en nú er þannig að sjálfsagt hefur verið grundvöllur fyrir „pólitískt leikhús“ á þeim tímum. Það leikhús þjónaði kannski svipuðu hlutverki og hringleikahús Rómverja forðum daga í þeirri hörðu lífsbaráttu sem háð var hér. Veruleiki dagsins í dag er allt annar í flestu tilliti og rekstur bæjarfélagsins mun flóknari en áður var. Þetta kallar á ný viðhorf og vinnubrögð allra þeirra sem starfa á hinu pólitíska sviði bæjarfélagsins í dag.“

18. Á þessu kjörtímabili hafa sömu flokkar og skipa ríkisstjórn verið saman í meirihluta í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Telur þú að þetta hafi verið jákvætt eða neikvætt fyrir meirihluta bæjarstjórnar og þá að hvaða leyti?

„Að öllu jöfnu hefði það átt að vera jákvætt vegna tengsla bæjarfulltrúa meirihlutans við ráðamenn sinna flokka. En af einhverjum ástæðum hefur bæjarfulltrúum meirihlutans gengið illa að eiga við sýna menn í ríkisstjórn þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Skýringar er víða að finna, en mín skoðun er sú að þessu valdi ekki síst uppbyggin valdakerfis Sjálfstæðisflokks sem krefst skilyrðislausrar hlýðni við Foringjann. Öll gagnrýni og efasemdir um óskeikulleika Foringjans eru illa séðar og umfram allt – slíkt gleymist aldrei!“

Sveitarstjórnarkosningar í Bolungarvík 2002



Kjörfundur vegna sveitarstjórnarkosninganna, þann 25. maí 2002, verður haldinn í fundarsal Ráðhúss Bolungarvíkur að Aðalstræti 12.

Kjörfundur hefst kl. 10:00 árdegis og stendur til kl. 22:00 síðdegis. Talning atkvæða fer fram í Ráðhússalnum að kjörfundi loknum.

Yfirkjörstjórnin í Bolungarvík.

Ertu orðin(n) áskrifandi? Gerist áskrifendur í síma 456 4560.



Magnús R. Guðmundsson, Frjálslyndum og óháðum

1. Var það rétt ákvörðun, að allur byggðakvóti Ísafjarðarbæjar skyldi fara til Þingeyrar? A) Miðað við þær forsendur sem lágu fyrir á þeim tíma? B) Ef lítið er frá sjónarhóli dagsins í dag?

„A) Miðað við þá hnignum, sem orðið hefur í sjávarútvegi í Ísafjarðarbæ í tíð núverandi meirihluta, m.a. með brott-hvarfi 12-13.000 tonna í þorskiöldum þegar Básafell, sem bæjarsjóður átti stóran hlut í og einn mann í stjórn, liðaðist í sundur án þess að nokkur hluti starfseminnar yrði eftir hér í bænum, þá var fátt til ráða. Byggðakvótinn, þessi hungurlús (innan við 400 tonn), var ekki til skipt-anna og rétt að láta hann renna til Þingeyrar þar sem ástandið var verst. Við aðrar aðstæður hefði verið verið æskilegt að nota jafnréttisregluna. B) Já.“

2. Telur þú að rétt hafi verið að selja hlut Ísafjarðarbæjar í Orkubúi Vestfjarða? Ef svo er, hvernig rökstyður þú það? Ef ekki, hvernig telur þú að fjárhagur bæjarinn væri nú ef það hefði ekki verið gert?

„Salan á Orkubúi Vestfjarða lýsir best úrræðaleysi og skammsýni bæjarstjórnarinnar. Um var að ræða stöndugt, vestfirskt fyrirtæki, undir stjórn okkar sjálfra, með mikla framtíðarmöguleika í virkjunum á Vestfjörðum. Ríkisstjórnin lagði fram gylliboð m.a. til þess að gera upp vandann í félagslega íbúðarkerfinu sem hún frábað sér allri ábyrgð. Þau sveitarfélög önnur á Íslandi, sem eru í vanskilum vegna þessa kerfis og engar eignir eiga til að selja, munu hagnast á okkar kostnað. Orkubúið verður sameinað Rarik og Rarik rennt inn í Norðurorku á Akureyri. Við missum fjölda starfa ef að

líkum lætur. Fjárhagur Ísafjarðarbæjar væri að sjálf-sögðu lakari ef salan hefði ekki farið farm, en hvað getum við selt næst?“

3. Eru aldraðir vanræktir hvað varðar þjónustu af hálfu Ísafjarðarbæjar? Rökstyddu svarið.

„Þjónusta við aldraða á Ísafirði er betri en víðast hvar annars staðar á landinu, en það merkir ekki að hún sé eins góð og ætti að vera. Við eigum að sýna öldruðum meiri virðingu og þakklæti fyrir að hafa búið í haginn fyrir okkur, hina yngri. Almennt eru álögur á aldraða of miklar. Hvað á það t.d. að þíða að rukka aldrað fólk á Hlíf fyrir snjósmokstur af gangstéttum við húsið? Hvíllík ósvífni.“

4. Telur þú að það hafi verið rétt ákvörðun að sameina sveitarfélögin sex sem mynda Ísafjarðarbæ? Telur þú að sameiningin hafi tekist sem skyldi? Telur þú að einhverjir hlutar bæjarfélagsins búi við verri hag en ef ekki hefði verið sameinað?

„Íbúarnir ákváðu sameininguna í almennum kosningum. Margt hefði mátt betur á þeim 6 árum sem liðin eru frá sameiningu t.d. í grunnskólumálunum, en þar hefur ekkert raunhæft hefur gerst á því kjörtímabili sem er nú að líða. Hvernig staðan væri ef ekki hefði komið til sameiningar er ómögulegt að segja til um.“

5. Telur þú skynsamlegt að sveitarfélögin þrjú á norðanverðum Vestfjörðum verði sameinuð í eitt?

„Þetta er ekki spurning um skynsemi heldur vilja. Í dag virðist skorta vilja til samstarfs hjá þessum þremur sveitarfélögum í mörgum mikilvægum málum, hvað þá til sameiningar. Sameining

verður þegar fólkið er tilbúið til slíks.“

6. Telur þú að dagar Ísafjarðar sem eins af helstu útgerðarstöðum landsins séu taldir? Telur þú að Þingeyri, Flateyri og Suðureyri eigi einhverja framtíð sem útgerðarstaðir?

„Ef sú trú einstakra bæjarfulltrúa núverandi meirihluta, að ekki megi gagnrýna stjórnvöld fyrir eyðibygðastefnu sína og að atvinnumál séu ekki málaflökur sem heyrir undir sveitarstjórnir, verður ofaná, þá er framtíð Ísafjarðar sem útgerðarbæjar í hættu. Ef aftur á móti þau sjónarmið, sem F-listinn stendur fyrir, fá brautargengi, verður barist af alefli fyrir því að Ísafjörður geti rétt úr kútnum. Ef það dugmikla fólk, sem býr í dag á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri, fær að bjarga sér á sínum eigin forsendum, þá er framtíð þessara staða björt.“

7. Hver hefði að þínu mati orðið kostnaður Ísafjarðarbæjar við Landsmót 2004? Hefði þeim fjármunum verið betur varið á þann hátt en til annarra verkefna og til greiðslu skulda?

„Nettó kostnaður við landsmót UMFÍ hefði getað orðið lægri en bæjarstjórnin taldi, vegna hærri styrkja frá ríkissjóði, þótt þeir styrkir kæmu á lengri tíma en 3 árum. Bæjarstjórnin hafði ekki metnað til að halda þetta mót og því var gott að geta slegið það af vegna kostnaðar sem ekki var ljós. Það verður bið á því að æskufólk í Ísafjarðarbæ búi við sambærilegar aðstæður og komnar eru í öllum öðrum landshlutum, m.a. í sundi og frjálsum íþróttum, verði meirihlutinn áfram við völd. Fé til eflingar íþróttastöðu í Ísafjarðarbæ er vel varið.“

8. Verður kjördæmabreytingin til hagsbóta eða ógagns fyrir Ísafjarðarbæ og Vestfirði alla? Rökstyddu svarið.

„Kjördæmabreytingin, sem taka á gildi á næsta ári, lýsir nú betur en flest annað þeirri mágsefjun sem stundum verður á Alþingi Íslendinga. Sem betur fer greiddi Vestfjarðþingmenn, að mig minnir, ekki atkvæði með þessari vitlesu, þeim er ekki allsvarnað.“

9. Telur þú að Ísafjarðarbær eigi að leggja fram fé til kaupa á fiskveiðiheimum? Rökstyddu svarið.

„Úr því að Orkubúið var selt, er sjálfsgætt að nýta hluta af því fé, sem nú er á sparisjóðsbókum, til kaupa á varanlegum kvóta. Kvótinn yrði til ráðstöfunar fyrir alla þá sem gera út dagróðrabáta frá Ísafjarðarbæ og eiga þar heima. Aflanum yrði landað hér og unninn á staðnum. Byggðastofnun yrði að sjálfsgættu að koma að þessu máli eins og í Vesturbýggð og Tálknafirði. Margfeldisáhrif af stofnun kvótasjóðs yrðu mikil og umsvif, m.a. í höfnum Ísafjarðarbæjar, myndu aukast til muna.“

10. Telur þú að ferðþjónusta verði í raun og veru

umtalsverð búbot fyrir atvinnulífið í Ísafjarðarbæ á næstu árum eða gera menn sér tálvönir í þeim efnum?

„Það er ástæða til að binda miklar vonir við eflingu ferðþjónustu í Ísafjarðarbæ, en leita þarf allra ráða til að lengja ferðamannatímabilið. Ferðamálafulltrúi þarf að geta einbeitt sér að ferðamálum og hagsmunasamtök í ferðþjónustu hér á svæðinu eiga að stýra þeirri vinnu.“

11. Í fullri alvöru: Telur þú að hægt verði að halda nokkurn veginn núverandi íbúafjölda í Ísafjarðarbæ næstu fjögur árin? Næstu tíu árin?

„Ef við Vestfirðingar höldum sjálfsvirðingunni og látum ekki troða á rétti okkar og tökum upp harða baráttu, getum við með samstilltu átaki reynt að skapa þau skilyrði að fólki fjölgi hér á komandi árum. Þetta verður hörð baráttu enda við harðvítuga andstæðinga að glíma. Við vonum að stríðið vinnist.“

12. Hver er spá þín um skiptingu bæjarfulltrúa milli framboðslista í kosningunum 25. maí?

„Það er enginn spámaður í sínu föðurlandi. Ætli við látum ekki fyrirtækið Talna-könnun um spádómanna og kannanirnar, mér skilst að Framsóknarflokkurinn fái um 60% atkvæða og aðrir eitthvað minna, ef marka má nýjustu tölur.“

13. Hver eru að þínu mati þrjú merkustu málin sem bæjarstjórn hefur afgreitt á kjörtímabilinu?

„Fulltrúar meirihlutans hafa tekið skýrt fram, að þeir vinni verk sín í kyrrþey og án þess að almenningur verði var við. Afrek meirihlutans eru því ókunn.“

14. Hver eru að þínu mati þau þrjú mál, sem bæjarstjórn hefur tekist verst til með á kjörtímabilinu?

„Sjá 13. lið hér að framan.“

15. Ef þú fengir einræðisvald í bæjarmálum Ísafjarðarbæjar í einn dag, hvaða þrjú mál myndir þú láta hafa forgang og afgreiða?

„Koma skoðunum bæjarbúa á eyðibygðastefnu ríkisstjórnarinnar á framfæri, þannig að ekki verði misskilid, og setja fram kröfur um að fólkið fái að bjarga sér til lands og sjávar og lifa eðlilegu lífi. Tryggja velferð og jafnrétti barna, aldraðra og öryrkja. Hrinda í framkvæmd nú þegar því sem meirihlutinn hefur vanrækt allt kjörtímabilið í málefnum grunnskólans.“

16. Telur þú fjölda framboðanna í Ísafjarðarbæ til marks um virkt lýðræði eða um glundroða – eða eitthvað annað?

„Frammistaða núverandi meirihluta í Ísafjarðarbæ á líðandi kjörtímabili kallar á miklar breytingar. Þeir 5 stjórn-málaflök sem starfandi eru í landinu bjóða allir fram, einir eða í samsarfi við aðra, og auk þess bæjarmálafélagið Nýtt afl. Þessu verður meirihlutinn að taka, þótt hann þoli illa gagnrýni. Það þvælist fyrir

lýðræðið, eða hvað? Í Ísafjarðarbæ gefur það tækifæri til nauðsynlegra breytinga.“

17. Ýmsir halda því fram að pólitíkin í Ísafjarðarbæ sé bragðdaufari en hún var löngum hérna fyrir vestan. Ef þú telur að það sé rétt, hver er ástæðan? Er þetta jákvætt eða neikvætt? Telur þú þetta merki um að það fólk sem nú gefur kost á sér í pólitík sé duglausara en áður eða hæfara til þess að starfa á friðsamlegan hátt?

„Í gegnum tíðina hefur margt ágæis fólk starfað í sveitarstjórn í Ísafjarðarbæ og víst er um það að oft var barist harðar en í dag fyrir málefnum bæjarinnar. Ef nefna ætti eina breytingu frá fyrri tíð þá er það helst að nú skortir sjálfstæði og frumkvæði bæjar-

stjórnarinnar. Ósjálfstæði og leit að úrræðum annars staðar frá má ekki verða ráðandi í stjórn bæjarinnar í framtíðinni. Tíminn leiðir ávallt í ljós hvort fólk hefur sýnt þrek og þor eða verið duglaust. Þar sem lítið er gert ríkir oftast friður.“

18. Á þessu kjörtímabili hafa sömu flokkar og skipa ríkisstjórn verið saman í meirihluta í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Telur þú að þetta hafi verið jákvætt eða neikvætt fyrir meirihluta bæjarstjórnar og þá að hvaða leyti?

„Hér áður fyrr hefði þetta vafalaust verið jákvætt, en nú er ríkisstjórninni nákvæmlega sama um afdrif einstakra sveitarfélaga út um land. Það er mikil breyting frá því sem áður var.“



Lilja Rafney Magnúsdóttir, Vintri grænum

1. Var það rétt ákvörðun, að allur byggðakvóti Ísafjarðarbæjar skyldi fara til Þingeyrar? A) Miðað við þær forsendur sem lágu fyrir á þeim tíma? B) Ef lítið er frá sjónarhóli dagsins í dag?

„A) Já á þeim tíma var atvinnuástandið á Þingeyri það slæmt að sú ákvörðun var rétt. B) Ákvarðanir byggjast á stöðu mála hverju sinni, í dag getum við ekki vitað fyrir víst hvernig atvinnumál hefðu þróast þar ef þessi byggðakvóti hefði ekki komið til. Miðað við núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi þarf að vera miklu meiri byggðakvóti til útteilingar þegar sjávarbyggðimar eru í vanda sem núverandi stjórnvöld bera ábyrgð á.“

2. Telur þú að rétt hafi verið að selja hlut Ísafjarðarbæjar í Orkubúi Vestfjarða? Ef svo er, hvernig rökstyður þú það? Ef ekki, hvernig telur þú að fjárhagur bæjarinn væri nú ef það

hefði ekki verið gert?

„Nei ég tel þá ákvörðun ekki rétta, ríkisvaldið á ekki að beita slíkum þvingunaraðgerðum gagnvart sveitarfélögum í vanda. Það átti að koma með öðrum hætti að til að leysa vandann í félagslega húsnaðiskerfinu sem er ekki bara vandi Vestfjarða heldur víðar á landsbyggðinni og er afleiðing fólksfækkunar og líka þess að nægir tekjustofnar hafa ekki fylgt þeim verkefnum sem færst hafa frá ríki til sveitarfélaga svo eitthvað sé nefnt. Fjárhagur bæjarinnar væri lakari sem því nemur en bæjarfélagið lifir ekki til lengdar á því að selja eignir og éta sig þannig niður, það er lítil framtíð í því ef störfum fækkar og starfsemi dregst saman í kjölfarið þá erum við á rangri braut.“

3. Eru aldraðir vanræktir hvað varðar þjónustu af hálfu Ísafjarðarbæjar? Rökstyddu svarið.

„Við leggjum áherslu á efl-

ingu heimaþjónustu og heimahjúkrunar svo öldruðum gefist kostur á að vera sem lengst heima ef aðstæður leyfa. Við teljum að fella eigi niður fasteignagjöld á tekjulitla aldraða íbúa og stöðva gjaldtökur fyrir félagslega þjónustu aldraðra. Aðbúnaður aldraðra á alltaf að vera í stöðugri umræðu og skoðun, hvar þörfin er brýnust hverju sinni, hvort sem um er að ræða legu, hjúkrunarrými, þjónustuíbúðir eða öfluga heimaþjónustu. Það er alltaf hægt að gera betur.“

4. Telur þú að það hafi verið rétt ákvörðun að sameina sveitarfélögin sex sem mynda Ísafjarðarbæ? Telur þú að sameiningin hafi tekist sem skyldi? Telur þú að einhverjir hlutar bæjarfélagsins búi við verri hag en ef ekki hefði verið sameinað?

„Já, ég tel það hafa verið rétta ákvörðun. Sameiningin er orðin að veruleika og tekur eðlilega sinn tíma að slípast vel til en það er undir okkur sjálfum komið, að við gætum jafnræðis milli byggðakjarna, það á ekki að vera velta sér upp úr fortíðinni, heldur horfa fram á við og vinna vel saman. Það eru okkar framtíðarhagsmunir.“

5. Telur þú skynsamlegt að sveitarfélögin þrjú á norðanverðum Vestfjörðum verði sameinuð í eitt?

„Vilji íbúar þeirra sameinast þá á að sameina, lögbæingun er óæskileg allra vegna.“

6. Telur þú að dagar Ísafjarðar sem eins af helstu útgerðarstöðum landsins séu taldir? Telur þú að Þingeyri, Flateyri og Suðureyri eigi einhverja framtíð sem útgerðarstaðir?

„Ég hef fulla trú á að sjávarútvegur eigi framtíð fyrir sér á öllum þessum stöðum, annað væri algjör uppgjöf. Síðan er það fólksins að kjósa þá flokka til ábyrgðar sem vilja breyta fiskveiðilöggjöfni til hagsbótar fyrir landsbyggðinna, það vilja Vinstri grænir.“

7. Hver hefði að þínu mati orðið kostnaður Ísafjarðarbæjar við Landsmót 2004? Hefði þeim fjármunum verið betur varið á þann hátt en til annarra verkefna og til greiðslu skulda?

„Við hefðum viljað láta reyna á hvort hægt hefði verið að halda landsmótið. Því hefðu fylgt fjármunir frá ríkinu til varanlegrar uppbyggingar á þróttamannvirkjum og skilað sér í margfeldisáhrifum inn á svæðið og jákvæðri ímynd Ísafjarðarbæjar. Nákvæmir kostnaðarútreikningar liggja ekki fyrir svo ekki eru forsendur til að veita og meta hvernig þessi fjárfesting hefði nýst sveitarfélaginu í samanburði við önnur verkefni þess.“

8. Verður kjördæmabreytingin til hagsbóta eða ógagns fyrir Ísafjarðarbæ og Vestfirði alla? Rökstyddu svarið.

„Kjördæmið verður mjög víðfemt og ólíkir hagsmunir þar innbyrðis og ómögulegt er að segja til um hver áhrifin

verða í kjölfar þessara breytinga. Ég yrði ekki hissa á því að úr því sem komið er myndi næsta skref vera að gera landið allt að einu kjördæmi, það þyrfti ekki að koma verr út þegar upp er staðið.“

9. Telur þú að Ísafjarðarbær eigi að leggja fram fé til kaupa á fiskveiðiheimildum? Rökstyddu svarið.

„Allt sem snýr að atvinnuuppbyggingu í Ísafjarðarbæ verður að skoða í samhengi. Við hjá Vinstri grænum viljum hafa allar forsendur upp á borðinu í þeim efnum áður en við tækjum ákvörðun um kaup á fiskveiðiheimildum, en við viljum ekki útiloka þann möguleika frekar en aðra í atvinnuuppbyggingu.“

10. Telur þú að ferðaþjónusta verði í raun og veru umtalsverð búbot fyrir atvinnulíf í Ísafjarðarbæ á næstu árum eða gera menn sér tálvönir í þeim efnum?

„Ferðaþjónusta á eftir að aukast mikið á Vestfjörðum næstu árin og við verðum að samhæfa vel alla þjónustu sem svæðið hefur upp á að bjóða, svo hægt sé að taka á móti þeim mikla fjölda ferðafólks sem mun sækja Vestfirði heim í framtíðinni og skila okkur dágóðri búbot í tekjum.“

11. Í fullri alvöru: Telur þú að hægt verði að halda nokkurn veginn núverandi íbúafjölda í Ísafjarðarbæ næstu fjögur árin? Næstu tíu árin?

„Annað er að halda og hitt er að vilja með öflugri atvinnuuppbyggingu og nýrri ríkisstjórn með Vinstri grænum innbyrðis er allt mögulegt.“

12. Hver er spá þín um skiptingu bæjarfulltrúa milli framboðslista í kosningunum 25. maí?

„Eigum við ekki að segja að allir fái örugglega einn og restinni sé skipti framboðin bróðurlega á milli.“

13. Hver eru að þínu mati þrjú merkustu málin sem bæjarstjórn hefur afgreitt á kjörtímabilinu?

„Það hefur farið svo hljótt um þau mál að ekkert sérstakt hefur staðið upp úr.“

14. Hver eru að þínu mati þau þrjú mál, sem bæjarstjórn hefur tekist verst til með á kjörtímabilinu?

„Að ekki hafi verið lögð meiri áhersla á atvinnumálin og röng forgangsröðun verk- efna, sala Orkubúsins og að landsmótið skyldi ekki vera haldið.“

15. Ef þú fengir einræðisvald í bæjarmálum Ísafjarðarbæjar í einn dag, hvaða þrjú mál myndir þú láta hafa forgang og afgreiða?

„Einræðisherrar eru ekki okkur að skapi hjá Vinstrihreyfingunni grænu framboði. Við viljum koma á virku íbúalýðræði og vinna með íbúunum að okkar stefnumálum.“

16. Telur þú fjölda framboðanna í Ísafjarðarbæ til marks um virkt lýðræði eða um glundroða – eða eitthvað annað?

„Fimm flokkar sem bjóða fram eru starfandi á landsvísu og eiga fulltrúa á Alþingi og mjög eðlilegt að þeir bjóði fram stefnu sína í sveitarstjórnunum við búum sem betur fer við lýðræði og allir eiga rétt á að bjóða sig fram til sveitarstjórnar það er merki um skoðanafrelsi.“

17. Ýmsir halda því fram að pólitíkin í Ísafjarðarbæ sé bragðdaufari en hún var

löngum hérna fyrir vestan. Ef þú telur að það sé rétt, hver er ástæðan? Er þetta jákvætt eða neikvætt? Telur þú þetta merki um að það fólk sem nú gefur kost á sér í pólitík sé duglausara en áður eða hæfara til þess að starfa á friðsamlegan hátt?

„Tímarnir breytast og mennirnir með, var veðrið ekki líka miklu betra hér áður fyrr. Nei, án gríns, Vestfirð-

ingar eiga mikið af dugmiklu og hæfileikaríku fólki sem er tilbúið að vinna vel fyrir sitt bæjarfélag.“

18. Á þessu kjörtímabili hafa sömu flokkar og skipa ríkisstjórn verið saman í meirihluta í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Telur þú að þetta hafi verið jákvætt eða neikvætt fyrir meirihluta bæjarstjórnar og þá að hvaða leyti?

„Það hefði átt að vera jákvætt fyrir núverandi meirihluta að ná fram málum fyrir sitt bæjarfélag en árangurinn hefur ekki verið eins og búast hefði mátt við. Þeir hlýta vilja ríkisstjórnarinnar í einu og öllu og mótmæla engu sem frá henni kemur, sama hvað mikið það skaðar hagsmuni landsbyggðarinnar. Sem segir okkur að þessir flokkar hafa reynst landsbyggðinni illa.“

Halldór Halldórsson, Sjálfstæðisflokki

1. Var það rétt ákvörðun, að allur byggðakvóti Ísafjarðarbæjar skyldi fara til Þingeyrar? A) Miðað við þær forsendur sem lágu fyrir á þeim tíma? B) Ef lítið er frá sjónarhóli dagsins í dag?

„A) Miðað við stöðuna á Þingeyri á þeim tíma varð að bregðast við og því var það rétt ákvörðun á þeim tíma. B) Ef verið væri að úthluta byggðakvóta í dag miðað við stöðuna eins og hún er núna væri ákvörðunin áreiðanlega með öðrum hætti. Það breytir samt ekki ákvörðun sem búíð er að taka og hafði mjög jákvæðar afleiðingar fyrir atvinnulíf á Þingeyri.“

2. Telur þú að rétt hafi verið að selja hlut Ísafjarðarbæjar í Orkubúi Vestfjarða? Ef svo er, hvernig rökstyður þú það? Ef ekki, hvernig telur þú að fjárhagur bæjarins væri nú ef það hefði ekki verið gert?

„Já, því það breytti fjárhagsstöðu Ísafjarðarbæjar til hins betra og virkar þ.a.l. sem fjárhagslegur drifkraftur fyrir samfélagið allt. Ísafjarðarbær fékk 1,4 milljarð í sinn hlut. Ef þeir fjármunir hefður ekki komið til hefðum við ekki getað greitt niður óhagstæð lán og hefðum orðið að taka ný lán á háum vöxtum. Fjárhagur bæjarins væri verri sem því nemur.“

3. Eru aldraðir vanræktir hvað varðar þjónustu af hálfu Ísafjarðarbæjar? Rökstyddu svarið.

„Nei. Ef við berum saman þjónustu sveitarfélaga má glögglega sjá að öldrunarþjónusta Ísafjarðarbæjar er með því besta sem þekkist á landinu þótt vissulega megi gera betur. Nýlega gaf Ísafjarðarbær út þjónustubækling þar sem ýmissi þjónustu við aldraða er lýst. Lágur lífeyrir allflestra eldri borgara og lág skattleysismörk einstaklinga eru mikið áhyggju- efni okkar og því mun D-listinn beita sér fyrir enn frekari lækun fasteignaskatta á eignum eldri borgara í Ísafjarðarbæ.“

4. Telur þú að það hafi verið rétt ákvörðun að sameina sveitarfélögin sex sem mynda Ísafjarðarbæ? Telur þú að sameiningin hafi tekist sem skyldi? Telur þú að einhverjir hlutar bæjarfélagsins búi við verri hag en ef ekki hefði verið samein-

ad?

„Já, það var rétt að sameina þessi sveitarfélög til að efla sveitarfélagið sem heild og gera það að enn öflugri stjórn- sýslueiningu. Þótt öll markmið sameiningar hafi ekki enn gengið eftir verður að hafa í huga að sameining sveitarfélags til fulls er talin taka 12-16 ár sé miðað við reynslu nágrannaþjóða okkar og einnig þeirra sem hafa gengið í gegnum sameiningar hér heima. Þjónustan breytist við sameiningu en þar með er ekki sagt að hún versni. Í mörgum tilfellum batnar hún og ný þjónusta kemur, t.d. almennings- samgöngur. Ég tel að hagur sveitarfélagsins væri verri ef ekki hefði verið sameinað. Sameining styrkir sveitarfélög sem stjórnsýslueiningar sé til lengri tíma lítið og færir þeim verkefni sem þau annars væru ekki fær um að vinna.“

5. Telur þú skynsamlegt að sveitarfélögin þrjú á norðanverðum Vestfjörðum verði sameinuð í eitt?

„Já, það er rökrétt og jafnvel nauðsynlegt að þau verði sameinuð í náinni framtíð, til að efla svæðið sem atvinnu- og þjónustusvæði með markvissari hætti. Forsenda sameiningar verður þó fyrst og fremst að vera vilji íbúanna til þess að takast á við það í sameiningu að styrkja þetta svæði í heild sinni.“

6. Telur þú að dagar Ísafjarðar sem eins af helstu útgerðarstöðum landsins séu taldir? Telur þú að Þingeyri, Flateyri og Suðureyri eigi einhverja framtíð sem útgerðarstaðir?

„Nei, það er alrangt að telja svo, enda sjávarútvegur ein helsta atvinnugrein okkar og uppstaða samfélagsins. Í Hnífsdal er eitt stórt og öflugt útgerðar- og fiskvinnslufyrirtæki með heimahöfn á Ísafirði og nokkur smærri fyrirtæki ýmist í fiskvinnslu eða útgerð sem starfa á Ísafirði og hafa alla burði til að eflast í náinni framtíð, sama er að segja um Flateyri, Suðureyri og Þingeyri, þar er öflug útgerð smábáta ásamt því að þar starfa sterk fiskvinnslufyrirtæki. Samfélag sem byggir á öflugum einstaklingum eins og Ísafjarðarbær, horfir ekki fram á að dagar þess séu taldir í útgerð eða öðrum atvinnugreinum.“

7. Hver hefði að þínu mati



orðið kostnaður Ísafjarðarbæjar við Landsmót 2004? Hefði þeim fjármunum verið betur varið á þann hátt en til annarra verkefna og til greiðslu skulda?

„Áætlaður kostnaður samkvæmt mjög vandaðri kostnaðaráætlun við landsmót var 300 milljónir og framkvæmdatími innan við tvö ár. Þessi kostnaður hefði bætst við áætlaðan kostnað við byggingu skólahúsnæðis fyrir grunnskólann á Ísafirði samkvæmt þriggja ára áætlun og sett hefur verið í forgangsröð framkvæmda. Það var mat allra bæjarfulltrúa að svo kostnaðarsöm aðgerð væri ekki framkvæmanleg á svo skömmum tíma. Það verður að líta til þess að nauðsynlegt er að taka á skuldum Ísafjarðarbæjar áður en miklir fjármunir eru settir í mannvirkjauppbyggingu. Þess vegna verður fjármunum alltaf best varið til að lækka skuldir því með þeim hætti verður sveitarfélagið margfalt öflugra og færara um að takast á við framtíðina.“

8. Verður kjördæmabreytingin til hagsbóta eða ógagns fyrir Ísafjarðarbæ og Vestfirði alla? Rökstyddu svarið.

„Allar breytingar fela í sér tækifæri og það er okkar að virkja þær til hagsbóta fyrir Ísafjarðarbæ og Vestfirði alla. Það að eiga samleið í nýju kjördæmi með öðrum íbúum þessa lands, fólki frá ólíkum atvinnu- og búsetusvæðum gefur okkur vissulega mögu-

leika og svigrúm til þess að vera sterkari og að eiga samleið með fleirum í hagsmunabaráttu okkar. Líklega verður þessi kjördæmaskipan ekki langlíf og ég býst frekar við að landið verði eitt kjördæmi sem er betri skipan mála en risavaxin landsbyggðarkjördæmi.

9. Telur þú að Ísafjarðarbær eigi að leggja fram fé til kaupa á fiskveiðiheimildum? Rökstyddu svarið.

„Ekki með beinum kaupum á aflaheimildum, en með stofnun t.d. eignarhaldsfélags til að styrkja stöðu atvinnufyrirtækja með tímabundnum hætti væri komið til móts við fyrirtæki í útgerð og fiskvinnslu sem önnur, eftir þeim reglum sem slíkt félag starfaði eftir. Einnig á Ísafjarðarbær að beita sér samkvæmt tillögu í Vestfirskri byggðáætlun um að fara í samstarf við ríkið um stofnun kvótasjóds. Áhættan sem felst í því fyrir Ísafjarðarbæ einan og sér að kaupa kvóta er óásættanleg. Róttæk- arbreytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu gætu gert þá kvótaeign verðminni og valdið bæjarsjóði miklu tapi. Engin trygging er heldur fyrir því hve mikil jákvæð áhrif slík kaup hefðu.“

10. Telur þú að ferðaþjónusta verði í raun og veru umtalsverð búbot fyrir atvinnulíf í Ísafjarðarbæ á næstu árum eða gera menn sér tálvönir í þeim efnum?

„Ferðaþjónusta er ört vaxandi atvinnugrein og hefur skilað hlutfallslega mestri

aukningu á s.l. árum í tekjum landsmanna, það er því rétt að gera ráð fyrir aukningu á Vestfjörðum sem og annarstaðar. Galli á þessum atvinnuvegi er sá að hann árs-tíðabundnari en annar og því er nauðsynlegt að efla markaðssetningu og þjónustu sem sniðin er að slíkum aðstæðum. Ísafjarðarbær hefur tekið mjög virkan þátt í markaðssetningu og vinnu með ferðaþjónustunni á ótal sviðum. Þarna liggja mjög miklir möguleikar og ferðaþjónusta á Vestfjörðum hefur vaxið hægt en örugglega. Velta ferðaþjónustu í Ísafjarðarbæ einum á síðasta ári er áætluð um 500 milljónir.“

11. Í fullri alvöru: Telur þú að hægt verði að halda nokkurn veginn núverandi íbúafjölda í Ísafjarðarbæ næstu fjögur árin? Næstu tíu árin?

„Í fullri alvöru, já. Bæjarfélagið Ísafjarðarbær hefur verið í sókn þrátt fyrir áföll í atvinnulífinu og þrátt fyrir fólksfækkun síðustu ára. Það sýnir svo ekki er um villst að hér vill fólk búa. Samfélagsleg þjónusta er góð; skólar, leik-

skólar félagsþjónusta og fl. Hér starfa framsækin fyrir-tæki, hér er blómstrandi menning og hér er öflugt íþróttalíf og falleg útivistarsvæði. Hér býr fólk sem vill og ætlar sér að skapa sér og sínum tækifæri í skapandi umhverfi og framsæknu bæjarfélagi. Á næstu tíu árum erum við sannfærð að hér muni verða fjölgun frá því sem nú er, verði unnið eftir þeim línunum sem við erum að leggja.“

12. Hver er spá þín um skiptingu bæjarfulltrúa milli framboðslista í kosningunum 25. maí?

„Það er von mín að kjósendur veiti D-listanum brautargengi en spá um skiptingu milli svo margra framboða sem raun ber vitni er erfitt að gera.“

13. Hver eru að þínu mati þrjú merkustu málin sem bæjarstjórn hefur afgreitt á kjörtímabilinu?

„Bygðakvóti á Þingeyri, stefnumótun í mörgum málaflokkum s.s. atvinnumálum, íþrótt- og æskulýðsmálum og skólumálum. Stofnun Skóla- og fjölskylduskrifstofu og gjörbreytt vinnubrögð í

þeim málaflokki. Gagngerar breytingar á félagslega húsnæðiskerfinu í bænnum. Í framhaldi af því áttu bæjar-yfirvöld stóran þátt í því að nýverið samþykkti Alþingi frumvarp sem gjörbreytir stöðu þeirra sveitarfélaga sem mest eiga undir í þessu kerfi. Mörkuðum atvinnumála-stefnu um mitt kjörtímabil og réðum atvinnumálafulltrúa sem unnið hefur skipulega að markaðssetningu sveitarfélagsins.“

14. Hver eru að þínu mati þau þrjú mál, sem bæjarstjórn hefur tekist verst til með á kjörtímabilinu?

„Fólki fækkar því miður ennþá þótt dregið hafi úr því. Of mikill dráttur varð á ákvörðun varðandi Landsmót 2004 sem okkur þykir miður. Nauðsynlegt er að koma á fót formlegum samstarfsvettvangi íbúa og bæjarstjórnar s.s. með reglulegum borgarafundum. Hér þarf að bæta vinnubrögð.“

15. Ef þú fengir einræðisvald í bæjarmálum Ísafjarðarbæjar í einn dag, hvaða þrjú mál myndir þú láta hafa forgang og afgreiða?

„Miðað við að ótakmarkað fjármagn sé til umráða myndi ég taka umhverfismál og ljúka við allar götur, gangstéttar og opin svæði. Gera átak í húsnæðismálum í skólumálum. Lækka álgögr á íbúana eins og mögulegt væri og veita miklu fjármagni til uppbyggingar fyrirtækja í bæjarfélaginu.“

16. Telur þú fjölda framboðanna í Ísafjarðarbæ til marks um virkt lýðræði eða um glundroða – eða eitthvað annað?

„Fjöldinn hlýtur að vera til marks um virkt lýðræði. Andstæðingarnir eiga mjög erfitt með að finna sér málstað gegn okkur því við höfum sýnt að við völdum verkinu. Allir sem bjóða sig fram til að vinna að málefnum síns samfélags hljóta að hafa sama markmiðið; að bæta sitt samfélag.“

17. Ýmsir halda því fram að pólitíkin í Ísafjarðarbæ sé bragðdaufari en hún var löngum hérna fyrir vestan. Ef þú telur að það sé rétt, hver er ástæðan? Er þetta jákvætt eða neikvætt? Telur þú þetta merki um að það fólk sem nú gefur kost á sér í pólitík sé duglausara en áður eða hæfara til þess að starfa á friðsamlegan hátt?

„Það er fyrir löngu orðið tímabært að pólitíkin hér snúist um að vinna fyrst og fremst að þeim málum sem þarf að vinna að í bæjarmálum en síður um að stíga á stökk og skemmta landslýð. Pólitíkin hefur breyst bæði hér og annars staðar. Það er jákvætt þegar fólk einbeitir sér frekar að störfum sínum en því að standa í ræðukeppni og er á engan hátt merki um að fólk sé duglausara nú en áður. Vinnubrögð hafa einfaldlega breyst og samfélagið í heild fær ávinninginn af því.“

18. Á þessu kjörtímabili hafa sömu flokkar og skipa



ÍSAFJARÐARBÆR

Kjörfundur í Ísafjarðarbæ

Kjörfundur vegna sveitarstjórnarkosninga fer fram laugardaginn 25. maí 2002. Kjörfundur hefst í öllum kjördeildum kl. 10:00 og lýkur kl. 22:00.

Kosið verður í Ísafjarðarbæ í sjö kjördeildum á eftirtöldum stöðum:

Ísafjörður: (1. - 4. kjördeild)

Kosið verður í Grunnskólanum á Ísafirði og í Barnaskólanum í Hnífsdal. Í Grunnskólanum á Ísafirði verða þrjár kjördeildir fyrir þá sem búa á Ísafirði utan Hnífsdals. Í Barnaskólanum í Hnífsdal verður ein kjördeild fyrir þá sem búa í Hnífsdal.

Suðureyri: (5. kjördeild)

Kosið verður í Félagsheimilinu á Suðureyri. Þessi kjördeild er fyrir þá er búa í Súgandafirði.

Flateyri: (6. kjördeild)

Kosið verður í Grunnskólanum á Flateyri. Þessi kjördeild er fyrir þá er búa í Önundarfirði.

Þingeyri: (7. kjördeild)

Kosið verður í Félagsheimilinu á Þingeyri. Þessi kjördeild er fyrir þá er búa í Dýrafirði, Arnarfirði og á Ingjaldssandi.

Yfirkjörstjórn vekur athygli kjósenda á ákvæði 55. gr. laga nr. 5/1998, en þar segir:

„Kjósendi skal gera kjörstjórn grein fyrir sér á kjörstað með því að framvísa kennivottorði eða nafnskrirteini eða á annan fullnægjandi hátt að mati kjörstjórnar. Ef hann þannig á rétt á að greiða atkvæði samkvæmt kjörskránni afhendir fulltrúi í kjörstjórn honum einn kjörseðil.“

Yfirkjörstjórn Ísafjarðarbæjar hefur á kjördag aðsetur í félagsmiðstöð Grunnskólans á Ísafirði, sími 456 3808.

Talning atkvæða hefst í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði að kjörfundi loknum laugardaginn 25. maí 2002 og er öllum opin.

Yfirkjörstjórn Ísafjarðarbæjar

Björn Jóhannesson,

Fylkir Ágústsson,

Smári Haraldsson.



Sími: 450 4400 • Fax: 450 4419

Heimasíða: www.fvi.is • Netfang: mi@fvi.is

Innritun hafin

Innritun er hafin í Menntaskólann á Ísafirði. Tekið er við umsóknum á skrifstofu skólans frá kl. 08:15 til 16:00.

Endurrituner til 7. júní. Innritun nýnema fer fram 10. og 11. júní. Brýnt er að grunnskólaskírteini fylgi umsóknum.

Bóknámsbrautir:

Almenn námsbraut.

Félagsfræðibraut.

Málabraut.

Náttúrufræðibraut.

Iðn- og starfstengdar brautir:

Grunndeildir bíliðna, matvæla, rafiðna og tréiðna.

Málmiðnbraut.

Sjúkraliðabraut.

Starfsbraut.

Viðskiptabraut.

Vélstjórn 1. og 2. stigs.

Samningsbundið iðnnám.

Um inntöku í skólann er farið eftir reglugerð nr. 98/2000, sjá vefslóð:

<http://brunnur.stjr.is/mrn/logogregl.nsf/nrar/reglugerdir982000>.

Skólameistari.

bb.is

– dagblað á netinu!



ÍSAFJARÐARBÆR

EYRARSKJÓL

Á leikskólanum Eyrarskjóli er laus 50% staða e.h. á yngstu deildinni, þar sem aldur barnanna er 1-3 ára. Vinnutími er frá kl. 13-17. Leikskólakennaramenntun eða reynsla af vinnu með börnum er æskileg. Ef þú hefur áhuga á krefjandi og skemmtilegu starfi í góðum starfsmannahóp, og ert ábyrgur og sjálfstæður einstaklingur, hafðu þá samband. Upplýsingar gefur leikskólastjóri í síma 456 3685.

Lilja Rafney Magnúsdóttir hefur alið manninn á Suðureyri við Súgandafjörð öll sín fjörutíu og fjögur ár í heiminum og unír sér vel þar innan um vinalegt fjölþjóða andrúmsloft, fjöllin háu og bestu sundlaug á norðanverðum Vestfjörðum, en þar hefur hún starfað undanfarið ár. Lilja Rafney skipar efsta sætið á lista Vinstrihreyfingarinnar – Græns framboðs í Ísafjarðarbæ fyrir komandi bæjarstjórnarkosningar og segist ætla að gera sitt til þess að byggð haldist blómleg í sveitarfélaginu Ísafjarðarbæ nái hún kjöri á laugardaginn.



„Í pólitík er það innihaldið sem skiptir máli en ekki umbúðirnar“

– segir Lilja Rafney Magnúsdóttir, oddviti Vinstrihreyfingarinnar – Græns framboðs í Ísafjarðarbæ

Öflugri vinstristefna rekin hjá Vg

Eins og nafn framboðslistans sem Lilja stýrir gefur til kynna stendur hún talsvert vinstra megin við miðju í sínum skoðunum. Hún hefur alla tíð haft brennandi áhuga á félags- og stjórnmálum, hefur starfað lengi sem formaður Súganda, verkjalýðs- og sjómannaafélag Súgandafjarðar, og er núna varaformaður Alþýðusambands Vestfjarða. Lilja hóf formlega stjórnmálaþátttöku fyrir fimmtán árum með Alþýðubandalaginu sáluga og bauð fram á vegum þess flokks í alþingiskosningum ársins 1991. Hún var næstu tvö kjörtímabil þar á eftir varapringmaður Vestfjarðakjördæmis fyrir Alþýðubandalagið og tók þá nokkurn þátt í þingstörfum, en þegar flokkurinn flosnaði upp í kjölfar tilrauna vinstri manna til þess að sameina sig í einn flokk gekk hún til liðs við Vinstrihreyfinguna – Grænt framboð. „Ég fann strax að ég átti samleið með þeim sjónarmiðum sem þar ríktu, mér fannst stefna Vinstrihreyfingarinnar – Græns framboðs vera mun öflugri vinstristefna en rekin er í Samfylkingunni og svo höfðuðu umhverfissjónarmið flokksins einnig sterkt til mín,“ segir Lilja

Enginn raunhæfur áhugi á sameiginlegu framboði

-Tala framboðslista í Ísafjarðarbæ hefur tvöfaldast frá

síðustu bæjarstjórnarkosningum, en þá buðu A-flokkarnir tveir og Kvennalistinn fram sameiginlegan lista undir formerkjum Bæjarmálaráðs Ísafjarðarbæjar og fengu fjóra menn kjörna. Kom aldrei til greina að stofna til viðlíka samstarfs fyrir bæjarstjórnarkosningarnar nú?

„Félagsdeild Vinstri grænna var stofnuð í Ísafjarðarbæ sl. janúar og þá var strax ákveðið að vinna að framboði fyrir þessar bæjarstjórnarkosningar, þar sem við töldum vera mikla þörf fyrir að stefna okkar kæmist í framkvæmd í sveitarstjórn sem víðast um landið. Við sem skipum stjórn félagsdeildarinnar í Ísafjarðarbæ skoðuðum jarðveginn fyrir sameiginlegu framboði meðal þeirra flokka sem við teljum standa okkur næst, þ.e.a.s. Samfylkingunna og Frjálslyndra, en hvorugur þessara aðila virtist hafa raunhæfan áhuga fyrir samstarfi á jafnræðisgrundvelli. Þá ákváðum við að láta reyna á hvort að við hefðum ekki fulla burði til þess að bjóða fram á eigin spýtur og ég tel okkur hafa sannað það rækilega með framboðslista okkar í þessum kosningum. Hann er skipaður glæsilegu fólki úr öllum áttum sem ég tel að geti gert bæjarfélaginu mikið gagn á komandi kjörtímabili,“

„Nafn framboðsins skiptir engu svo lengi sem málefnið komast til skila“

-Var ekki stefna Vinstri

grænna líkt og Samfylkingar fyrir þessar kosningar að bjóða fram lista undir eigin nafni í flestum stærri sveitarfélögum landsins?

„Vinstri grænir fóru ekki með neina tilskipun frá einhverju æðsta ráði inn í þessar kosningar, heldur áttu félagar að meta stöðuna hverju sinni. Ef að menn töldu vænlegra til árangurs að vinna með fólki sem hefði líkar skoðanir á flestum sveitarstjórnarmálum, þó eitthvað kynni að greina á milli, átti að leitast við að vinna þannig ef hægt væri og það gerðum við. Við áttum einfaldlega að finna þá leið sem væri hagstæðust til þess að koma að þeim sjónarmiðum sem flokkurinn stendur fyrir, nafn framboðsins skiptir engu svo lengi sem málefnið komast til skila. Við vorum þó aldrei tilbúin til þess að bjóða fram undir nafni Samfylkingar fyrir fimmta sæti listans eins og okkur bauðst í vetur,“

Salan á Orkubúi Vestfjarða óheillaspor

Að sögn Lilju er Samfylkingin þó sá flokkur sem stendur Vinstri grænum hvað næst í mörgum málum og þá sérstaklega þeim er varða velferð almennra borgara. Hún segir að þessir flokkar ættu að geta unnið vel saman á sviði velferðarmála, en telur helstu ágreiningsatriði flokkana snúa að mismunandi afstöðu þeirra til einkavæðingar ríkisfyrirtækja og inngöngu Íslands í Evrópusambandið.

„Stór hluti framámanna í

Samfylkingunni virðist vera að berjast fyrir þessum málum og þar erum við þeim algjörlega ósammála. Við teljum að sú mikla einkavæðing og einkavinavæðing sem hefur átt sér stað síðustu ár sé mjög neikvæð fyrir landsbyggðina; þjónusta við hana skerðist jafnframt því sem hún hækkar í verði og það er ekki til framdráttar fyrir búsetu úti á landi.

Við teljum til að mynda að sala þegarinn á hlutabréfum sínum í Orkubúi Vestfjarða sé engan veginn jákvæð og gæti jafnvel haft þær afleiðingar til langs tíma lítið að starfsemi á þess vegum dragist saman og flytjist af svæðinu. Einkavæðingunni hefur fylgt sú þróun að starfsemi fyrirtækjanna úti á landsbyggðinni og þjónusta þar er skorin við nögl, en höfuðstöðvar eru staðsettar á höfuðborgarsvæðinu og öflugri þjónusta er sinnt þaðan. Sveitarfélög á landsbyggðinni finna vel fyrir þeim stöðugildum sem þarna tapast. Okkur veitir ekki af sem mestri fjölbreytni í atvinnulífinu og við getum vel sinnt ýmsum þjónustustörfum sem eru í opinbera geiranum, það þarf ekkert að sækja allt suður í þeim efnun,“

Erum tilbúin að ræða við alla flokka um samstarf

„Þó við séum ósammála Samfylkingunni í ýmsum málum snúast sveitarstjórnarmál þegar upp er staðið um að fólk og flokkar finni sér sameiginlegan grundvöll og vinni saman út frá honum. Við teljum

okkur ábyrg í afstöðu okkar til þeirra mála sem helst brenna á og erum tilbúin að setjast niður með öllum flokkum og reyna að finna með þeim samstarfsgrundvöll náum við kjöri,“ segir Lilja Rafney og nefnir sem dæmi um áhersluatriði sem flokkar geta sameinast um að koma í framkvæmd stefnu Vinstri grænna í sjávarútvegsmálum, sem hún segir að sé áþekkt þeirri sem Frjálslyndir berjast fyrir.

„Vinstri grænir og Frjálslyndir hafa starfað ötullega saman að þessum málum á Alþingi og verið samstíga í baráttu sinni fyrir breyttri sjávarútvegssstefnu undanfarið kjörtímabili. Ég tel að flokkarnir líkist um margt og ættu að geta náð vel saman í sveitarstjórnarmálum, allavega hvað varðar atvinnu- og sjávarútvegsmálin,“

Í landsmálapólitík eru Vinstri grænir oft kallaðir höfuðandstæðingar Sjálfstæðisflokksins og leiðtogar beggja flokka eyða miklum tíma í að gagnrýna orð og gjörðir hvors annars.

„Sjálfstæðisflokkurinn er andhverfa okkar í flestum málum þó vissulega komi fletir þar sem flokkarnir sameinast í afstöðu sinni, eins og t.d. til Evrópumála. Ég vil þó meina að í bæjarpólitík fyrirfinnst ekki neinin höfuðandstæðingar. Allir sem bjóða fram í sveitarstjórnarkosningum hljóta að hafa framgang sveitarfélagsins að höfuðmarkmiði, fólk greinir aðeins á um leiðir og forgangsröðun til þess að ná því markmiði.

Við erum jú öll að vinna að því að byggja upp gott samfélag, síðan er spurt um forgangsröðun framboðanna og trúverðugleika,“.

Megum ekki láta ungt fólk mennta sig frá Ísafjarðarbæ

-Fyrir komandi bæjarstjórnarkosningar virðast flestir framboðslistar leggja hvað mesta áherslu á atvinnumál Ísafjarðarbæjar í stefnuskrám sínum og Vinstri grænir eru þar engin undantekning. Störfum í bæjarfélaginu hefur fækkað mikið á síðustu árum og þó svo atvinnulausir séu færri í Ísafjarðarbæ en gengur og gerist á landsvísu er það að mestu tilkomið vegna brottflutnings þeirra sem fá ekki vinnu. Hvað hyggst Vinstrihreyfingin – Grænt framboð gera til þess að bæta atvinnuástandið nái flokkurinn kjöri?

„Við höfum lagt upp með það að ef atvinnulífið er öflugt og fjölbreytt þá komi allt annað í framhaldinu og okkur þykir mikið skorta á að atvinnumálin séu eins traust og þau ættu að vera. Störfum hefur fækkað undanfarin ár, útgerðarmynstur og atvinnuþættir allir hafa breyst í kjölfar sjávarútvegssstefnu ríkisstjórnarinnar og við því þarf að bregðast hið fyrsta. Við teljum hinsvegar að það sé hættulegt að einblína á sjávarútveginn einan þó hann verði undirstaðan áfram og við þurfum að byggja hann upp eins og kostur er.

Við þurfum að horfa til fjölbreytni, við vitum að ný

kynslóð af ungu fólki er nú að brjótast til menntunar og það má ekki láta þetta unga fólk mennta sig frá okkur. Því þarf að leggja áherslu á að hér séu atvinnutækifæri fyrir fólk þegar það kemur frá námi og gera kröfu til þess að hér verði staðsettur hluti af þeim störfum sem nú eru að myndast í þekkingariðnaði, hvort sem þau eru í háteknigeiranum eða rannsóknarstarfsemi ýmisskonar, t.d. tengdri sjávarútvegi. Það er mikilvægt að við fáum þessi störf inni bæjarfélagið og til þess eigum við að stofna vinnuhóp skipaðan af aðilum á svæðinu, s.s. verkálýðsfélögum, menntastofnunum, atvinnufyrirtækjum og lána- stofnunum í samvinnu við Atvinnuþróunarfélagið, sem gæti unnið markvisst að tillögum og hrint í framkvæmd átaki í atvinnumálum.

Ég held að þetta yrði öllum til framdráttar, því að ef tekjur bæjarsjóðs halda áfram að dragast saman eins og verið hefur getum við ekki staðið undir þeim kröfum sem fólk

gerir til þjónustu eigi það að búa hér. Það byggist allt á því að við höfum tekjur til framkvæmda. Það dugur ekki bara að éta sig niður og selja eignir í sífellu, hvað á eiginlega að gera þegar þær eru uppnar? Við viljum vera sjálfbjarga herna og við þurfum að fá meiri tekjur í kassann, til þess þurfum við sterkt atvinnulíf sem laðar fólk til búsetu í bæjarfélaginu.“

Heimatilbúin byggðaaætlun Vestfjarða góður hugmyndapottur

Mikið fár varð í vetur vegna frægra draga að byggðaaætlun sem Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðarráðherra, lagði fram á Alþingi og gerði ráð fyrir því að íbúum myndi ekki fjölga á Vestfjörðum í framtíðinni. Hún varð þess valdandi að sveitarfélög á Vestfjörðum sameinuðust um gerð eigin byggðaaætlunar sem skiluð var iðnaðarnefnd Alþingis í

vor. Lilja Rafney hefur kynnt sér vestfirsku áætlunina og segist ánægð með þetta framtak sveitarstjórnanna, enda sé greinilegt að mikil vinna var lögð í verkið af þeirra hálfu. Hún segir þó að eðlilegra hefði verið að Valgerður hefði leitað eftir slíkri vinnu að fyrra bragði.

„Það sem okkur vantar nú er eftirfylgni og fjármagn til þess að hrinda þeim góðu hugmyndum sem finnast í áætluninni í framkvæmd. Því miður virðast stjórnvöld hafa lítinn áhuga á því að láta fjármagn fylgja þeim byggðaaætlunum sem komið hafa fram gegnum tíðina, þar með talið þeirri nýjustu sem samþykkt var í vor. Þar eru ekki tekin alvarleg skilaboð og vilji Vestfirðinga og vestfirskir þingmenn Sjálfstæðisflokksins treystu sér ekki til þess að greiða henni atkvæði sitt,“ segir Lilja.

Handahófskennt viðhald eigna

Annað áherslumál Vinstri grænna fyrir komandi kjörtímabil er að sögn Lilju forgangsroðun verkefna í sveitarfélaginu. „Mér hefur stundum fundist viðhald eigna bæjarins vera handahófskennt, en það er kannski ekki skrytið að það skorti yfirsýn í svo víðfeðmu sveitarfélagi. Að mínu mati þyrfti að taka þessi mál föstum tökum og gera áætlanir yfir hvernig ýmsu viðhaldi skuli háttáð vegna þess að það vill bera við að ef verkefni gleymast í lengri tíma verður vinna við þau dýrari þegar loksins á að framkvæma,“ segir Lilja. Hún telur að íbúalýðræði gæti komið að góðu gagni við þessi mál og segir íbúasamtök mikilvæg í þessu samhengi.

„Þá væri málum þannig háttáð að íbúasamtök á hverju svæði fyrir sig fylgdust með því sem gera þarf þar og sæju um að reka bæinn áfram í að framkvæma nauðsynlegt viðhald og önnur verkefni sem til falla. Sem oddviti sveitarstjórnar á Suðureyri var ég á sínum tíma mjög hlynnt sameiningu sveitarfélaganna og tel ágætlega hafa tekist til með hana að flestu leyti, en þó er ýmislegt sem þarf að bæta og ég tel að aukid íbúalýðræði og samstarf íbúasamtaka og bæjarins gæti þar bjargað miklu,“

Grunnskólinn miðpunktur hvers bæjarkjarna

- Hver er afstaða þín sem íbúa eins úthverfanna þriggja til þess að kennsla eldri grunnskólaárganga fari að mestu fram á Ísafirði?

„Því er ég algjörlega andvíg. Ég tel að við ættum að forðast það í lengstu lög að færa nemendur of fjarri heimilum sínum á grunnskólaaldri. Það væri að mínu mati of mikið á krakkana lagt að ætlast til þess að þau ferðuðust langar leiðir með rútu á hverjum morgni þegar þau eru á þessum aldri og einnig er það svo að grunnskólinn er miðpunktur

Leikskólinn Grænigarður á Flateyri

Börn af sjö þjóðernum í skólanum



„Það eru 24 börn af sjö þjóðernum frá fjórum heimsálfum á leikskólanum hérna,“ segir Erna Káradóttir, leikskólustjóri í leikskólanum Grænagarði á Flateyri. En með auknum fjölda útlendinga á Flateyri fjölga að vonum börnum sem rekja uppruna sinn út í heim. Til að mæta þessum breyttu áherslum hefur meðal annars verið ráðin pólsk kona á leikskólann.

„Sum börnin hafa flutt með foreldrum sínum til landsins en flest eiga þau annað foreldrið íslenskt. Það eru aðeins sex alíslensk börn á leikskólanum, hin eru af ýmsum þjóðernum enda íbúar Vestfjarða af fjölmörgum þjóðflokkum. Leik-

skólastigið er mikilvægt til að kenna börnunum umburðarlyndi gagnvart fólki af fremandi kynþáttum,“ segir Erna.

Hún segir að mikil breidd skapist í skólafarfinu við þessar aðstæður og börnin verði búin ríkari tilfinningu fyrir umhverfinu en önnur börn. Á Grænagarði hefur verið starfað eftir svonefndri hjallastefnu frá árinu 2000 og segir Erna kosti þess ótvíræða.

„Foreldrum líkar vel við starfið hérna. Hjallastefnan gengur mikið út á reglur og

aga. Starfið er skipulagt þannig að það er aldrei neitt sem kemur börnum á óvart og veldur uppnámi. Það er mjög erfitt til dæmis fyrir börn með athyglisbresti að geta ekki gengið að skólafarfinu vísu. Til dæmis er einn þáttur stefnunnar að hafa ekkert hangandi uppá veggjum nema að tilgangur sé með því. Ekki fylla allt af teikningum bara til að nýta veggplássið“ segir Erna. Frá þessu er greint á flateyri.com.

Hvalá í Ófeigsfirði

Hagkvæmni mögulegrar virkjunnar metin

Þingsályktunartillaga um undirbúningsvinnu fyrir virkjun Hvalár í Ófeigsfirði var samþykkt á Alþingi skömmu fyrir þinglok. Í ályktuninni er iðnaðarráðherra falið að láta gera nauðsynlegar forathuganir til þess að hægt sé að meta hagkvæmni mögulegrar virkjunar og er stefnt að því að nauðsynlegum rannsóknum í þágu verkefnisins verði lokið fyrir haustið 2003. Flutningsmenn tillögunnar voru þeir Karl V. Matthíasson, Kristján L. Möller, Jóhann Ársælsson, Gísli S. Einarsson og Einar Már Sigurðarson.

Í greinargerð með tillöggunni segir að ekki sé óeðlilegt að afmarka fyrst virkjunarsvæðið og kanna hvort líkur sé á því að virkjun þarna sé hagkvæm. Er áætl-

að að umræddar rannsóknir geti kostað um tuttugu milljónir króna og fælu þær í sér samanburðar rennismælingar við láglandi, myndkort, gróðurkort, jarðfræðikort og yfirlitsathuganir á stöðuvötnum og straumvötnum.

Fram kemur í greinargerðinni að forathuganir á virkjunarmöguleikum hafi þegar farið fram og taki mið af því að miðlunarlón verði í Vatnslautavötnum í um 340–350 m hæð yfir sjávarmáli. Athuganir þessar munu byggjast á rennismælingum í Hvalá niður við sjó, en þar sem slíkt gefur aðeins hugmynd um meðalrennsli af öllu vatnsvæði árinna sé nauðsynlegt að fram fari frekari rannsóknir á vatnsmagni og afrennsli svæðisins.

Þá hafa engar náttúrufarsrannsóknir farið fram, hvorki

varðandi tæknilega útfærslu né umhverfismál, og er því talið nauðsynlegt að láta gera myndkort af öllu virkjunarsvæðinu sem nær yfir um 500 km². Þegar þau gögn liggja fyrir verði hægt að hefjast handa um gerð jarðfræðikorta og síðan gerð gróður- og vistgerðakorta ef líkur eru á að virkjun Hvalár geti orðið hagkvæm.

Loks segir í greinargerðinni að öllum megi vera ljóst hversu jákvæð áhrif það hefði á atvinnu- og mannlíf á Vestfjörðum ef virkjun Hvalár yrði að raunveruleika. Beisluð orka sé dýrmæt og yrði það Vestfirðingum mikill fengur ef koma mætti upp orku- frekri og arðvænlegri atvinnustarfsemi sem samrýmdist landsháttum.

ur hvers bæjarkjarna fyrir sig vegna þess að þeim fylgir svo mikið líf og félagsstarf. Það væri sorglegt ef skólafarfarir drægist saman á Þingeyri, Suðureyri og Flateyri, nægur er samdrátturinn á svæðinu fyrir.

Fyrst vikið er að grunnskólamáli má ég einnig til með að minnast á málefni Grunnskólans á Ísafirði. Lengi hefur staðið til að bæta úr aðstöðu þar með nýbyggingum og það var eitt helsta kosningamálefnið árið 1998, en framkvæmdir hafa ekki hafist enn þrátt fyrir að bæjarstjórn hafi haft til þess heilt kjörtímabil. Ég held að það geti allir verið sammála um að það er mjög áriðandi að fram-

kvæmdir þar hefjist hið fyrsta, eins og reyndar við Íþróttahús á Suðureyri sem verið hefur í deigluinni í fjölda ára,“

Það sem við gerum í kjörklefanum skilar sér

-Nú verður kosið á laugardaginn, en kosningabaráttan hefur verið í gangi í rúman mánuð og í sumum tilfellum hefur þannig að fólk hefur haft það á orði að hún sé orðin þreytt. Hvað finnst þér hafa einkennit kosningabaráttuna til þessa?

„Ég held að það hafi verið svolítið taugatitringur meðal sitjandi bæjarfulltrúa þegar

ljóst varð að fleiri yrðu um hituna í ár og ég greini þess merki í málflytningu þeirra. Hinsvegar hefur kosningabaráttan verið líflæg og skemmtileg það sem af er. Ég ber vonir til þess að allir bæjarbúar sýni sveitarstjórnarmálum áhuga því þetta eru mikilvæg mál- efni fyrir alla unga sem aldna. Við þurfum að vera afar meðvituð um að það sem við gerum í kjörklefanum hefur gífurleg áhrif og skilar sér í því hvernig bæjarfélagið kemur til með að þróast í framtíðinni. Það er mál sem stendur okkur öllum nærri,“ segir Lilja Rafney Magnúsdóttir að lokum og heldur hnarreist af stað til baráttunnar.



ÍSAFJARÐARBÆR

LAUST STARF

Laust er til umsóknar starf vaktstjóra við sorpbrennsluna Funa. Leitað er eftir starfsmanni með vélstjóra- eða rafvirkjamenntun. Vaktstjóri þarf að hafa frumkvæði og geta unnið sjálfstætt. Vaktstjóri er staðgengill stöðvarstjóra. Unnið er á vöktum allan sólarhringinn. Launakjör eru samkvæmt samningum F.O.S. Vest.

Nánari upplýsingar veitir stöðvarstjóri í síma 894-5959. Umsóknir berist bæjarskrifstofu á Ísafirði merktar „Vaktstjóri Funi“. Umsóknarfrestur er til mánudagsins 27. maí nk.

Stöðvarstjóri.

HLÍF TORFNESI

Sýning á handavinnu eldri borgara Ísafjarðar sem unnin hefur verið á föndurstofum Hlífar veturinn 2002 til 2002 verður föstudaginn 24. maí milli kl. 15:00 og 17:00.

Selt verður kaffi og vöfflur sem eldri borgarar sjá um og rennur ágóðinn ef einhver er í ferðasjóð aldraða á Hlíf og þeirra sem hafa greitt þátttökugjald í handavinnu í vetur. Einnig verður kökubasar og sala á handavinnu elstu borgaranna sem unnin er í dagvistun á Hlíf. Deildarstjóri handavinnu er Elísabet Kristjánsdóttir. Deildarstóri dagvistunar er Hulda Helgadóttir.

Aðstoðarforstöðumaður.

HLÍF ÍBÚÐIR ALDRAÐRA

Aðstoðarmaður óskast á vinnustofu í 50% starf eftir hádegi.

Nánari upplýsingar hjá forstöðumanni Hlífar, Elínu Þóru Magnúsdóttur í síma 456 4076.

Hefur gegnt starfi bæjarstjóra í 16 ár

Ólafur Kristjánsson bæjarstjóri í Bolungarvík hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til frekari forystustarfa fyrir Bolungarvíkurkaupstað eftir nær fjögurra áratuga starf. Í nýjasta tölublaði Vesturlands,

blaði Sjálfstæðisflokksins í Bolungarvík sem kom út á föstudag, lýsir Ólafur þessu yfir og þakkar jafnframt starfsfólki bæjarsjóðs Bolungarvíkur og stofnana fyrir gott samstarf og vináttu sem myndast

hefur þessi fjölmörgu ár.

Í grein sinni í Vesturlandi segir Ólafur: „Undanfarin 36 ár hef ég setið í sveitarstjórn, fyrst í hreppsnefnd Hóls-hrepps og síðan í bæjarstjórn Bolungarvíkur. Nú síðustu 16

ár starfað sem bæjarstjóri. Margs er að minnast frá þessum tíma – „bæði sól og regn“ – svo sem skemmtileg og farsæl tímabil mikilla umsvifa og uppbygginga, erfiðleikar við gjaldþrot fyrirtækja, mikl-

ar breytingar í útgerðarmynstri og baráttuna við að halda uppi því þjónustustigi sem nútíma þjóðfélag krefst, á sama tíma og íbúum hefur fækkað um 340 manns á sl. 20 árum og tekjur dregist saman að sama skapi.“

Síðar í grein sinni segir Ólafur: „Eins og flestum er kunnugt tók ég þá ákvörðun fyrir fjórum árum síðan að bjóða mig ekki fram til forystu við næstu sveitarstjórnarkosningar, þ.e. árið 2002. Það fylgir því vissulega söknuður að kveðja sveitarstjórnarmálin og alla þá góðu samstarfsmenn – bæði í meiri- og minnihluta, sem ég hef starfað með þessi 36 ár, ekki aðeins hér heima, heldur einnig í þeim stjórnun, ráðum og nefndum sem mér hefur verið trúað fyrir að starfa í á landsvísi í umboði Vestfirðinga. Hins vegar er það einnig ákveðinn léttir að varpa mikilli ábyrgð yfir á nýja stjórnendur og tilhlökkun að takast á við önnur viðfangsefni sem tilheyra efri árum.“



Ólafur Kristjánsson.

Ekki síður er ástæða til að færa Bolvíkingum, hvar í flokki sem þeir eru, eða óháðir, þakkar fyrir góða samvinnu. Stundum hefur mér tekið vel og stundum illa að leysa úr vandamálum þeirra sem einstaklinga eða byggðarlagsins, gert mistök eins og gengur og gerist og biðst hér með velvirðingar á þeim.“

Bæjarins besta færir Ólafi Kristjánssyni bestu þakkar fyrir ánægjulegt samstarf á þeim 19 árum sem blaðið hefur verið gefið út og óskar honum og eiginkonu hans, Herdísi Eggertsdóttur, velfarnaðar í framtíðinni.

Í festum

Flokkar þeir sem skipað hafa meirihluta bæjarstjórnar yfirstandandi kjörtímabil eru nú að reyna að ná hylli kjósenda áfram. Þeir ganga til þessara kosninga með þeim ásetningi að starfa saman áfram. Hafa enda sama sömu starfsmenn í kosningabaráttunni og senda fólk á milli sín til þess að stjórna vinnufundum hvors annars. Báðir flokkarnir nota þrjú slagorð.

Annar notar: Þekking, þróun og festa. Hinn notar: Ábyrgð, festa og framsýni. Sum sé báðir nota orðið festa. Fyrst svona margt er orðið samnýtt spyr maður sig hvort ekki hefði verið heppilegra að bjóða fram saman fyrst svona slæmt er að hafa öll þessi framboð.

Festa í atvinnumálum

Báðir guma af festu í atvinnumálum. Aldrei í sögu Ísafjarðar hafa tapast jafnmörg störf á einu kjörtímabili og nú.

Langt er síðan jafnmikið viðvarandi atvinnuleysi hefur verið á Ísafirði. Í dag eru 40 manns á atvinnuleysis-skrá. Í Skutulsfirði einum.

Aldrei hafa meðaltekjur fólks verið lægri hér fyrr. Meirihlutinn segist hafa mótað stefnu í atvinnumálum. Eigum við að kíkja á síðustu fundargerð atvinnu-

málanefndar. Hún hlýtur að vera nýleg fyrst svona mikið viðvarandi atvinnuleysi er eða hvað. Bíðum nú við. Síðasti fundur nefndarinnar var 14. febrúar s.l. Jú, þið lesið rétt. Fyrir þremur mánuðum. Og hvað var rætt þar. Í öðrum lið fundargerðarinnar segir: „2. Stefnunótun Ísafjarðarbæjar í atvinnumálum.“

Atvinnumálanefnd felur Rúnari Óla Karlssyni, atvinnu- og ferðamálafulltrúa, að fara yfir hvaða þáttum sé lokið og hverjum ólokið í stefnunótun Ísafjarðarbæjar í atvinnumálum 1999-2003.“

Jú, þið lesið rétt. Í febrúar 2002 er atvinnumálanefnd að rannsaka hvað eftir er að vinna í stefnunótun í atvinnumálum frá 1999-2003. Það er eitt og hálf árið eftir af fjögurra ára tímabili og það er enn verið að móta stefnuna sem á að ríkja. Þetta er það sem er kall- að festa í atvinnumálum.

Festa í fjármálum

Festa í fjármálum er það sem allir þarfnast. Hví ekki hjá Ísafjarðarbæ. Hvernig er sú festa. Á þriggja ára tímabili aukast skuldir bæjarsjóðs um 752 milljónir króna. Skyldi fólkinu aldrei verða illt.

Festa í hafnarmálum

Sjávarbyggðir þurfa á festu að halda í starfsemi og uppbyggingu hafna sinna. Hví ekki hér. Núverandi meirihluti

„Sjávarbyggðir þurfa á festu að halda í starfsemi og uppbyggingu hafna sinna...“



Gylfi P. Gíslason, annar maður á lista Nýs afls í Ísafjarðarbæ skrifar

hvarf frá margra ára stefnu um endurbyggingu lífhafnarinnar á Ísafirði. Lengdi í staðinn Sundabakka og eyddi í það tugum milljóna. Þangað koma ekki skip á næstunni. Lífhöfnin er að hruni komin og hafnalög að breytast þannig að það mun að óbreyttu taka áratugi að endurnýja það sem hefði tekið eitt sumar áður.

Malasíufesta

Góð stjórnun hafnanna í bæjarfélagi eins og Ísafirði mjög mikilvæg. Þegar hafnarstjórnastarfið losnaði í fyrra var því búist við að reynt yrði að ráða í það aftur fljótt. Festa fyrir öllu. Mánuðir líða. Ekkert gerist. Spádómar um sameiningu sviða. Ekkert gerist. Auglýst eftir manni. Margir hafa menn sækja um þar á meðal núverandi starfsmaður hafnarinnar sem hefur rækt skyldur sínar af mikilli kostgæfni.

Í miðju ferlinu er starfinu breytt. Síðan eru svið sameinuð en ekki er breytt um stefnu hjá hafnarstjórn. Það skyldi ráða yfirmann yfir svið sem ekki er til lengur. Það er alltaf ánægjulegt að auglýsa laus störf og fá mikinn hóp af hæfum heimamönnum sem um-

sækjendur. Og þrátt fyrir að sviðið væri ekki lengur til og starfið ekki til var samt maður ráðinn. Og hver var ráðinn. Núverandi starfsmaður með alla reynsluna? Nei ekki aldeilis. En þá auðvitað einhver úr hópi hinna hæfu heimamanna. Er það ekki? Onei ekki aldeilis. Maðurinn sem var ráðinn í starfið sem ekki var lengur til hjá sviðinu sem var ekki lengur til býr í Malasíu. Jú, jú, ég endurtek. Í Malasíu. Ef þetta er ekki festa þá veit ég ekki hvað festa er. Eða hvað?

Fundin festa

Við þessa upptalningu hefur festan komið í ljós. Festan liggur í sjálfumgleðinni og glansmyndinni. Flokkarnir losna ekki úr þeim tveimur hlutum. Flóknara er það nú ekki. Eigum við ekki að hvíla þetta fólk og losa um festuna sem það hefur komið sér í. Kjósum eitthvað nýtt í kosningunum á laugardaginn. Kjósum A-listann sem er laus og liðugur.

– Gylfi Þór Gíslason. Höfundur skipar annað sætið á lista Nýs afls í Ísafjarðarbæ.

Tungudalsvöllur

Magnús sigraði á opnunarmóti GÍ

Á mánudag var haldið opnunarmót á golfvöllinum í Tungudal á Ísafirði. Tryggvi Guðmundsson, formaður Golfklúbbs Ísafjarðar, og Gylfi Sigurðsson, framkvæmdastjóri klúbbsins, slógu fyrstir en í kjölfarið fylgdu svo átján aðrir félagar GÍ.

Þátttakendur á mótinu voru ekki heppnir með veður því eftir margra daga góðvæðri fór að rigna í gær og var veður frekar hryssingslegt. Golfarar létu það ekki á sig fá heldur kláruðu mótið og sigraði Magnús G. Gíslason án forgjafar, en Haukur Eiríksson



Magnús Gíslason. með forgjöf.

Það er mál golfara að ástand vallarins í Tungudal sé ákaflega gott miðað við árstíma og viti á gott golfsumar á Ísafirði.

Heitu pottarnir hjá D-listanum í Ísafjarðarbæ

Hvað eru þessir heitu pottar? Þeir eru skref sem við sem skipum D-listann höfum tekið í átt til aukins íbúalýðræðis. Á þeim fundum sem ég hef setið í byggðum Ísafjarðarbæjar á síðustu vikum hef ég veitt því athygli, hversu mjög íbúunum í bæjarfélaginu er orðið umhugað um umhverfi sitt, með

fullri virðingu fyrir öðrum málum sem að brenna á fólki, svo sem atvinnumálum, fjármálum og mörgu öðru.

Þessir fundir hafa reynst bæði íbúavænir og umhverfisvænir. Þannig hafa þeir verið mjög í takti við þá umhverfisvænu stefnu sem ríkir í samfélaginu og ekki síst hjá okkur sem skipum D-listann í Ísa-

fjarðarbæ.

Af því sem fram hefur komið á þessum fundum hefur eitt mál af þessum toga vakið mesta eftirtekt mína. Það er sorpurðunarsvæði Ísafjarðarbæjar við Klofning, rétt utan við Flateyri. Þessi staður og þetta svæði er okkur ekki til sóma á nokkurn hátt. Hér verður að finna viðunandi og

varanlega lausn á öðrum stað. Við sem skipum D-listann krefjumst þess af sjálfum okkur eða hverjum þeim öðrum sem kunna að fara með völd í bæjarfélaginu. Ég veit að Halldór bæjarstjóri mun láta hendur standa fram úr ermum og leysa þetta mál. Honum treysti ég jafnframt best allra manna til þess að stjórna



„Þessir fundir hafa reynst bæði íbúavænir og umhverfisvænir“

Níels R. Björnsson matsveinn skrifar

þessu bæjarfélagi áfram.

Það er von mín, að á næstu árum, og ekki bara fyrir kosningar, verði margir heitir pottar haldnir með fólkinu í Ísafjarðarbæ. Það er íbúalýðræði og þar opnast augu okkar fyrir ýmsu sem betur má fara. Þar geta íbúarnir komið hugðar-

efnum sínum milliliðalaust á framfæri við bæjarfulltrúana.

Megið þið eiga góða kosningahelgi og munið að setja krossinn við D!

– Níels R Björnsson skipar 15. sætið á D-lista í Ísafjarðarbæ.

Vestfirðinga ósáttir við yfirlýsingu iðnaðarráðherra

Í fréttum ríkisútvarpsins á þriðjudag staðfesti Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðarráðherra, að í gangi væru viðræður um sameiningu Orkubús Vestfjarða við RARIK og Norðurorku, orkufyrirtæki Akureyrarbæjar, nú um næstu áramót. Er þá gert ráð fyrir því að höfuðstöðvar hins sameinaða fyrirtækis verði á Akureyri. Aðspurður um álit sitt á yfir-

lýsingu ráðherra, þá segist Guðni Geir Jóhannsson, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar og samflokksmaður iðnaðarráðherra, vera mjög ósáttur. Vísaði hann til 7. og 8. greinar samkomulags sem gert var milli ríkis og sveitarfélaga á Vestfjörðum þegar Orkubú Vestfjarða var breytt úr sameignarfélagi í hlutafélag.

Í samkomulaginu segir meðal annars: „Stjórn Orkubús Vestfjarða skal sem mest skipuð heimamönnum. [...] Komi til sameiningar Orkubús Vestfjarða hf. við annað eða önnur orkufyrirtæki, eftir gildistöku nýrra raforkulaga, mun ríkisvaldið eftir því sem í þess valdi stendur beita sér fyrir því að hluti starfsemi hins sameinaða fyrirtækis fari fram á Vestfjörðum. Sameignarfélagar eru sammála um að reynt verði eftir megni að efla starfsemi orkugeirans á Vestfjörðum og viðhalda þjónustu við dreifðar byggðir.“

Guðni segist mjög ósáttur við yfirlýsingu ráðherra og hann muni beita sér fyrir því að Orkubú verði áfram á Vestfjörðum. Aðspurður segist Guðni ekki trúa því að ráðherra sé hér að hefna sín á Vestfirðingum fyrir að hafa mótmælt og fengið breytt byggðastefnu sem sett var fram á sínum tíma. „Það kæmi mér samt ekki á óvart að hún væri að reyna að hjálpa sínu fólki á Akureyri og hefði lofað einhverju sem ekki er hægt að standa við. Ég trú þvi að

þetta sé einhver misskilningur sem verður leiðréttaður“, segir Guðni.

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, vildi það eitt segja um málið að honum væri hætt að koma á óvart nokkuð það sem frá iðnaðarráðherra kæmi.

Í samtali við blaðið sagðist Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðarráðherra, vera hissa á viðbrögðum Vestfirðinga við fréttum af sameiningarviðræðum þar sem staðið hafi til að OV sameinaðist RARIK allt frá því að ríkið keypti fyrirtækið. „Það hafa staðið yfir sameiningarviðræður milli Norðurorku og RARIK í tvö ár og það eina sem hefur gerst núna er að á föstudag var haldinn fundur þar sem tímamörk á sameiningu voru sett við áramót, sem þýðir að það verður farið í marktækari viðræður um þessi mál. Þar sem ríkið á nú bæði RARIK og OV væri í hæsta máta óforsvaranlegt að þau væri rekin sem tvær sjálfstæðar einingar. Það eina sem verði er að tala um hér er að höfuðstöðvar fyrirtækisins yrðu á Akureyri



ÍSAFJARÐARBÆR

GRUNNSKÓLINN Á ÍSAFIRÐI

Óskum eftir að ráða kennara og annað starfsfólk til eftirtalinna starfa skóla-árið 2002/03:

Kennsla:

Almenn kennsla í 3. og 6. bekk. Um er að ræða tvær 100% stöður.

Smíðakennsla (tæknimennt). Um er að ræða eina 100% stöðu.

Myndmentkennsla. Um er að ræða 100% stöðu.

Önnur störf:

Skólalíðar. Um er að ræða 100% stöður, þar af ein staða til eins árs.

Stuðningsfulltrúi. Um er að ræða þrjú hlutastörf, 65,25%, 70% og 80%, þar af tvö í sérdeild, í 9,75 mánuði á ári eða launadreifing allt árið.

Starfsfólk í skólalagvist (dægurvöl). Um er að ræða fjögur hlutastörf.

Nánari upplýsingar veitir Kristinn Breiðfjörð skólastjóri og Herdís deildarstjóri í síma 456 3044, netfang: grisa@isafjordur.is Skólastjóri.

og það þýðir alls ekki að öll starfsemin færðist þangað“, sagði Valgerður í samtali við blaðið.

Aðspurð um ofangreint samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga á Vestfjörðum segir Valgerður að það verði

virt. „Ég held að landsbyggðarfólk ætti að geta verið sammála um að ekki er verra að hafa höfuðstöðvarnar á Akureyri en í Reykjavík“, sagði Valgerður að lokum og bætti því við að hún væri reiðubúin að koma og funda um málið.



Opinn fyrirlestur

Föstudaginn 24. maí kl. 14:00 mun Ólafur Ingólfsson flytja opinn fyrirlestur, byggðan á meistaraprófsritgerð sinni við Sjávarútvegsdeild Háskólans á Akureyri og Háskólann í Bergen. Heiti fyrirlestursins er „**Lífsmöguleikarfiska eftirflóttá í gegnum möskva og ristar.**“ Fyrirlesturinn verður haldinn í sal Menntaskólans á Ísafirði og eru allir velkomnir.

UPPLÝSINGAR UM STARFSEMI LÍFEYRISSJÓDS BOLUNGARVÍKUR 2001

Ársfundur Lífeyrissjóds Bolungarvíkur árið 2002 verður haldinn í Ráðhússalnum í Bolungarvík þann 4. júní kl. 17.00. Fundurinn verður opinn öllum greiddandi sjóðfélögum og lífeyrisþegum.

Efnahagsreikningur 31.12.2001:	Í þús. kr.
Verðbréfi með broyðlogum tekjum.....	1.060.301
Verðbréfi með lístum tekjum.....	760.843
Veðlán.....	58.594
Kröfur.....	8.277
Bankainnstæður.....	202.287
Hrein eign til greiðslu lífeyris	2.090.302

Yfirlit yfir breytingar á hreinni eign til greiðslu lífeyris fyrir árið 2001:

Iðgjöld.....	79.749
Lífeyrir.....	(43.154)
Fjárfestingartekjur.....	(85.718)
Rekstrarkostnaður.....	(6.033)
Matsbreytingar.....	167.987
Hækkun á hreinni eign 2001.....	112.831
Hrein eign 01.01.2001.....	1.977.471
Hrein eign til greiðslu lífeyris í árslok	2.090.302

Tryggingafræðileg úttekt

Talnakönnun hf. hefur gert tryggingafræðilega úttekt á fjárhagsstöðu sjóðsins miðað við árslok 2001. Áfallnar skuldbindingar miðað við 3,5% ársveði eru að fjárhæð 2.189 millj. kr. í árslok 2001. Á sama tíma nam hrein eign skv. ársreikningi, án núvirðingar, 2.090 millj. kr. eða 99 millj. kr. lægri fjárhæð. Staða með núvirðingu eigna sjóðsins er 24 millj. kr. hærr en áfallnar skuldbindingar sjóðsins. Ef lítið er til framtíðarvæðingar eru skuldbindingar samtals að fjárhæð 3.611 millj. kr. en eignir með núvirðingu að viðbættum áætluðum framtíðarvæðingum, 3.354 millj. kr., eða 257 millj. kr. lægri en áætlaðar skuldbindingar.

Lífeyrisgreiðslur 2001.....	Í þús. kr.	Þjöldi
Ellilífeyrir.....	19.972	88
Sjómannalífeyrir.....	1.472	4
Örorkulífeyrir.....	17.200	60
Makalífeyrir.....	4.812	31
Barnalífeyrir.....	781	15
	44.237	121

Kennistölvir	Árið 2001
Lífeyrir sem hlutfall af iðgjöldum.....	54,1%
Kostnaður sem hlutfall af iðgjöldum.....	7,6%
Kostnaður sem hlutfall af eignum.....	0,3%
Raunvæðing m.v. vísit. neysluverðis.....	-4,4%
Meðaltal hreinnar raunvæðingar síðustu 5 árin.....	2,4%

Stjórn Lífeyrissjóds Bolungarvíkur	
Agnar Ebenesersson	Einar Jónatansson, stjórnarform.
Jón G. Guðmundsson	Karvel Palmason
Lárus Benediktsson	Örn Jóhannsson
Framkvæmdastjóri Steinn S.L. Annasdóttir	



LÍFEYRISSJÓÐUR BOLUNGARVÍKUR

Ráðhúsinu 416 Bolungarvík Sími 456-7100 Fax 456-7104

Fylki Ágústssyni veitt silfurmerki

Rúmlega fimmtíu fulltrúar hinna ýmsu sundfélaga sátu aðalfund Sundsambands Íslands sem haldinn var á Hótel Ísafirði fyrir stuttu. Var almenn ánægja með fundarhöldin meðal gestanna og höfðu sumir þeirra á orði að þetta væri best sótti aðalfundur á vegum félagsins síðustu árin.

Á fundinum voru málefni sundhreyfingarinnar í brennidepli auk þess sem hefðbundin aðalfundarstörf fóru fram, en einnig var Fylki Ágústssyni frá Ísafirði veitt silfurmerki sundsambandsins fyrir dugnað og festu í eflingu sundlífs á Ísafirði og landinu í heild.

Fundargestir héldu að fundi loknum á laugardag í útsýnisferð um Ísafjarðarbæ, sem skartaði sínu fegursta í veðurblíðunni, og heimsóttu þeir þá meðal annars Önuundarfjörð auk



Fylkir Ágústsson.

þess sem þeim var sýnd sundaðstaða Sundfélagsins Vestra, en við það tækifæri gat formaður SSÍ þess að árangur Vestra á liðnum árum væri með ólíkindum í ljósi þeirra aðstaða sem félagið hefur til sundiðkunar. Um kvöldið fór síðan fram lokahóf sambandsins í skíðaskálanum í Tungudal og entist gleðin þar langt fram eftir kvöldi.



Nýju þjónustuhúsin flutt á tjaldstæðið í Tungudal.

Tjaldstæðið í Tungudal

Ný þjónustuhús sett upp

Á næstunni verður aðstaða tjaldbúa í Tungudal stórbætt með nýjum þjónustuhúsum sem nýkomin eru til Ísafjarðar.

Húsin eru byggð hjá Trésmiðju Kára Lárussonar í

Búðardal og eru þrjú talsins. Í þeim eru salerni, aðstaða til bleyjuskipta, steypiböð og önnur hreinlætisaðstaða svo að ekki ætti að fara illa um ferðafólk sem tjalðar í Tungu-

dal í sumar.

Gamla þjónustuhúsið í dalnum verður rífið og nýju húsunum komið upp áður en umferð ferðamanna hefst.

Vegagerðin

Býður út vetrarþjónustu frá Þingeyri til Flateyrar

Vegagerðin í Vestfjarðum dæmi hefur óskað eftir tilboðum í snjómokstur á Vestfjarðavegi frá Þingeyri að jarðgöngunum í Breiðadal, á Flateyrarvegi út á Flateyri, á Önuundarfjarðarvegi að Hóli og á Valþjófsdalsvegi að Valþjófsdal, auk nokkurra heimreiða að bæjum í Önuundarfirði. Sömuleiðis er óskað eftir tilboðum í mokstur á Svalvogavegi að Þingeyrarflugvelli og á Ingjalssandsvegi að Alviðru.

Útboðsgögn eru seld hjá Vegagerðinni á Ísafirði og í Borgartúni 7, Reykjavík, frá og með þriðjudeginum 21. maí 2002 en verð útboðsgagna er 1.500 krónur. Tilboðum skal skilað á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 mánudaginn 3. júní 2002 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 sama dag.

Menningararfurinn – auðlind í ferðaþjónustu

Öflugt menningarstarf í Ísafjarðarbæ og stórbrotnar menningarminjar skapa okkur sem hér búum einstæð tækifæri til að byggja upp og leggja áherslu á tengsl verkmenningar og lista og tengsl ferðaþjónustu og menningar. Tónlistarkennsla er rótgróin á Ísafirði og tónlistarlífið hér hefur borið hróður bæjarins um land allt um áratugaskeið. Önnur listakennsla hefur mjög sótt í sig veðrið á undanförunum árum. Unnið er að því að koma á fót listnámsbraut við Menntaskólann á Ísafirði í samvinnu við Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar.

Einnig er unnið er að því að koma á fót kennslu á háskólastigi við Tónlistarskóla Ísafjarðar.

Mannlífsminjar frá öllum öldum Íslandsbyggðar er að finna í bæjarfélagi okkar, allt frá tóftunum á Þingeyri, þar sem Dýrafjarðarþing hið forna mun hafa verið háð á þjóðveldisöld. Slóðir Gísla Súrssonar og sögu hans liggja víða um Vestfirði, allt frá Breiðafjarðareyjum og norður í Skutulsfjörð, en þungamiðjan er í Dýrafirði. Menningarsöguleg hús bíða þess víða að þeim verði sómi sýndur. Þar má nefna Salthúsið á Þingeyri,

sem nú bíður samanpakkað í geymslu eftir að það verði endurreist á sínum stað, eða bókabúðina gömlu á Flateyri. Hér má einnig nefna húsmuni og fleira frá Húsmæðraskólanum Ósk á Ísafirði, eða bókasafn Sighvats Borgfirðings í Dýrafirði. Upptalningin gæti orðið nokkuð í lengra lagi.

Við sem skipum D-listann viljum að gengið verði frá samningi við ríkið um að þessar menningarminjar og aðrar verði gerðar aðgengilegar fyrir almennig, bæði heima-fólk og ferðamenn. Við höfum einnig á stefnuskrá okkar að reist verði nýtt hús fyrir

Byggðasafn Vestfjarða í Neðstakaupstað á Ísafirði. Allt sem hér hefur verið talið gefur okkur nær ótæmandi möguleika til að byggja upp menningartengda ferðaþjónustu í Ísafjarðarbæ. Við viljum einfaldlega að menningararfurinn verði sem sýnilegastur og verði notaður í þágu ferðaþjónustunnar.

Síðan mætti nefna ýmis sérkenni í lífsháttum og málfari og ýmsu öðru sem Vestfirðingum sjálfum hafa með réttu eða röngu verið eignuð um aldir. Hvernig væri að reyna að varðveita þau líka? Í því sambandi virðist ekki illa til

„Við viljum einfaldlega að menningararfurinn verði sem sýnilegastur“



Ragnheiður Hákonardóttir, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ skrifar

funduð að minna á það sem ljóðskáldið Steinn Steinarr frá Laugalandi við Ísafjarðardjúp segir á einum stað: „Sá menningararfur, sem oss var til

varðveizlu sendur / er ekki hvað síst hið þjóðlega göngulag vort.“

– Ragnheiður Hákonardóttir skipar 3. sætið á D-lista.

Traust til framtíðar

Á laugardaginn kemur verður kosið til sveitarstjórna. Þá taka kjósendur ákvörðun sem gildir í fjögur ár. Frá henni verður ekki hvikað. En hver sem ákvörðunin verður kann hún að verða nokkuð óráðin. Enginn veit hvernig meirihluti í einstökum sveitarstjórnnum skipast. Línur kunna að verða einna skýrastar í höfuðborginni. Þar stendur valið greinilega milli D og R listanna. Hin framboðin fjögur verða tæpast aðnjótandi þess að fá mann kjörinn. Skoðanakannanir virðast fremur í hag sitjandi meirihluta enn D listinn sækir á og samkvæmt fræðum skoðanakannanna telst munurinn ekki marktækur. Geir Hall-grímsson heitinn formaður Sjálfstæðisflokksins í áratug sagði ávallt að eina skoðanakönnunin sem hann tæki mark á væri sú sem kæmi upp úr kjörkössunum. Þau ummæli er hollt að hafa í huga. En skoðanakannanir gefa vissulega vísbendingar um það er koma skal. Öruggara er þó að hafa bak við eyrað að óákveðnir geta haft mikil áhrif ef fylgi þeirra beinist í einhverja ákveðna átt á kjördegi.

Einkar athyglisvert verður að fylgjast með því hvernig mál æxlast í Reykjanesbæ, Hafnarfirði, Kópavogi og á Akureyri, stærstu bæjarfélögunum utan Reykjavíkur. Þar hafa komið upp ákveðnar vísbendingar um að straumurinn liggir til Sjálfstæðisflokksins. Víðast hvar annars staðar eru línur mjög máðar og virðast lítt skýrast enn. Í Garðabæ og á Seltjarnarnesi virðist Sjálfstæðisflokkurinn ætla að halda meirihluta sínum. Í Mosfellsbæ, sem er af sama stærðarflokki stefnir í sömu áttina. En sé lítið til Vestfjarða eru línur ekki skarpar. Forvitnilegt verður

að fylgjast með niðurstöðunni úr Bolungarvík. Síðast náðu sjálfstæðismenn hreinum meirihluta á hagstæðu atkvæðahlutfalli. Nú er framboðin tvö og ekki víst hvoru megin hryggjar meirihlutinn fellur. Ókrýndur konungur í bolvískri pólitík, Ólafur Kristjánsson, er nú að kveðja eftir fjóra áratugi og prýðilegan feril sem bæjarstjóri í nokkur kjörtímabil, þrátt fyrir aðsteðjandi erfiðleika. Hafi hann þakkar fyrir þrautseigjuna og honum er jafnframt óskað velfarnaðar í því sem hann tekur sér fyrir hendur.

Á sama tíma og kvartað er undan því að illa gangi að fá fólk í framboð til sveitarstjórna um allt land er annað uppi á teningnum í Ísafjarðarbæ. Hvorki fleiri né færri en sex framboð eru í kjöri. Stefnumál flokkanna þriggja, Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks, og Samfylkingar eru engan veginn ósvipuð. Vinstri grænir eru þjóðernissósíalistar í stíl Jónasar frá Hriflu, enda foringi þeirra Þingeyingur, reyndar úr norður sýslunni. Frjálslyndir og óháðir og Nýtt afl, sem kannski ætti að heita „Nýtt A“ með vísan til frambjóðenda og stefnuskrár, eru óráðnir kostir. En áður en kjósendur krossa á seðillinn er hollt að rifja upp örlög Fönklistans 1996. Nú ríður á að líta til framtíðar og standa saman. Fátt bendir til mikils uppgangs í atvinnulífi á næstu tveimur árum. Festa og og öryggi er það sem byggt verður á til framtíðar. Öllum frambjóðendum er óskað farsældar að loknum kosningum.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

Netspurningin

Spurt var:

Telur þú að skoðanakannanir geti haft áhrif á niðurstöðu kosninga?

Alls svöruðu 432.
Já sögðu 277 eða 64,12%
Nei sögðu 134 eða 31,02%
Veit ekki sögðu 21 eða 4,86%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Aðeins er tekið við einu svari frá hverri tölvu. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Tveir skipverjar björguðust er Dögg ÍS sökk í Ísafjarðardjúpi

Voru ekki í bráðri hættu

– að mati Halldórs Jónbjörnssonar háseta

Tveir skipverjar björguðust þegar rækjubáturinn Dögg ÍS sökk á þriðjudagskvöld í síðustu viku um tveir sjómílar norðaustur af Arnarnesi í Ísafjarðardjúpi. Björgunarskipið Gunnar Friðriksson tók mennina um borð kl. 21:20, um hálf tíma eftir að Vestmannaeyjaradíó nam neyðarkallið frá bátunum. Dögg ÍS var þá sokkin en mennirnir voru komnir um borð í björgunarbát. Gott veður var í Ísafjarðardjúpi þegar slysið varð og skyggni ágætt.

Vel gekk að finna skipbrotsmennina en þeir gerðu vart við sig með neyðarblysi þegar Gunnar Friðriksson nálgadist. Mennirnir voru vel á sig komnir enda báðir í flotgöllum. Þeir voru fluttir til Ísafjarðar og færðir á Fjórðungssjúkrahúsið til skoðunar. Dögg ÍS var 20 tonna eikarbátur, gerður út frá Súðavík og smíðaður á Skagaströnd árið 1972. Hann var á leið til Ísafjarðar í slysi vegna leka sem kom að bátunum fyrr í vetur.

„Lekinn byrjaði á hliðinni,“ sagði Halldór Jónbjörnsson, háseti á Dögg í samtali við Morgunblaðið, en sagðist



Guðjón Kjartansson, skipstjóri og Halldór Jónbjörnsson háseti, sem björguðust þegar Dögg ÍS sökk, ganga upp landgang björgunarskipis Gunnars Friðrikssonar.

ekki átta sig nákvæmlega á því hvað báturinn sökk á löngum tíma. „Þegar báturinn var að sökkva, fórum við í flotgallana og fleygðum björgunarbátunum út. Það gekk

ágætlega. Við fengum ágætis tíma til að koma okkur út og ég myndi ekki segja að við höfum verið í bráðri hættu.“

Halldór telur ekki ólíklegt að lekann megi rekja til atviks

í Ísafjarðardjúpi fyrir stuttu þegar bátinn rak í slæmu veðri og hafi hann hugsanlega tekið niðri með þeim afleiðingum að gat hafi komið á hann.

Íbúasamtök Önundarfjarðar

Vilja sameiginlega félagsaðstöðu að Hafnarstræti 11

Íbúasamtök Önundarfjarðar og ýmis félagsamtök í Önundarfirði hafa lagt fram sameiginlega tillögu um nýtingu húsnæðisins að Hafnarstræti 11 á Flateyri þar sem bæjarskrifstofur Ísafjarðarbæjar eru á efri hæð. Er lagt til að neðri hæð hússins verði keypt og húsnæðið allt nýtt sem sjálfseignarstofnun undir sameiginlega félagsaðstöðu marga aðila. Með tillögnum leggja íbúasamtökin fram áætlunir um kaup hússins, viðgerð á því og rekstur.

Samkvæmt upplýsingum frá íbúasamtökunum liggur kaupverð húseignarinnar ekki nákvæmlega fyrir en gert er ráð fyrir umtalsverðum kostnaði við innréttingar, klæðningu hússins að utan og fleira. Er talið að a.m.k. þurfi 14,5 m.kr. til þess að koma húsnæðinu í nokkurn veginn viðunandi horf og ráðgera íbúasamtökin að það verði fjármagnað með fé úr söfnunarsjóðnum Samhugur í verki, Minjasjóði Önundarfjarðar, Framkvæmdasjóði aldraðra og með fé frá Önundarfjarðar-

deild Rauða krossins, auk andvirðis þriggja sumarbústaða sem gefnir voru til Flateyrrar í kjölfar snjóflóðsins 1995.

Frá því samningur milli Ísafjarðarbæjar og ríkisvaldsins var undirritaður í febrúar 2001 um framkvæmdir á Flateyri og nýtingu fjármuna úr sjóðnum Samhugur í verki, hafa íbúasamtök Önundarfjarðar leitast við kanna hug íbúanna á Flateyri til þess hvernig best verði ráðstafað því fé úr sjóðnum sem áætlað var til uppbyggingar á félagslegri aðstöðu. Niðurstaðan varð sú að best færi á því við núverandi stöðu mála að koma til móts við óskir íbúanna með því að leggja fram fé til að gera kaup á neðri hæð Hafnarstrætis 11 möguleg, auk þess sem lagt yrði fram fé til kaupa á ýmsum samnýtanlegum búnaði vegna samkomu- og fundahalds, til að endurnýja aðstöðu í gamla samkomuhúsinu og til að koma upp lítilli eldhúsinnréttingu í íþróttahúsinu.



xD

Útifagnaður á Silfurtorgi

Útihátíð D-listans í Ísafjarðarbæ verður á Silfurtorgi á Ísafirði frá kl. 16 til 18 á morgun, föstudaginn 24. maí. Lifandi tónlist, skemmtlatríði og léttar veitingar.

Kosningahátíð D-listans

Opið hús á kjördag og fram á nótt í Sjallanum og Pizza 67 á Ísafirði.

Það er kjósenda ...

að velja forystu fyrir sveitarfélagið sitt á kjördag. Við sem skipum D-listann leggjum óhikað verk okkar og framtíðarsýn í þinn dóm, ágæti kjósendi. D-listinn býður fram samhentan og reyndan hóp til starfa og biður um stuðning þinn.

Höldum áfram á sömu braut



Mattíó Þór, Birna, Ragnheiður, Ingi Þor, Elías, Jón Svandberg

Kajakakynning og myndasýning

Sportbúð Titán og Vestfirskar Ævintýraferðir

kynna sjúkajaka, búnað og kajakferðir í

aðstöðu Kajakklúbbs Sæfara (Pollmegin við gamla slippinn) föstudaginn 24. maí frá kl. 16-19.

Myndasýning verður á Hótel Ísafirði kl. 20:00.

Róbert Schmidt sýnir myndir frá kajakferðum frá síðasta sumri, 2001 Arnarfjörður-Látrabjarg og kajakferð um A-Grænland.

Missið ekki af þessum einstaka viðburði. Allir velkomnir.

Gleðilegt kajaksumar!

Sportbúð Titán og Vestfirskar Ævintýraferðir

Helgardagbókin

skemmtanir · fundir · fólk · sjónvarp · veður · íþróttir · fréttir · kirkjustarf

veðrið

Horfur á fimmtudag: Austlæg átt, 8-13 m/s og víða dálítil rigning eða súld. Hiti 7-15 stig.

Horfur á föstudag: Austlæg átt, 8-13 m/s og víða dálítil rigning eða súld. Hiti 7-15 stig.

Horfur á laugardag: Norðaustlæg átt eða breytileg átt og rigning norðan- og austantil, en annars skýjað að mestu og úrkomulítið. Hiti 4-13 stig, hlýjast sunnanlands.

Horfur á sunnudag: Hæg norðaustlæg eða breytileg átt, skýjað með köflum og úrkomulítið. Hlútt í veðri.

Horfur á mánudag: Hæg norðaustlæg eða breytileg átt, skýjað með köflum og úrkomulítið. Hlútt í veðri.



SJÓNVARPIÐ

Föstudagur 24. maí

- 17.05 Mæðgurnar (17:21)
- 17.50 Táknmalesfréttir
- 18.00 Stubbarnir (87:90)
- 18.30 Falda myndavélin
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.35 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva (8:8) Kynnt verða lögín frá Slóveníu, Lettlandi og Litháen sem keppa í Tallin í Eistlandi 25. maí.
- 19.50 Flóttinn til Norðafjalls. (Escape to Witch Mountain) Ævintýramynd um tvö dularfull börn sem búa yfir kynngikrafti og eru á flotta undan lævisum auðkýfingi. *Aðalhlutverk: Eddie Albert, Ray Milland, Donald Pleasence og Kim Richards.*
- 21.30 Kosningakastljósið 2002. Fulltrúar framboðanna sex í Reykjavík fá síðasta tækifærið til að ná kjösendum á sitt band í þessum umræðuþætti kvöldið fyrir kjördag.
- 23.00 Ósiðlegt tilboð. (Indecent Proposal) Bandarísk bíómynd frá 1993. Auðkýfingur býður ungum hjónum í fjárþróng milljón dali fyrir nótt með konunni. *Aðalhlutverk: Robert Redford, Demi Moore, Woody Harrelson, Seymour Cassel, Oliver Platt og Billy Bob Thornton.*
- 00.55 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

Laugardagur 25. maí

- 09.00 Morgunsjónvarp barnanna
- 09.02 Stubbarnir (88:90)
- 09.30 Maja (7:52)
- 09.37 Albertína ballerína (11:26)
- 09.45 Litlu skrímslin (46:52)
- 09.54 Kattalíf (4:6)
- 10.23 Krakkarnir í stofu 402 (10:40)
- 10.25 Pokémon (47:52)
- 10.50 Formúla 1. Bein útsending frá tímatöku fyrir kappaksturinn í Mónakó.
- 12.10 Kornrækt á Íslandi
- 12.25 Skjáleikurinn
- 15.55 Snjókrossið 2002
- 16.25 Táknmalesfréttir
- 16.35 Britney Spears í Las Vegas
- 18.10 Fréttir, íþróttir og veður
- 18.54 Lottó
- 19.00 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva. Bein útsending frá Tallin í Eistlandi þar sem 24 þjóðir keppa um hver á besta dægulagið í ár.
- 21.50 Kosningavaka Sjónvarpsins. Bogi Ágústsson og Elín Hirst fara yfir tölur jafnóðum og þær berast en dr. Ólafur Harðarson stjórnmálafræðingur og Páll Benediktsson fjalla um hvað felst í tölunum og skýra út fylgishreyfingar og aðrar breytingar sem kunna að verða í hinu pólitíska lítrofi. Kristján Kristjánsson og Eva María Jónsdóttir fá fjölda gesta í heimsókn í myndverði, t.d. formenn stjórnmálaflökana. Sjónvarpið fylgist með talningu vítt og breytt um landið allt þar til klár niðurstaða er fengin í flestum sveitarfélögum.

Sunnudagur 26. maí

- 09.00 Morgunsjónvarp barnanna
- 09.02 Disneystundin
- 09.57 Andarteppe (9:26)
- 10.10 Gleymlu leikföngin (6:13)
- 10.23 Ungur uppfinningamaður
- 10.45 Svona erum við
- 11.00 Fuglalíf á Svalbarða
- 11.30 Formúla 1. Bein útsending frá kappakstrinum í Mónakó.
- 14.00 Kosningakastljósið 2002. Farið verður yfir niðurstöður sveitastjórnarkosninganna.
- 16.00 Bréffberi með myndavél
- 17.00 Geimferðin (22:26)
- 17.50 Táknmalesfréttir
- 18.00 Jenný og Ramítz (3:3)
- 18.30 Drengurinn sem vildi ekki þvo sér
- 19.00 Fréttir, íþróttir og veður
- 19.35 Kosningakastljósið 2002
- 20.30 Tyrkjaránið (3:3)
- 21.15 Hálandahöfðinginn (9:11)
- 22.10 Helgarsportíð
- 22.35 Stúlkan sem gleymdist. (Xiu Xiu) Kínversk bíómynd sem gerist í menningarbyltingunni í Kína og segir frá ungrri borgarstúlkunni sem er send út í dreifbýlið til að vinna og öðlast reynslu.
- 00.15 Kosningakastljósið 2002
- 01.10 Útvarpsfréttir í dagskrárlok



Föstudagur 24. maí

- 06.58 Ísland í bítið
- 09.00 Bold and the Beautiful
- 09.20 Í finu formi

- 09.35 Oprah Winfrey (e)
- 10.20 Ísland í bítið
- 12.00 Neighbours
- 12.25 Í finu formi
- 12.40 Murphy Brown (e)
- 13.05 Whole Wide World. (Á leiðar-enda) Sannsöguleg mynd sem er byggð á endurminningum rithöfundarins Novalyne Price. Þegar hún var við kennslustörf í Texas árið 1930 kynntist hún ungum spennusagnahöfundum, Robert Howard að nafni, sem var þekktur fyrir sögur sínar af Conan villimanni. Hún varð ástfangin af honum en hann átti í erfiðleikum með að tjá tilfinningar sínar í hennar garð. Hún reyndi samt að komast að því hvað bjó innra með þessari viðkvæmu sál. Rómantísk og harmþrungin mynd sem ætti ekki að láta neinn ósnortinn. *Aðalhlutverk: Vincent D'Onofrio, Reneé Zellweger.*
- 15.05 The Simpsons (7:21) (e)
- 15.30 NBA Action
- 16.00 Barnatími Stöðvar 2 (e)
- 18.05 Friends (17:24) (e)
- 18.30 Fréttir
- 19.00 Ísland í dag
- 20.00 Major League: Back to the Min (Hafnaboltaheftur 3) Þriðja gamanmyndin um heitur hafnaboltans. Að þessu sinni er Gus Cantrell ráðinn til að þjálfa lið í yngri flokkunum en innan raða þess er að finna marga ólátabelgi. Gus lætur þó ekki deigan síga og stefnir að mögnuðum úrslitaleik gegn hrokkikkunum í Minnesota Twins. *Aðalhlutverk: Corbin Bernsen, Scott Bakula, Dennis Haysbert.*
- 21.40 Smallville (7:22)
- 22.30 The Exorcist: The Version You. (Særingarmaðurinn) Aðalsöguleg mynd er 12 ára stúlka sem er haldin illum anda. Myndin var tilnefnd til tíu Óskarsverðlauna og fékk tvö. *Aðalhlutverk: Ellen Burstyn, Max Von Sydow, Lee J. Cobb, Linda Blair.*

- 00.45 Whole Wide World. (Á leiðar-enda) Sannsöguleg mynd sem er byggð á endurminningum rithöfundarins Novalyne Price. Þegar hún var við kennslustörf í Texas árið 1930 kynntist hún ungum spennusagnahöfundum, Robert Howard að nafni, sem var þekktur fyrir sögur sínar af Conan villimanni. Hún varð ástfangin af honum en hann átti í erfiðleikum með að tjá tilfinningar sínar í hennar garð. Hún reyndi samt að komast að því hvað bjó innra með þessari viðkvæmu sál. Rómantísk og harmþrungin mynd sem ætti ekki að láta neinn ósnortinn. *Aðalhlutverk: Vincent D'Onofrio, Reneé Zellweger.*
- 02.35 Thicker than Blood. (Rennur blóðið til skyldunnar) Griffin Byrne frestar lögræðinami sínu um eitt ár til þess að kenna í skóla fyrir börn sem minna mega sín í þjóðfélaginu. Griffin kynntist ungum strák, Lee Cortez, sem hefur greinilega mikla listræna hæfileika. En það er hægarasagt en gert að virkja hæfileika þiltsins og það er margt sem getur varpað skugga á framtíð hans. Myndin er byggð á verðlaunaleikriti Bills Cains sem fjallar um sanna atburði. *Aðalhlutverk: Dan Futterman, Mickey Rourke, Carlo Alban.*
- 04.10 Ísland í dag
- 04.35 Tónlistarmyndbönd

- 08.00 Barnatími Stöðvar 2
- 10.30 Dragonheart 2. (Drekahjarta 2) Hörkuspenningandi ævintýramynd fyrir alla fjölskylduna. Hinn unga Geoff dreymir um að verða riddari. Besti félagi hans er dreki og með hann við hlið sína er Geoff allir vegir færir. Illmennid Osric gírnist drekan og ætlar að klöfesta hann með öllum ráðum. Svo fer að Geoff uppgötvar að margt er dýrmætara en hans eigin draumar. *Aðalhlutverk: Christopher Masterson, Harry Van Gorkem, Robby Benson.*
- 11.50 Bold and the Beautiful
- 13.10 60 Minutes (e)
- 13.55 Saga HM. (Fifa World Cup Film Collection) Rakín er saga heimsmeistarakeppinnar í knattspyrnu frá 1954 til 1990. Í þessum þætti er fylgst með keppinni í Englandi árið 1966. Heimamenn þóttu líklegir til afreka en í liði þeirra voru kappar eins og Bobby Charlton, Bobby Moore og Geoff Hurst.
- 15.35 Mysterious Island. (Undraeyjan) Fjörir menn flýja úr fangelsi og um borð í loftþelg en vonir þeirra um frelsi rættast ekki. Þeir lenda á eyðieyju í Suðurhögum þar sem þeir þurfa að leggja sig alla fram til að halda lífi og komast heilir heim á ný. *Aðalhlutverk: Michael Craig, Michael Callan, Joan Greenwood.*
- 17.10 Best í bítið
- 17.40 Oprah Winfrey
- 18.30 Fréttir
- 18.55 Lottó
- 19.00 Ísland í dag
- 19.30 Dharma & Greg (12:24)
- 20.00 Friends (18:24)
- 20.30 Woman on Top. (Konan ofaná) Rómantísk gamanmynd. Isabella er skapheit, brasilísk fegurðardís. Hún er meistarakokkur og rekur veitingahús

Særingarmaðurinn

Særingarmaðurinn, eða The Exorcist, er heimsfræg spennumynd frá árinu 1973 sem Stöð 2 sýnir kl. 22:30 á föstudagskvöld. Aðalsöguleg mynd er 12 ára stúlka sem haldin er illum anda. Myndin var tilnefnd til tíu Óskarsverðlauna og fékk tvö. Aðalhlutverk leika Ellen Burstyn, Max von Sydow, Lee J. Cobb og Linda Blair.



með eiginmanni sínum, Toninho. Hann reyntist henni ótrúur og þá flytur hún til vinkonu sinnar í San Francisco. Þar breytir Isabella um lífsstíl en er hún raunverulega búin að gefa Toninho upp á bátinn? *Aðalhlutverk: Penelope Cruz, Murilo Benício, Harold Perrineau Jr..*

22.05 Bedazzled. (Heillaður) Elliot Richards lætur lítið fyrir sér fara og hefur ekki látið mikið að sér kveða hingað til en það á eftir að breytast. Elliot hefur gert samning við sjálfan djöfulinn. Fyrir sálu sína fær hann sjó óskir en þær eru vægast sagt dýru verði keypar. *Aðalhlutverk: Brendan Fraser, Elizabeth Hurley, Frances O'Connor, Miriam Shor.*

23.40 187. Trevor Garfield kennir efnafræði við skóla í New York þar sem ofbeldisseggir leika lausum hala. Einn þeirra ræðst á Trevor og veitir honum alvarlegt stungusár. Honum er nóg boðið, hættir störfum í skólanum og flyst til Los Angeles. Fljótlegra er Trevor aftur farinn að kenna en nýju nemendum eru ekkert skárrí en þeir gömlu. Nú ætlar Trevor ekki að láta vaða yfir sig. *Aðalhlutverk: Samuel L. Jackson, John Heard, Kelly Rowan, Clifton Gonzalez, Gonzalez, Tony Plana.*

01.35 The Money Pit. (Peningaháttin) Walter og Anna hafa fundið draumahúsið en fúða sig á því hversu lágt kaupverðið er. Þegar þau flytja inn komast þau hins vegar að því að húsið er smám saman að hrynja til grunna. *Aðalhlutverk: Shelley Long, Tom Hanks, Alexander Godunov.*

03.05 Tónlistarmyndbönd



Föstudagur 24. maí

- 18.00 Heklusport
- 18.30 Íþróttir um allan heim
- 19.30 Gillette-sportpakkinn
- 20.00 Leiðin á HM. Myndaflökkur þar sem þáttökuþjóðirnar á HM í sumar eru kynnar til sögunnar. Kastljósinu er beint

Sunnudagur 26. maí

- 08.00 Barnatími Stöðvar 2
- 12.00 Neighbours
- 13.30 60 Minutes II (e)
- 14.20 Mótorsport (e)
- 15.00 Dennis the Menace Strikes Again (Denni demalasi snýr aftur) Harðlesid öllum hurðum og tryggid að gluggar séu vel lokaðir. Látið svo nágranna ykkar vita að Denni sé kominn aftur! Óþekktar-anginn er samur við sig og ekkert lát er á uppátækjum hans. Johnson afi er nú fluttur í bæinn og ekki minnkar það áhyggjur herra Wilsons í næsta hluta. *Aðalhlutverk: Justin Cooper, Don Rickles, George Kennedy.*
- 16.25 The Simpsons (21:21) (e)
- 16.50 Sjálfstætt fólk (e)
- 17.15 Oprah Winfrey
- 18.30 Fréttir
- 19.00 Ísland í dag
- 19.30 The Education of Max Bickford
- 20.20 Sjálfstætt fólk. Hinn ástsæli sjónvarpsmaður, Jón Ársæll Þórðarson, heldur áfram að kynna okkur áhugaverða samborgara í nýjum myndaflökkum sem er vikulega á dagskrá. Jón Ársæll heimsækir konur og karla á öllum aldri og kynnir landsmönnum nýja hlið á þeim sem eru í eldflinnumi.
- 20.50 O, Brother, Where Art Thou? (Hvar ertu bróðir?) Drepyndin glæpamynd sem gerist á fyrri hluta síðustu aldar. Þrjú tarmir Everett, Pete og Delmar flýja úr fangelsi. Félagarnir sátu inni fyrir rán og ætla nú að vitja peninganna

Sportíð

..... e beinni

Ríkissjónvarpið

Laugardagur 25. maí kl. 10:50
Formúla 1: Sýnt beint frá tímatökunni í Mónakó.
Sunnudagur 26. maí kl. 11:30
Formúla 1: Sýnt beint frá kappakstrinum í Mónakó.

Sýn

Föstudagur 24. maí kl. 19:00
Símadeildin: KR – ÍA
Föstudagur 24. maí kl. 01:00
NBA: Los Angeles Lakers – Sacramento Kings
Sunnudagur 26. maí kl. 21:30
NBA; Los Angeles Lakers – Sacramento Kings

O, Brother, Where Art Thou?

Hvar ertu bróðir?, eða *O, Brother, Where Art Thou?*, er drepfyndin glæpamynd sem gerist á fyrri hluta síðustu aldar og Stöð 2 sýnir kl. 20:50 á sunnudagskvöld. Þrjú tamarir Everett, Pete og Delmar flýja úr fangelsi. Félagarnir sátu inni fyrir rán og ætla nú að vitja peninganna sem þeir náðu sér í með ólögmaætum hætti á sínum tíma. En margt fer öðruvísi en ætlað er og tukthúslímirnir lenda í ótrúlegustu raunum utan múrana. Aðalhlutverk leika George Clooney, John Turturro og Tim Blake.



Það ást við fyrstu sýn og skömmu síðar eru þau komin upp að altarinu. Í brúðkaupinu birtist roskinn maður að nafni Julius og biður um að fá að kyssa brúðina og þá verður Peter ljóst að hann veit harla lítil deili á þessari ungu eiginkonu sinni. Aðalhlutverk: Alec Baldwin, Meg Ryan, Kathy Bates, Ned Beatty.

22.45 Hnefaleikar - Felix Trinidad. Útsending frá hnefaleikakeppni í Þúertórikó. Á meðal þeirra sem mættust voru millivigtarkapparnir Felix Trinidad og Hacinne Cheriñi.

01.50 While the Cat's Away 2. Erótísk kvikmynd.

03.10 Dagskrárlok og skjáleikur
Sunnudagur 26. maí

16.20 Saga HM. (Ítalía) Rakin er saga heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu frá 1954 til 1990. Í lokþættinum er fylgst með keppninni á Ítalíu árið 1990. Argentínumenn áttu titil að verja en fengu harða mótspyrnu frá nokkrum Evrópuþjóðum.

18.00 Golfmót í Bandaríkjunum

19.00 Party in the Park. Upptaka frá sumartónleikum í London. Á meðal þeirra sem koma fram eru Tom Jones, Ronan Keating, Geri Halliwell, Ricky Martin og Destiny's Child.

21.00 NBA. Bein útsending.

00.05 Original Gangstas. (Glæponar) Spennumynd um hatrómm áttók í önefndum bæ í Indiana í Bandaríkjunum. Höpur óþokka lætur dólglega og framkoma hans endar með skelfingu. Sonur búðareiganda er myrtur og þá er íbúnum nóg boðið. Nokkrir þeirra taka lögín í sínar hendur og sýna óþokkunum í tvo heimana. Aðalhlutverk: Fred Williamson, Jim Brown, Pam Grier, Paul Winfield, Isabel Sanford.

01.40 Dagskrárlok og skjáleikur



SKJAREINN

Föstudagur 24. maí

16.30 Muzik.is

17.30 Two Guys and a Girl (e)

18.00 Everybody Loves Raymond (e)

18.30 Yes, Dear (e)

19.00 Powerplay (e)

19.30 Powerplay (e)

20:00 Jackass. Allir þekjka æringjann Johnny Knoxville sem safnar myndum af ofurhugum í vandræðum og öðru fólki í óheppilegum aðstæðum. Fólki er ráðlagt að reyna ekki að leika vitleysuna eftir.

20.30 Bob Patterson. Landau fær Jules Asner skemmtifrítamenn til að gera þátt um fjölskyldu Bob. Það er vægast sagt misráðið því fjölskylda Bob er ekki til fyrirmyndar. Til að hindra það reynir Bob að bera fé í ættingjana.

21:00 Undercover. Kaupsýslumaður ræður leigumörðingja til að myrða glæpamanninn Sonny Walker en hann er nú undir verndarhendi Alríkislögreglunnar.

21.00 Djúpa laugin. Þórey Eva og Júlíus Hafstein koma Íslendingum á stefnumót. Þátturinn er í beinni útsendingu.

22:00 Ungfrú Ísland (í beinni)

00:00 Malcolm in the middle (e)

00.30 Will & Grace (e)

01.00 CSI (e)

01.50 Law & Order SVU (e)

02.40 Jay Leno (e)

03.20 Muzik.is

03.00 Östöðvandi tónlist

Laugardagur 25. maí

12.30 48 Hours (e)

13.30 Law & Order (e)

14.30 Jay Leno (e)

15.30 Djúpa laugin (e)

16.30 Survivor IV (e)

17.30 Fólk (e)

18.30 Undercover (e)

19.30 Two Guys and Girl (e)

20.00 Powerplay. Bandarísk þáttaröð um Brett Parker er flytur aftur til heimabæjar síns til að stjórna hokkíliði. Brett fær yfirvöld til að leyfa einum leikmanni Fíladelfíu að keppa svo hann geti tekið á móti Maplethorpe. Faðir Rayanne Simpson deyr en Mark spilar hokkí frekar en að vera með henni.

21:00 Íslendingar. Lokabáttur

22:00 Total Recall. Kanadísk spennuþáttaröð um lögreglumenn á áttunda áratug 21. aldarinnar CPB rannsakar undarlega eyðileggingu vélmennis. Farve og Hume finna tvo valdamikla menn sem græða á eyðileggingu vélmennisins. Meðan þeir rannsaka málið eyðileggjast fleiri vélmennir.

22.50 Ladies Man (e)

23.20 Profiler (e)

00.10 Tvöfaldur Jay Leno (e)

02.20 Muzik.is
Sunnudagur 26. maí

12.30 Silfur Egils

14.00 Mótör (e)

14.30 Boston Public (e)

15.30 The Practice (e)

16.30 Innlit-Útlit (e)

17.30 Providence (e)

18.30 Bob Patters (e)

19.00 Jackass (e)

19.30 Yes, dear (e)

20:00 Ladies Man. Stöðugt er verið að trufla Jimmy og hann heimtar að enginn trufla hann frá 9 til 5. En hann verður ákaflega einmana fyrir viknið.

20.30 Will & Grace. Stan er handtekinn fyrir skattsvik. Grace og Karen heimsækja hann í fangelsi. Grace er

staðráðin í að hugga Karen og flytur inn til hennar en verður bráðlega háð þjónum, heitum pottum og kampavíni. Will þarf að fara í sjónvarpsviðtöl sem lögfræðingur Stan þannig að Jack sendir hann á leiklistarnámskeið.

21.00 The Practice. Bandarísk þáttaröð um líf og störf verjenda. Ellenor vonast enn til að geta frestað aftöku Donovan. Rebecca reynir að hindra að hjónaband komu með Alzheimer verði lýst ógilt en málin flækjast er kemur í ljós að fyrri eiginmaður hennar dó á grunsamlegan hátt.

21.45 Silfur Egils (e)

23.30 Íslendingar (e)

00.30 Survivor IV (e)

01.20 Muzik.is

02.00 Östöðvandi tónlist



ÍSAFJARÐARBÆR

ÚTBOÐ – GATNAGERÐ Á FLATEYRI, 2. ÁFANGI

Tæknideild Ísafjarðarbæjar óskar eftir tilboðum í endurbyggingu gatna og lagna á Flateyri. Um er að ræða jarðvegsskipti og lagnir ásamt yfirborðsfrágangi. Allar götur skal fullgera með klæðningu, kantsteinum og gangstéttum.

Helstu magntölur:

Uppúrtekt	3.650m ³
Fylling	2.100m ³
Lagnaskurðir	400m
Holræsalagnir ø150	100m
Holræsalagnir ø250	300m
Klæðning	17.140m ²
Kantsteinar	1.430m
Hellulagðar gangstéttar	2.420m ²

Útboðsgögn verða seld á bæjarskrifstofu frá og með fimmtudeginum 23. maí nk. á kr. 7.500.- einstakið.

Tilboð verða opnuð á tæknideild þriðjudaginn 4. júní 2001 á kl. 11:00.

Tæknideild Ísafjarðarbæjar

Timbursala

Starfsmann vantar í timbursölu okkar á Ísafirði. Þarf að hafa mikla þjónustulund og geta unnið sjálfstætt. Æskilegt er að viðkomandi hafi einhverja þekkingu á timbri.

Upplýsingar gefur rekstrarstjóri í síma 894 4046 og 456 4644 eða í verslun okkar að Mjallargötu 1, Ísafirði.

Húsasmiðjan hf. Ísafirði.

Þakkir

Hjartans þakkir til barna minna, tengdabarna, barnabarna, barnabarnabarna, frændfólks og vina sem glöddu mig á 80 ára afmæli mínu. Lifið heil.

Helga Kristjánsdóttir, Hlíf 2, Ísafirði.

Hvað er að ske? Á helginni

23. maí - 27. maí



Snillingurinn Jimmy Neutron

Glæný teiknimynd um ævintýri Jimmy og félaga með íslensku tali sunnudag kl. 3 og 5

Spennuhelgi í bíó

2 metaðsóknarmyndir um helgina



fimmtudag kl 9
föstudag kl 9
bönnuð innan 16



sunnudag kl 9
mánudag kl 9
bönnuð innan 16

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

netið

Hver eru uppáhalds bókamerkin þín á Netinu? Guðjón Þorsteinsson, framkvæmdastjóri á Ísafirði svarar:

„Ég byrja alltaf á því að fara á **kfi.is**. Síðan fer ég á **bb.is** og les þar allt sem hægt er að



lesa. „Frétta“ síðan **bagga.lutur.is** er í miklu uppáhaldi hjá mér og þangað fer ég til að fá bros á andlit. Á **amazon.com** kaupi ég mikið af bókum og geisladiskum, en síðustu vikurnar hef ég líka verið duglegur að lesa heimasíður stjórnmálaflokkanna til að sjá hvað þeir hafa að segja. Svo fer ég að sjálf-sögðu oft inn á vefi tengda hand-, körfu- og fótbolta eins og **gras.is** og **teamtalk.com**.“

fréttir

Umhverfismál í brennidepli

Þriðji af fjórum sameiginlegum hverfafundum framboðanna sex sem nú berjast um atkvæði íbúa Ísafjarðarbæjar, var haldinn á Þingeyri á þriðjudagskvöld. Er óhætt að segja að Dýrfirðingar hafi verið áhugasamir að heyrna hvað frambjóðendur hefðu fram að færa því fullt var út úr dyrum í félagsheimilinu þar sem fundurinn var haldinn en hann stóð hátt á þriðju klukkustund. Að loknum stuttum framsögu-ræðum frá hverju framboði gátu fundargestir komið með fyrirspurnir til frambjóðenda. Í upphafi fyrirspurnartímans var lagt fram skjal frá Íbúarsamtökunum Átaki á Þingeyri þar sem óskað var svara um ýmis mál. Það kom berlega í ljós á fundinum að Þingeyringar hafa miklar áhyggjur af umhverfismálum á Þingeyri sem þeim finnst hafa setið á hakanum frá sameiningu sveitarfélagsins. Næsti sameiginlegi hverfafundur verður í kvöld í sal Grunn-skólans á Ísafirði.

Þar sem þú ert
- þar erum við

POSTURINN
www.postur.is

Skoðanakönnun BB vegna sveitarstjórnarkosninganna í Bolungarvík

Bæjarmálaafélagið vinnur mann af Sjálfstæðisflokkki

Bæjarmálaafélag Bolungarvíkur fær fjóra menn kjörna en Sjálfstæðisflokkurinn þrjá, ef marka má skoðanakönnun Bæjarins besta sem fram fór miðvikudaginn 15. maí.

Hringt var af handhöfni eftir símanúmeraskrá Bolungarvíkur. Alls voru 100 manns eða liðlega 15% af þeim fjölda sem er á kjörskrá í Bolungarvík spurðir hvorn listann þeir ætluðu að kjósa. Hlutfallslega mun færri voru óákveðnir en í könnuninni sem gerð var sama dag í Ísafjarðarbæ, enda eru línurnar í Bolungarvík mun hreinni þar sem aðeins eru

tveir listar í kjöri þar en sex í Ísafjarðarbæ.

Niðurstöður könnunarinnar voru þær, að 36% sögðust ætla að kjósa K-lista Bæjarmálafélags Bolungarvíkur en 26% sögðust ætla að kjósa D-lista Sjálfstæðisflokksins. 28% kváðust óákveðnir og 10% neituðu að svara. Ef aðeins eru teknir þeir sem afstöðu tóku fengi K-listinn 58,1% en D-listinn 41,9%. Gangi könnunin eftir verða eftirtaldir einstaklingar í næstu bæjarstjórn í Bolungarvík: Af K-lista, Bergur Karlsson, Soffía Vagnsdóttir, Ketill Elíasson



og Krístrún Hermannsdóttir. Af D-lista, Elías Jónatansson, Daðey S. Einarsdóttir og Ragna J. Magnúsdóttir.

Við kosningarnar fyrir fjórum árum voru einnig tveir listar í Bolungarvík. Þá fékk R-listinn (Víkurlistinn) 255 at-

kvæði og þrjá menn en D-listinn (Sjálfstæðisflokkur) 292 atkvæði og fjóra menn. Kjörsókn var þá 77,5%.



Maritol komið til San Francisco

Skrifstofuskipið Maritol, áður Fagranes, kom til hafnarar í San Francisco á vesturströnd Bandaríkjanna á fimmtudag í síðustu viku. Hafði skipið þá verið á leiðinni í tæpa tvo mánuði, en stoppa þurfti meðal annars á Nýfundnalandi og í Panama. Á heildina lítið gekk ferðin ágætlega hjá Fagranesinu gamla og fimm manna áhöfn þess, en flestir áhafnameðlimir héldu aftur til Íslands í gær. Skipið mun verða notað undir skrifstofur og sem arkitektastofa í sinni nýju heimahöfn. Endrum og eins verða landfestar þó leystar og skipinu siglt út fyrir Golden Gate brúna og jafnvel alla leið til Hawaii.



Fyrsta skemmtiferðaskip sumarsins kemur á föstudag

Um 400 manns hafa bókað að sig í skoðunarferðir

Fyrsta skemmtiferðaskip sumarsins, Black Prince, kemur til Ísafjarðar kl. 8 á föstudagsmorgun. Um 450 farþegar eru um borð og hafa flest allir þeirra þegar bókað sig í skoðunar- og skemmtiferðir um Ísafjarðarbæ og næsta nágrenni á meðan dvöl skipsins stendur.

Black Prince fylgir 300 manna áhöfn, en skipið er

svipað að stærð og þau sem hafa heimsótt Ísafjörð undanfarin ár. Sigríður Ó. Kristjánsdóttir hjá Vesturferðum segir að flestir farþegar skipsins hafi bókað sig í skoðunarferð um Ísafjörð og Önundarfjörð sem nefnist „Mountains and fjords“, en einnig séu aðrar ferðir vinsælar meðal ferðalanganna og nefnir hún sem dæmi að um 140 þeirra hafa

bókað sig í Vigurferð þennan dag.

Sjö skemmtiferðaskip heimsóttu Ísafjörð síðasta sumar en í ár er munu þau verða töluvert fleiri því ellefu skemmtiferðaskip hafa boðað komu sína með samtals um fimm þúsund farþega innborðs. Í júní koma tvö skip, fimm í júlí og í ágúst eru þrjú skemmtiferðaskip væntanleg.

HVER ÞJÓNAR þínu öryggi?

Það er fátt eins mikilvægt í lífinu og öryggi. Þess vegna áttu rétt á að fá örugga lífeyrni og fyrsta flokks þjónustu þegar tryggingarnú þín eru ánnars vegar. Komdu eða hafðu samband, við gerum alltaf okkar besta.

TRYGGINGA-MIÐSTÖÐIN HF
- þegar lífið á reynist -

Hafnarstræti 7 • 460 Ísafjörður
Sími 450 5200 • www.tmfhf.is

Mikið úrval af SONY og AIWA

Lítið við og kynnið ykkur frábær tilboð

Nýir diskar daglega Margt smátt gerir eitt stórt

FLUMMND

Neista - sími 456 4853

Föt fyrir börn á öllum aldri

KIDS-UP

LEGGUR OG SKEL
Ljósinn, Skel, sími 456 4070

STJÖRNUBÍLAR

DJAMMFERÐIR — ÓVISSUFERÐIR — FJÖLSKYLDUFERÐIR

Setjum X við STJÖRNUBÍLA

Ferðumst ódýrt

TAXI SÍMI 456 3418 — HÖPFERDIR SÍMI 852 2414